FRÉTTABLAÐIÐ

253. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MIÐVIKUDAGUR 30. OKTÓBER 2019

Íslenska tónlistarkonan Gyða Valtýsdóttir hlaut tónlistarverðlaun Norðurlandaráðs sem veitt voru við hátíðlega athöfn í Stokkhólmi í gær. Þrettán tónlistarmenn og -konur voru tilnefnd til verðlaunanna. Gyða flutti afar fallega þakkarræðu þar sem hún þakkaði fjölskyldu sinni, tvíburasystur og vinum stuðninginn og móður sinni skilyrðislausa ást. MYND/NORÐURLANDARÁÐ

Virði banka aukist um tugi milljarða

Afnám bankaskattsins getur aukið söluvirði eignarhlutar ríkisins í Íslandsbanka og Landsbankans um rúmlega 70 milljarða samkvæmt greiningu Bankasýslu ríkisins. Lækkun útlánavaxta og útlánaaukning í bankakerfinu geti vegið upp tekjutap ríkissjóðs.

VIÐSKIPTI Afnám sérstaks bankaskatts, sem lagður er á íslensku bankana, myndi auka söluvirðið sem ríkissjóður getur búist við að fá fyrir Landsbankann og Íslandsbanka um rúmlega 70 milljarða króna. Þetta kemur fram í greiningu Bankasýslu ríkisins sem kynnt var á fundi efnahags- og viðskiptanefndar í síðustu viku en þar var jafnframt dregið fram að lækkun skatthlutfallsins niður í 0,145 prósent, eins og frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra kveður á um, myndi auka söluvirðið um 44 milljarða króna.

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur lagt fram frumvarp sem festir í lög þær fyrirætlanir stjórnvalda að bankaskattur lækki í fjórum jöfnum áföngum, úr 0,376 prósentum í 0,145 prósent, á árunum 2021 til 2024.

Greining Bankasýslunnar nær

9

milljörðum króna skilaði bankaskatturinn ríkissjóði á síðasta ári.

aðeins yfir tilfærsluna sem verður milli skatttekna ríkissjóðs og þess verðs sem ríkissjóður getur búist við að fá fyrir bankana. Stofnunin bendir hins vegar á að lækkun bankaskattsins hafi víðtækari áhrif. Þannig geti lækkun skattsins stuðlað að lækkun útlánavaxta og útlánaaukningu sem vega upp á móti tekjutapi ríkisins.

„Það þarf hvort tveggja að meta áhrif skattsins á ríkissjóð og raunhagkerfið," segir Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslunnar, í samtali við Markaðinn. „Við höfum bent á mikilvægi þess að fram fari heildstæð endurskoðun á opinberum gjöldum fjármálafyrirtækja, í samræmi við ábendingar starfshóps um Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið," segir Jón Gunnar en í ýtarlegri samanburðargreiningu Bankasýslunnar fyrir starfshópinn kom fram að íslenskir bankar greiða einhver hæstu opinberu gjöld banka á Vesturlöndum.

– þfh / sjá Markaðinn

Fötluðu fólki mismunað

VELFERÐARMÁL Eitt af fyrstu verkefnum sitjandi ríkisstjórnar var að lögfesta notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk, eða NPA. Innleiðingin hefur gengið illa og að sögn Rúnars Björns Herrera Þorkelssonar, formanns NPA miðstöðvarinnar, eru launataxtar aðstoðarfólks ekki samræmdir, deilt er um gildissvið og fatlaðir eru ekki með í ráðum varðandi útfærslur þjónustunnar.

– khg / sjá síðu 6

Kannar allar greiðslur frá Upphafi

VIÐSKIPTI Ráðgjafarfyrirtækið Grant Thornton, sem stjórn GAMMA réð til að gera úttekt á Upphafi og fagfjárfestasjóðnum Novus, mun gera ítarlega greiningu á öllum þeim greiðslum sem greiddar voru af bankareikningum Upphafs og dótturfélaga þess allt frá því að fasteignafélagið tók til starfa.

Sú vinna Grant Thornton miðar að því að ganga úr skugga um réttmæti þeirra greiðslna sem runnu frá Upphafi og keyra þær saman við samninga fasteignafélagsins við hina ýmsu aðila, meðal annars verktaka og ráðgjafa, sem hafa komið að verkefnum fyrir Upphaf á síðustu árum. **– hae / sjá Markaðinn**

Veður



Suðvestan 8-15 m/s NV-til, en annars hægari. Rigning eða súld á köflum, en þurrt að kalla á A-verðu landinu. Hiti víða 2 til 7 stig.
SJÁ SÍÐU 16

DV braut siðareglur

FJÖLMIÐLAR Siðanefnd Blaðamannafélagsins úrskurðaði í gær að ritstjóri DV, Lilja Katrín Gunnarsdóttir, hefði brotið gegn 3. og 4. grein siðareglna félagsins sem ábyrgðarmaður og er brotið talið alvarlegt. Er það vegna umfjöllunar sem birt var 19. júlí síðastliðinn um mann sem var dæmdur fyrir morð og afplánaði á áfangaheimilinu Vernd. Blaðamaðurinn Ágúst Borgþór Sverrisson, sem skrifaði umfjöllunina, var ekki talinn hafa brotið siðareglur.

Afstaða, félag fanga og áhugafólks um bætt fangelsismál, kærði bæði ritstjóra og blaðamann fyrir hönd fanga.

Afstaða, félag fanga og áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun, kærði bæði ritstjóra og blaðamann fyrir hönd fangans þann 30. júlí og var málið tekið fyrir hjá nefndinni þann 15. ágúst.

Taldi fanginn sig hafa ítrekað verið umfjöllunarefni frétta hjá DV og vísaði í fjórar fréttir sem fjölluðu um afplánun hans og fríðindi. Fréttin sem kærð var bar fyrirsögnina „Dæmdur morðingi en lifir að miklu leyti eins og frjáls maður“. Gerði hann sex athugasemdir við inntak og framsetningu hennar, þar á meðal upplýsingar um heimilisfang móður og fötlun bróður.

Í andsvörum vísuðu hin kærðu til almannahagsmuna og að blaðinu hefðu borist fjölmargar ábendingar um að umræddur fangi hefði sést utan fangelsisins. Með umfjölluninni hefðu ólíkir afplánunarhættir verið settir í samhengi við betrunarsjónarmið. – **khg**

Hús íslenskra fræða rís

Rúm ellefu ár eru liðin frá því að tillaga um byggingu Húss íslenskra fræða við Háskóla Íslands var samþykkt og kynnt almenningi. Framkvæmdir við bygginguna hafa dregist verulega og hafði framkvæmdin hlotið viðurnefnið „Hola íslenskra fræða“. Í september hófust framkvæmdir við bygginguna að nýju og hefur nú verið fyllt upp í holuna með steypu. Segja má að Hús íslenskra fræða sé að rísa úr holunni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Greta afþakkaði verðlaunin

NORÐURLÖND Verðlaun Norðurlandaráðs voru veitt við hátíðlega athöfn í tónlistarhúsinu í Stokkhólmi í gær. Gyða Valtýsdóttir hlaut tónlistarverðlaunin í ár, Kvikmyndaverðlaunin fóru til Danmerkur, barna- og unglingabókmenntaverðlaunin hlaut Kristin Roskifte frá Noregi og Daninn Jonas Eika hlaut bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir bók sína Efter solen.

Greta Thunberg frá Svíþjóð hlaut umhverfisverðlaun Norðurlandaráðs við mikil fagnaðarlæti viðstaddra en Greta var ekki viðstödd afhendinguna þar sem hún er stödd í Bandaríkjunum. Í hennar stað mættu tvær ungar konur sem tekið hafa þátt í skólaverkfallinu sem Greta kom af stað. Þær fluttu ræðu sem endaði á því að þær sögðu Gretu afþakka verðlaunin vegna þess að stjórnvöld á Norðurlöndunum geri ekki nóg til þess að vinna gegn hamfarahlýnun. – **bdj**

Íbúar Okinawa segja líka „þetta reddast“

Forstjóri fyrirtækis á eldfjallaeyjunni Okinawa segir Ísland kjörið til að kynna aldagamlan drykk fyrir Vesturlandabúum. Íslendingur sem hefur unnið að markaðssetningu segir eyþjóðirnar eiga margt sameiginlegt.

VIÐSKIPTI „Fjöldi og samsetning ferðamanna, menningin og fjöldi góðra veitingastaða gerir það að verkum að Ísland er fullkominn staður til að prófa vöru sem hefur aldrei komið fyrir augu Vesturlandabúa,“ segir Hiroumi Keimatsu, forstjóri Ruyukyu 1429.

Undanfarið hefur hann, með hjálp Einars Arnar Sigurdórssonar hjá nýsköpunarfyrirtækinu Quiver, unnið að því að koma awamori á markað í Evrópu, og var fyrsta skrefið að flytja það inn til Íslands. Um er að ræða hrísgrjónabrennivín frá japönsku eldfjallaeyjunni Okinawa. Er það nú selt á nokkrum veitingastöðum í Reykjavík og hafa barþjónar verið fengnir til að útbúa kokteila úr þessu framandi hráefni.

„Það sem gerir þetta spennandi er að þetta er ekki nýr vodki eða nýtt gin, þetta er glænýtt hráefni,“ segir Einar Örn.

Það má segja að awamori sé eins og eimað sake. Það er erfitt að útskýra bragðið, það er sætt, með dálitlum keim af sveppum og hnetum. „Þetta er elsti eimaði drykkur í Japan, með 600 ára sögu,“ segir Hiroumi. Þess má geta að á öldum áður var það hlutverk karate-meistara að gæta framleiðslunnar.

Awamori hefur aldrei áður verið markaðssett utan Asíu. Það þurfti því að byrja á ákveðnum byrjunarreit. „Það þarf að hanna sérstaka flösku, eitthvað einkennandi. Svo að finna nafn sem Vesturlandabúar skilja og einhvers konar markaðssetningu til að fá fólk til að smakka,“ segir Hiroumi. Hefur Einar Örn stýrt þeirri vinnu. Nafnið vísar til konungdæmisins á Okinawa þegar awamori var fyrst eimað og ártalið til sameiningar eyjunnar.

Hiroumi Keimatsu, forstjóri Ruyukyu, segir awamori hafa fengið góðar viðtökur hér og hugar nú að öðrum Evrópulöndum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Það er mjög gefandi að vinna með Japönum. Þeir vanda sig mjög vel og hugsa hlutina langt inn í framtíðina, þetta er allt önnur hugsun en á Íslandi og í Bandaríkjunum.

Einar Örn Sigurdórsson, hjá Quiver

Einar Örn er einnig að vinna að fleiri verkefnum tengdum Okinawa. Það er ekki á hverjum degi sem Íslendingur er fenginn í slík verkefni. „Það var í raun bara tengslanetið sem skilaði mér þangað. Nú er ég að vinna með ferðamálaráði eyjunnar að markaðssetningu,“ segir Einar Örn.

Okinawa er rúmlega einn þriðji af stærð Íslands með um tvær milljónir íbúa. „Það er mjög gefandi að vinna með Japönum. Þeir vanda sig mjög vel og hugsa hlutina langt inn í framtíðina, þetta er allt önnur hugsun en á Íslandi og í Bandaríkjunum.“

Einar Örn segir þá eiga þó sameiginleg einkenni með öðrum eyjarskeggjum. „Íbúar Okinawa eiga sérstakt orðatiltæki sem er ekki hægt að þýða öðruvísi en „þetta reddast“.“ **arib@frettabladid.is**

DEWALT Á HEIMA HJÁ SINDRA...

HÖRKUTÓL Á TILBOÐI

EINUNGIS ÞESSA VIKU

TILBOÐ

GIPS SKRÚFVÉL 18V XR

18V XR Li-Ion Kolalaus gips skrúfvél skilar meiri afköstum.
Með hraðskiptingarmagasíni er hægt að taka við skrúfubeltum frá flestum framleiðendum sem gefur notenda meira svigrúm og hraða.

vnr 94DCF620D2K

55.267 m/vsk

Fullt verð 73.689

TILBOÐ

SLÍPIROKKUR 18V

Kolalaus mótor
Snúningshraði 9.000 sn/mín
Skífustærð: 125 mm
Rafhlöðugerð: 18V

vnr 94DCG405N

29.951 m/vsk

Fullt verð 39.934

TILBOÐ

VELTISÖG

Afl: 2000 Wött
Blaðastærð: 250mm
Þyngd: 37 Kg

vnr 94DW743

99.500 m/vsk

Fullt verð 119.789

KAUPAUKI
ÞRJÚ AUKA BLÖÐ
Í KAUPBÆTI

TILBOÐ

SLÍPIROKKUR 18V FLATUR

Kolalaus mótor
Snúningshraði 9.000 sn/mín
Skífustærð: 125 mm
Rafhlöðugerð: 18V

vnr 94DCG405FN

30.148 m/vsk

Fullt verð 40.197

TILBOÐ

SEXVÉLA SETT

Skemtilegt 18v sett í þremur töskum. S ettið inniheldur:
Fjölnota sög, Hjólsög, Slípirokk, Borvél, SDS + Borvél, Skrúfvél, Hleðslutæki,
3x Rafhlöður 18v 5Ah

vnr 94DCK654P3T

167.000 m/vsk

Fullt verð 197.716

TILBOÐ

FJÖLNOTASÖG 18 VOLT

Frábær fjölnotasög
Fljótvirk blaðaskipting & stilling, engin þörf á sexkants Lykli
Þægilegt handfang
Stiglaus rofi 0-20.000 OPM

vnr 94DCS355D2

52.957 m/vsk

Fullt verð 70.610

TILBOÐ

SVERÐSÖG 18V

Ný kynslóð kolalaus mótor
Mun lengri ending í notkun á rafhlöðu
4 Stillingar á blaði
Nett sög, tekur ekki mikið pláss.

vnr 94DCS367N

29.354 m/vsk

Fullt verð 39.138

TILBOÐ

HERSLUVÉL OG BORVÉL 10,8V

Borvél og Hersluvél 10,8V frá DeWALT eru léttar og nettar vélar sem koma saman í setti með tösku. Borvél er tveggja gíra borvél og hersluvélin er með 3 LED ljósum að framan til að auka sýnileika án þess að varpa skugga.

vnr 94DCK211D2T

41.339 m/vsk

Fullt verð 59.056

TILBOÐ

STINGSÖG 18V

Hraðastýring á snúningstakka
Ljós og öflugt rykafsog tengt við ryksugu.

vnr 94DCS335N

33.510 m/vsk

Fullt verð 44.680

KAUPAUKI
STINGSAGABLÖÐ
Í KAUPBÆTI

TILBOÐ

HERSLULYKILL 18V 1/2”

Snúningshraði 0-900/0-2000 sn/mín.
3100 högg á mínútu.
Hersla: 447 Nm.

vnr 94DCF894N

37.446 m/vsk

Fullt verð 49.928

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

1 Ummæli biskups um siðrof þjóðarinnar falla í grýttan jarðveg Einungis þriðjungur ber mikið traust til þjóðkirkjunnar og nítján prósent eru ánægð með störf biskupsins.

2 Skólasaga nemenda á Íslandi gæti horfið Sérfræðingur hjá Gagnaþjónustu Reykjavíkurborgar segir erfitt að varðveita gögnin.

3 Lögreglan ítrekar aðvaranir Veðurstofu Íslands Búast mátti við frostrigningu á Suðurlandi, sérstaklega á vegum austan Hellisheiðar að Hvolsvelli og í uppsveitum.

4 Lést í kjölfar sprengingar í kynjaveislu Atvikið átti sér stað í Knoxville í Iowa.

5 Fyrrverandi forstjóri Matís ákærður eftir umdeildar sláturaðferðir Sveini var sagt upp störfum í desember síðastliðnum vegna „trúnaðarbrests“.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

Þúsund tonna fiskkvóti fer úr Grímsey

SJÁVARÚTVEGUR Samkeppniseftirlitið hefur ákveðið að ekki sé ástæða til að aðhafast neitt vegna kaupa Ramma hf., sem vinnur rækju á Siglufirði og fisk í Þorlákshöfn, á öllu hlutafé í Sigurbirni hf., í Grímsey. Aflaheimildir Sigurbjörns eru um 1.000 þorskígildistonn og hafa um níu manns starfað hjá fyrirtækinu að jafnaði. Tilkynnt var um kaupin, með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins, um miðjan mánuð og varð það tilefni til umræðu um framtíð byggðar í eynni.

Grímsey hefur um nokkurra ára skeið tekið þátt í verkefni Byggðastofnunar um brothættar byggðir, en sjávarútvegur er grundvöllur búsetu og aðalatvinnuvegur Grímseyinga, eins og fram kemur á vef Byggðastofnunar. – jþ

Rétturinn til að gleymast varð til árið 2014 vegna aukins aðgangs að upplýsingum með tilkomu veraldarvefsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Nöfn dómþola verða afmáð úr dómum ári eftir birtingu

Dómstólasýslan hefur birt reglur fyrir öll dómstigin um birtingu dómsúrlausna á vefsíðum dómstólanna og hafa þær verið samræmdar. Dómþolar og aðilar einkamála geta óskað eftir nafnleynd ári eftir að dómur hefur verið birtur. Í nokkrum málaflokkum verða aðeins birtir dómar efri dómstiga.

DÓMSMÁL Nöfn þeirra sem hlotið hafa dóm fyrir refsivert brot verða afmáð úr dómum á vefsíðum dómstólanna einu ári eftir birtingu, sé þess óskað. Kveðið er á um þetta í nýjum reglum sem Dómstólasýslan hefur sett um birtingu dóma og úrskurða á vefsíðum íslenskra dómstóla. Reglan gildir einnig um aðila einkamáls sem óska nafnleyndar og tekur til bæði einstaklinga og lögaðila eftir atvikum.

„Þessi regla var þegar í gildi fyrir héraðsdómstólana en gildir nú fyrir öll dómstigin,“ segir Benedikt Bogason, formaður stjórnar dómstólasýslunnar. Hann segir að helsta breytingin sé fólgin í því að nú gildi samræmdar reglur fyrir öll dómstigin og hver og einn dómstóll beri ábyrgð á því að reglunum sé fylgt.

Unnið hefur verið að breyttu fyrirkomulagi um birtingu dóma um nokkurt skeið, ekki síst vegna sjónarmiða um persónuvernd og friðhelgi einkalífs. Skiptar skoðanir um málið komu meðal annars fram á málþingi Dómstólasýslunnar síðasta haust. Í erindi Ingibjargar Þorsteinsdóttur, formanns Dómarafélags Íslands, kom meðal annars fram að takmarkanir á birtingu dóma gætu komið illa við almenning, með vísan til aukins vantrausts til dómstólanna, ekki síst í kynferðisbrotamálum. Ingibjörg lýsti einnig efasemdum um nafnleynd þeirra sem sakfelldir eru fyrir refsiverð brot. „Ég er nú bara þeirrar skoðunar að nöfn þeirra geti átt erindi við almenning,“ sagði Ingibjörg í erindi sínu.

» Þegar ár er liðið frá birtingu dóms, hvort heldur er í einkamáli eða sakamáli, geta aðilar máls óskað eftir því að nafn þeirra sé afmáð og ber þá að verða við slíkri beiðni.

Í reglunum, sem birtar voru 14. október á vef Dómstólasýslunnar er miðað við að nafnleyndar sé gætt í dómsúrlausnum. Ákærði er þó nafngreindur ef hann er sakfelldur nema hann sé undir átján ára aldri eða nafnbirting hans sé andstæð hagsmunum brotaþola eða annarra vitna. Í einkamálum eru nöfn aðila birt nema sérstök ástæða sé til nafnleyndar til dæmis vegna viðkvæmra persónulegra mála.

Þegar ár er liðið frá birtingu dóms, hvort heldur er í einkamáli eða sakamáli, geta aðilar máls óskað eftir því að nafn þeirra sé afmáð og ber þá að verða við slíkri beiðni.

Í reglunum eru taldar nokkrar tegundir dómsúrlausna sem ekki eru birtar á vef héraðsdómstólanna, svo sem úrskurði og dóma í barnaverndarmálum, forræðismálum, málum er varða nauðungarvistun, hjónaskilnaði og skipti milli hjóna, erfðamál, mál er varða kröfur um gjaldþrotaskipti, opinber skipti, nauðasamninga og greiðslustöðvun, auk úrskurða sem kveðnir eru upp undir rekstri máls og fela ekki í sér lokaniðurstöðu þess. Dómstjórar hafa þó undanþáguheimild til að kveða á um birtingu dómsúrlausnar sem ekki á að birta samkvæmt reglunum og kveða á um að úrlausn sem á að birta skuli ekki birt. Rökstuðning um slíkar ákvarðanir ber að skrá í málaskrá og bréfabók héraðsdóms.

Framangreindar skorður taka ekki til æðri dómstiga og verði málum vísað til Landsréttar og eftir atvikum til Hæstaréttar, ber að birta dómsúrlausnir þeirra auk dómsúrlausnar málsins í héraði.

Þá er kveðið á um að æðri dómstigin geti ákveðið að gæta nafnleyndar eða afmáð atriði úr dómsúrlausnum í ríkari mæli en leiðir af reglunum ef sérstakar ástæður mæla með, svo sem þegar hagsmunir hlutaðeigandi eru sérstaklega þungvægir eða vegna fámenns landsvæðis þar sem atvik máls gerðust eða þau eru tengd við.

adalheidur@frettabladid.is

ÚTSALA - ÚTSALA
50% Afsláttur
Olíulitir, vatnslitir, akrýlitir, penslar, trönur, flúraðir rammar, o.fl. o.fl.

Opið 8 - 16
LISTALAGERINN JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is

Breski herinn verður með viðveru á Íslandi í fyrsta sinn frá seinna stríði

UTANRÍKISMÁL Breski flugherinn, RAF, mun koma til Íslands í annarri viku nóvembermánaðar og sinna loftrýmisgæslu, sem stendur vanalega í þrjár til fjórar vikur. Er það í fyrsta sinn sem Bretar hafa viðveru hér síðan þeir hertóku landið í seinni heimsstyrjöldinni.

Sendar verða orrustuþotur af gerðinni Typhoon, sem þýsku, ítölsku og spænsku loftherirnir nota einnig. Hinar bresku Typhoon vélar eru reglulega notaðar, bæði á Falklandseyjum og í Miðausturlöndum.

Bretar komu hingað þann 10. maí árið 1940 en rúmu ári síðar var samið um að Bandaríkin tækju að sér hervörsluna. Í þorskastríðunum sigldu herskip hennar hátignar inn í íslenska lögsögu til varnar breskum togurum og mættu þá íslenskum varðskipum.

Eurofighter Typhoon orrustuþota breska flughersins. NORDICPHOTOS/GETTY

» Bretar áttu að taka við loftrýmisgæslu árið 2008 en hætt var við það vegna Icesace-deilunnar og hryðjuverkalöggjarinnar.

Eftir að bandarískt herinn kvaddi landið 2006 hafa NATO-ríkin skipst á um að sinna loftrýmisgæslu við Ísland, og Bandaríkin langoftast. Árið 2008 var komið að Bretum en hætt var við það vegna Icesave-deilnanna og hryðjuverkalöggjafarinnar sem Bretar settu á Ísland. – khg

NÝ SENDING AF BÍLALEIGUBÍLUM

YFIRFARNIR AF UMBOÐI • GÓÐ VERÐ • GÓÐAR FJÁRMÖGNUNARLEIÐIR

Renault Trafic L3H1

Nýskráður 6/2018, ekinn 69 þús.km., dísel, beinskiptur.

Verð kr. 3.990.000

Afborgun krónur 49.795 á mánuði*

PEUGEOT 208 Active Navi

Nýskráður 8/2016, ekinn 82 þús. km.,bensín, 5 gírar.

Tilboð kr. 990.000

Allt að 100% fjármögnun í boði

Honda Civic Comfort

Nýskráður 5/2018, ekinn 12 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Tilboð kr. 2.690.000

Afborgun krónur 33.622 á mánuði*

Honda Civic Elegance

Nýskráður 3/2018, ekinn 20 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Tilboð kr. 2.890.000

Afborgun krónur 36.110 á mánuði*

Honda CR-V Elegance Navi

Nýskráður 2/2017, ekinn 81 þús. km.,bensín, sjálfskiptur 5 gírar.

Tilboð kr. 3.490.000

Afborgun krónur 43.574 á mánuði*

Honda Jazz Trend

Nýskráður 10/2017, ekinn 28 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Tilboð kr. 1.790.000

Afborgun krónur 22.426 á mánuði*

Peugeot Partner Tepee Outdoor

Nýskráður 8/2016, ekinn 44 þús.km., dísel, beinskiptur.

Verð kr. 1.990.000

Afborgun krónur 24.914 á mánuði*

Peugeot 5008 Style 7 manna

Nýskráður 2/2016, ekinn 79 þús.km., dísel, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.390.000

Afborgun krónur 29.890 á mánuði*

Peugeot 108 Active

Nýskráður 6/2016, ekinn 60 þús.km., bensín, beinskiptur.

Tilboð kr. 790.000

Allt að 100% fjármögnun í boði

Opel Movano 9 manna

Nýskráður 6/2016, ekinn 142 þús.km., dísel, beinskiptur.

Verð kr. 1.990.000

Afborgun krónur 24.914 á mánuði*

Honda CR-V Elegance Navi

Nýskráður 6/2017, ekinn 84 þús.km., dísel, sjálfskiptur 9 gírar.

Tilboð 3.690.000

Afborgun krónur 46.063 á mánuði*

Honda HR-V Comfort

Nýskráður 11/2016, ekinn 94 þús.km., bensín, sjálfskiptur.

Verð kr. 2.190.000

Afborgun krónur 27.402 á mánuði*

LÍTIÐ EKNIR OG VIRKILEGA VEL MEÐ FARNIR BÍLALEIGUBÍLAR

SÖLUMENN OKKAR ERU Í SAMNINGSSTUÐI

Opnunartími

Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00

Laugardaga
milli kl. 12:00 og 16:00

Opið allan sólarhringinn
á notadir.bernhard.is

BERNHARD

NOTAÐIR BÍLAR

Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

*Afborgun miðast við 80% lánshlutfall í 7 ár. Áðeg hlutfallstala kostnaðar er 8,94%

Kynna frumvarp um lengingu fæðingarorlofs í samráðsgátt

VELFERÐARMÁL Frumvarp félags- og barnamálaráðherra um lengingu fæðingar- og foreldraorlofs hefur verið lagt fram til kynningar í samráðsgátt stjórnvalda. Gerir frumvarpið ráð fyrir því að réttur foreldra lengist úr níu mánuðum í tólf.

Lenging orlofsins verður gerð í tveimur áföngum. Þannig mun einn mánuður bætast við sjálfstæðan rétt hvors foreldris um sig vegna barna sem eru fædd, ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2020. Sameiginlegur réttur foreldra verður hins vegar tveir mánuðir í stað þriggja.

Annar mánuður bætist svo við sjálfstæðan rétt hvors foreldris vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 2021. Þá verður réttur hvors foreldris um sig fimm mánuðir auk tveggja mánaða sem foreldrar geta skipt sín á milli.

Lagt er til að fæðingarorlof lengist í 12 mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Eru þessar tillögur í samræmi við yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við gerð lífskjarasamningsins. Heildarkostnaður við fyrri áfangann er talinn nema um 1,7 milljörðum króna sem skiptist á árin 2020 og 2021. Síðari áfanginn er talinn kosta um 3,2 milljarða sem skiptast á árin 2021 og 2022.

Með fyrri áfanga breytingunum er áætlað að feður taki um 33 prósentum fleiri daga í feðraorlof en nú er. Áhrifin fyrir mæður muni hins vegar ekki koma fram fyrr en breytingarnar eru að fullu komnar til framkvæmda. **– sar**

Frumvarpið gerir ráð fyrir að lenging fæðingarorlofs verði gerði í tveimur áföngum.

Loftgæði eru slæm í Stjórnsýsluhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Kvartað yfir loftgæðum

ÍSAFJÖRÐUR Ráðast þarf í endurbætur á loftræstikerfi Stjórnsýsluhússins á Ísafirði en kostnaður er áætlaður um 86 milljónir króna. Þetta kemur fram í minnisblaði frá bæjarritara sem lagt var fyrir bæjarráð síðastliðinn mánudag.

Í minnisblaðinu kemur fram að starfsmenn í húsinu, sem hýsir meðal annars bæjarskrifstofur, hafi kvartað yfir þurru og þungu lofti. Takmarkaðir möguleikar séu á því að auka loftgæði en starfsmenn hafa fundið fyrir sárindum í hálsi, augum og húð. Mælingar sem gerðar hafa verið staðfesta að loftgæðin séu undir viðmiðunarmörkum.

Ísafjarðarbær hafði gert ráð fyrir að verja 10 milljónum króna til endurbóta á loftræstikerfinu á yfirstandandi ári. Bærinn á tæpan þriðjung af húsnæðinu en samkvæmt upphaflegri úttekt Verkís áttu framkvæmdirnar að kosta 30-40 milljónir. Í þessum mánuði kom hins vegar ný úttekt sem gerir ráð fyrir kostnaði upp á 86 milljónir.

Bæjarráð samþykkti að vísa framkvæmdinni til fjárhagsáætlunargerðar næsta árs. **– sar**

Vilja auka innflutning

UTANRÍKISMÁL Kínversk stjórnvöld hafa lýst yfir vilja til að auka enn frekar íslenskan innflutning til Kína með því að greiða fyrir innflutningi á sjávarafurðum, fiskimjöli, laxi og lambakjöti. Kristján Þór Júlíusson, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, fundaði með Zhang Jiwen, vararáðherra Kína á sviði tollamála og eftirlits með innflutningi matvæla, og kom þetta fram á fundinum.

Ráðherrann er staddur í Qingdao í Kína þar sem hann sækir stærstu sjávarútvegssýningu heims ásamt því að funda með kínverskum ráðamönnum þar sem fundarefni er meðal annars hvernig fylgja megi eftir fríverslunarsamningi landanna sem tók gildi árið 2014. Ellefu íslensk fyrirtæki taka þátt í sjávarútvegssýningunni.

Í fréttatilkynningu á vef Stjórnarráðsins er haft eftir Kristjáni Þór sjávarútvegsráðherra að mikilvægt sé að samskipti þjóðanna gangi vel.

„Það er því gríðarstórt hagsmunamál fyrir Ísland að þessi samskipti gangi vel og það er því ánægjulegt að heyra vilja kínverskra stjórnvalda til að greiða fyrir frekari innflutningi til Kína frá Íslandi.“ **– bdj**

Búsetumismunun vegna NPA

Innleiðing NPA-löggjafarinnar hefur gengið illa. Launataxtar aðstoðarfólks eru ekki samræmdir, deilt um gildissvið og fatlaðir ekki með í ráðum varðandi útfærslur, að sögn formanns NPA miðstöðvarinnar.

VELFERÐARMÁL Eitt af fyrstu verkefnum þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr var að lögfesta notendastýrða persónulega aðstoð fyrir fatlað fólk, eða NPA. Innleiðingin hefur hins vegar gengið brösuglega og er mjög mismunandi eftir sveitarfélögum, bæði hvað varðar fjölda NPA-samninga og upphæðir sem greiddar eru. Að sögn Rúnars Björns Herrera Þorkelssonar, formanns NPA miðstöðvarinnar, hafa sveitarfélögin haft lítið samráð við útfærsluna.

Hafnarfjörður, sem hefur hlutfallslega flesta NPA-samninga, ákvað nýlega að stofna starfshóp en lét upphæðina fylgja launavísitölu en ekki kjarasamningum, 4.117 króna tímagjald. „Upphæðin er allt of lág og dugar engan veginn til að greiða aðstoðarfólki kjarasamningsbundin laun og réttindi, og þannig er þetta víðs vegar,“ segir Rúnar. „Við höfum sent helstu sveitarfélögum landsins útreikninga samkvæmt lágmarki kjarasamninga og nokkur hafa tekið þá upp, svo sem Reykjavík og Ísafjörður.“

Samræming launataxta hefur gengið mjög illa og skapar það ójöfn búsetuskilyrði fyrir fatlað fólk. Sveitarfélögin greiða 75 prósent af kostnaði samninga og ríkið 25 prósent. Fjármálaráðuneytið hefur ekki gefið út viðmið taxta eins og sveitarfélögin vilja. Rúnar segir að taxtamunurinn hafi verið allt að 10 prósent á síðasta ári. „Fatlað fólk myndi ábyggilega flytja ef það gæti en húsnæðismarkaðurinn er erfiður, sérstaklega fyrir fatlaða þar sem húsnæði með aðgengi er aðeins hluti af markaðinum,“ segir hann.

„Í dag er staðan sú að mörg sveitarfélögin eru hrædd við að taka upp NPA. Ákvörðunum er frestað og mál tafin. Fatlað fólk fær mjög misvísandi upplýsingar um réttindi sín og oft beinlínis rangar. Einnig er enn þá verið að gera beingreiðslusamninga við fólk, sem byggjast á afnumdum lögum um málefni fatlaðs fólks, til dæmis um liðveislu,“ segir Rúnar.



Rúnar segir enn verið að gera beingreiðslusamninga byggða á úreltum lögum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Heildarfjöldi NPA-samninga í lok árs 2018

Reykjavík	19
Hafnarfjörður	15
Mosfellsbær	12
Eyjafjörður	8
Norðurland vestra	7
Garðabær	6
Kópavogur	5
Vesturland	2
Suðurland	2
Fjalla- og Dalvíkurbyggð	1
Reykjanes	0
Austurland	0
Vestfirðir	0
Heild:	**77**

Samkvæmt lögunum skulu sveitarfélögin hafa samráð við hagsmunasamtök fatlaðs fólks varðandi skipulag en aðeins tvö hafa gert það, Reykjavík og Reykjanesbær. Samráð við fatlaða varðandi NPA-námskeið fyrir fatlað fólk, aðstoðarfólk og umsýsluaðila hefur einnig verið í skötulíki. Samkvæmt lögum á ráðherra að skipa samráðsnefnd ráðherra til ráðgjafar og fatlaðir að vera þar í meirihluta. „Ekkert hefur heyrst af skipun þessarar nefndar og nú er komið ár síðan lögin voru samþykkt,“ segir Rúnar. „Samt er verið að funda um þessi lög, milli sveitarfélaganna og ráðuneytisins.“

Eitt helsta deilumálið varðandi NPA er það hvort löggjöfin nái til barna eða ekki. Samband íslenskra sveitarfélaga telur svo ekki vera en velferðarnefnd Alþingis telur að sveitarfélögunum sé það í sjálfsvald sett að gera NPA-samninga fyrir börn.

„Ég tók þátt í að semja þessi lög og það hefur allan tímann verið mjög skýrt að þau nái til barna. Hvergi er tekið fram að svo sé ekki,“ segir Rúnar.

kristinnhaukur@frettabladid.is

Pólsk fyrirsæta traðkar á íslenskum mosabreiðum

NÁTTÚRUVERND Pólska ofurfyrirsætan Julia Kuczynska, sem jafnframt heldur úti tískuvefsíðunni Maffashion, er harðlega gagnrýnd í pólskum lífsstílsmiðlum, svo sem Pudelek og Plotek, fyrir að traðka á íslenskum mosa. Julia var hér á landi til að taka upp auglýsingu fyrir fataframleiðanda.

Á myndunum sést hún ásamt tökuliði sínu greinilega fara inn á mosagróin svæði sem afmörkuð eru með bandi. En samkvæmt 17. grein laga um náttúruvernd segir að forðast skuli að „eyða eða spilla gróðri með mosa-, lyng- eða hrísrifi“.

Í pólskum miðlum er Julia sögð hafa brotið íslensk lög og sé það sérstaklega ámælisvert í ljósi þess að fólk í tískugeiranum er í auknum mæli að taka upp umhverfisvænan lífsstíl, beita sér fyrir náttúruvernd og vekja athygli á loftslagsvánni.

Ekki liggur fyrir hvar nákvæmlega Julia og tökulið hennar fóru inn á mosalendurnar, en hún birti myndir á samfélagsmiðlasíðu sinni. Mosi er hægvaxta planta og það getur tekið hann áratugi að jafna sig. Mál þar sem mosalendur hafa verið eyðilagðar vegna utanvegaaksturs hafa komið inn á borð lögreglu og menn hlotið sektargreiðslur fyrir. **– khg**

Julia Kuczynska á Christian Dior sýningunni í Parísarborg þann 24. september. Hún rekur einnig tískusíðuna Maffashion. NORDICPHOTOS/GETTY

Mál þar sem mosalendur hafa verið eyðilagðar vegna utanvegaaksturs hafa komið inn á borð lögreglu og menn hlotið sektargreiðslur fyrir.

Nú er tími ljósanna!

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / Laugavegur 70 / 5687733 / epal.is

epal

15% afsláttur af öllum ljósum *

Gildir frá 30. okt. til 9. nóv. 2019

***15% afsláttur af pöntunum**

louis poulsen · Artemide · muuto · VERPAN · menu · &tradition · GUBI

Kosningar þann 12. desember

BRETLAND Þingkosningar í Bretlandi verða haldnar þann 12. desember næstkomandi eftir að Boris Johnson forsætisráðherra lagði fram frumvarp um kosningar í fjórða skiptið. Allir þrír stóru stjórnarandstöðuflokkarnir, Verkamannaflokkurinn, Skoski þjóðarflokkurinn og Frjálslyndir demókratar, studdu tillöguna enda hafði Evrópusambandið veitt útgöngufrest til 31. janúar næstkomandi.

» 10 af 21 brottreknum Íhaldsmönnum var aftur hleypt í flokkinn.

Búist var við því að tillögur um að færa kosningaréttinn niður í 16 ár og að innflytjendur frá Evrópusambandslöndum fengju að kjósa yrðu lagðar fram. En svo fór ekki, enda var talin hætta á að Johnson hefði dregið frumvarpið til baka ef það yrði leyft.

Samkvæmt könnunum mælist Íhaldsflokkurinn með 36 prósent atkvæða, Verkamannaflokkurinn með 23, Frjálslyndir demókratar 18, Brexit-flokkurinn 12 og Græningjar 6 prósent af þeim flokkum sem bjóða fram á landsvísu. Þetta myndi þýða að Íhaldsmenn myndu ná meirihluta á þinginu með 348 menn.

Önnur markverð tíðindi voru að Boris Johnson hleypti 10 þingmönnum, af þeim 21 sem reknir voru í byrjun september, aftur inn í flokkinn. Á meðal þeirra er Nicholas Soames, barnabarn Winstons Churchill. **– khg**

Fundað í Buckingham-höll

Elísabet II Englandsdrottning tók á móti dr. Farahanaz Faizal, sendiherra Maldíveyja í Bretlandi, í Buckingham-höllinni í Lundúnum í gær. Með Faizal í för var eiginmaður hennar dr. Mohamed Ahmed Didi. Sendiherrann og drottningin áttu fund í höllinni en sama dag hitti Elísabet drottning einnig sendiherra Lesótó í Bretlandi, frú Rethabile Mahlompho Mokaeane. NORDICPHOTOS/GETTY

FRÉTTABLAÐIÐ +PLÚS

Uppbygging bandarískra herstöðva

Forsetar Bandaríkjanna og Póllands samþykktu nýverið yfirlýsingu um verulega aukna viðveru bandarískra herja í Póllandi. Alls verða 5.500 bandarískir hermenn að staðaldri á sex stöðum í Póllandi til að vinna gegn hugsanlegum rússneskum ógnum.

PÓLLAND Á síðustu misserum hafa Bandaríkin styrkt mjög tengsl sín við Pólland á sviði varnar- og öryggismála. Það hefur verið gert með samstarfi þjóðanna innan Atlantshafsbandalagsins en Pólverjar hafa verið í NATO frá árinu 1999. Samstarfið hefur einnig verið tvíhliða þar sem bandarískt herinn hefur verið að byggja upp aðstöðu í Póllandi. Bandaríkin reka meðal annars öfluga skrifstofu varnarmálafulltrúa í Varsjá til að sjá um samskiptin við pólska herinn.

Donald Trump, forseti Bandaríkjanna, og pólskur starfsbróðir hans, Andrzej Duda, undirrituðu „Sameiginlega yfirlýsingu um framþróun varnarsamstarfs“ í New York þann 23. september. Þar er gert ráð fyrir að efla hernaðarleg umsvif bandarísks herafla í Póllandi, með hermenn á sex stöðum til að vinna gegn hugsanlegum rússneskum ógnum. Í yfirlýsingunni, sem birt er á vef pólska forsetaembættisins, segir að um 4.500 bandarískir hermenn séu í Póllandi að staðaldri en gert sé ráð fyrir að þeim muni fjölga um eitt þúsund.

Trump hefur sagt að líklegast verði hermenn sendir til Póllands frá herstöðvum Bandaríkjamanna annars staðar í Evrópu.

Póllandsforseti og þarlend stjórnvöld hafa ítrekað lýst vilja til að efla viðveru bandarísks herliðs til að sporna við Rússum enda á ríkið löng landamæri að Rússlandi.

» Pólverjar vilja sporna við Rússum enda með löng landamæri að Rússlandi og bandamönnum þeirra.

Pólverjar hafa miklar áhyggjur af auknum umsvifum herja Rússa í nágrannaríkjunum, Georgíu og í austurhluta Úkraínu, sem og innlimun þeirra á Krímskaganum árið 2014. Pólverjar segja hana sýna virðingarleysi Rússa gagnvart alþjóðalögum. Þeir buðust nýverið til að greiða minnst tvo milljarða Bandaríkjadala, um 220 milljarða króna, af kostnaðinum við uppbyggingu og rekstur nýrrar bandarískrar herstöðvar í landinu.

Pólverjar, sem afnámu herskyldu árið 2009, hafa um 120.000 manna fastaher og um 70.000 manna hliðarher, svo sem landamæraverði og sérhæfða lögreglu.

Ríkin hafa komið sér saman um aukna hernaðarlega viðveru í eftirfarandi bæjum og borgum Póllands: *Poznań*, borg í Mið-Póllandi, *Drawsko Pomorskie*, sem er bær í norðvesturhluta Póllands, *Wrocław-Strachowice*, borg í Vestur-Póllandi, *Łask*, bæ í Mið-Póllandi, *Powidz*, smábæ í Mið-Póllandi, *Lubliniec*, bæ í Suður-Póllandi. Að auki eru ríkin að ræða heppilega staðsetningu í Póllandi fyrir bandarískar brynvarðar átakahersveitir.

david@frettabladid.is

Uppbygging bandarískrar hernaðaraðstöðu í Póllandi

1 Poznań Aðalbækistöðvar framvarna, stórherdeildar og stuðningsliðs bandarísku hersins.

2 Drawsko Pomorskie Æfingamiðstöð fyrir hernaðarátök fyrir pólskar og bandarískar hersveitir.

3 Wrocław-Strachowice Útrásaraðstaða fyrir bandaríska flugherinn.

4 Łask Aðstaða bandarískra flughersins fyrir fjarstýrða flugsveit.

5 Powidz Aðstaða fyrir hersveit með orrustuflugvélar, hersveit til stuðnings í hernaðarátökum og aðstaða fyrir bandaríska sérsveit.

6 Lubliniec Frekari aðstaða fyrir bandarískar sérsveitir.

Viðræður standa yfir um heppilega staðsetningu í Póllandi fyrir bandarískar brynvarðar átakahersveitir.

Heimildir: Forsetaskrifstofa Póllands, Militarytimes, Atlanticcouncil og Sendiráð Bandaríkjanna í Póllandi.

NORDICPHOTOS/GETTY

Newari-fólkið fagnaði nýju ári með pomp og prakt í Katmandú í Nepal í gær.



Óperuhúsið í Sydney í Ástralíu var lýst upp í litum heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í gær. Óperan er fyrsta menningarstofnun landsins sem opinberar þátttöku sína í heimsmarkmiðunum sem samþykkt voru árið 2015.

Vínbóndinn Stefania Dri hugaði að uppskerunni á vínekru sinni í Udine á Ítalíu í gær. Þrúgan sem ræktuð er á Friuli Venezia Giulia svæðinu heitir picolit og er notuð í hvítvín sem mörg eru þekkt sem afar sæt og góð desertvín.

Spænska sjóbjörgunarsveitin bjargaði í gær lífi rúmlega sextíu flóttamanna sem voru á leið yfir Miðjarðarhafið. Fólkið var flutt til borgarinnar Malaga á Spáni þar sem það fékk aðhlynningu og hjálp frá Rauða krossinum.

Willem-Alexander, konungur Hollands, og Maxima drottning tóku á móti Andrzej Duda, forseta Póllands, og eiginkonu hans Agötu Kornhauser-Duda, í opinberri heimsókn forsetahjónanna til Hollands. Myndin var tekin á tröppunum fyrir utan Noordeinde-höllina í Haag í gær, þann 29. október.

Bjart og hlýtt

MÚRBÚÐARVERÐ

Rafmagnshitablásari
9Kw 3 fasa
18.590

Rafmagnshitablásari
15Kw 3 fasa
29.990

Rafmagnshitablásari
5Kw 3 fasa
14.590

Rafmagnshitablásari
3Kw 1 fasa
8.390

Rafmagnshitablásari
2Kw 1 fasa
6.790

Rafmagnshitablásari 2Kw
1.995

Rafmagnsþilofn
4.990

Olíufylltur
rafmagnsofn
9 þilja
2000W
8.590

Vatnsþétt LED ljós 60W
125cm **8.590**
155cm **9.900**

Dekton PRO XW750
batterí vinnuljós
3.490

Frábær birta

Vatnsþétt LED
útiljós / bílskúrsljós
28W 60cm **2.790**
56W 120cm **5.490**
70W 150cm **6.490**

Tu-RWL0450W
LED vinnuljós 50W
m/hleðslubatterí
11.990

Tu-RWL0430W
LED vinnuljós 30W
m/hleðslubatterí
9.990

LED Kastari 30W
8.990

SHA-8083
3x36W Halogen
15.890

Jólaseríurnar eru komnar

Mikið úrval

Mikið úrval af rakavörðum fjöltengjum IP44
Verð frá kr. 1.690

15 metra
rafmagnssnúra
2.995

Kapalkefli 15 metrar
3.690
25 metrar kr. 5.490
50 metrar kr. 9.990

Kapalkefli 10 metrar
2.890

Kapalkefli, rakavarið
IP44 25 metrar
8.595

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
	Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is	

MÚRBÚÐIN
Gott verð fyrir alla, alltaf!

Undarleg vegferð

Sunna Karen Sigurþórsdóttir
sunna@frettabladid.is

Seðlabanki Íslands firrti sig ábyrgð eina ferðina enn þegar fréttir bárust af því í upphafi viku að forsætisráðherra hefði vísað meintum upplýsingaleka bankans í Samherjamálinu svokallaða til lögreglu. Bankinn kvaðst hafa rannsakað málið sjálfur og þar með sé því lokið af hans hálfu. Það sé síðan dómstóla að meta hvort frekari umfjöllunar sé þörf.

Seðlabankinn, með þáverandi seðlabankastjóra í broddi fylkingar, var á undarlegri vegferð gegn Samherja og fleiri íslenskum fyrirtækjum í tæpan áratug. Bankinn fór gegn allri ráðgjöf og hélt áhlaupi sínu áfram, þrátt fyrir að engar lagaheimildir væru til staðar. Hann útdeildi stjórnvaldssektum eins og ekkert væri eðlilegra og virtist haldinn einhvers konar rannsóknarfíkn. Á sama tíma vísuðu dómstólar fyrrnefndum sektum frá jafnharðan.

Aðgerðir bankans gegn útgerðarfélaginu Samherja eru einhverjar þær umfangsmestu sem íslenskt stjórnvald hefur farið í gegn einu fyrirtæki og stjórnsýslan sem Seðlabankinn viðhafði í málinu fær algjöra falleinkunn. Félagið hefur nú farið fram á yfir 300 milljónir króna í skaða- og miskabætur og lagt fram ásakanir um að upplýsingum um húsleit hafi verið lekið til fjölmiðla.

Málið fór hátt í fjölmiðlum og bundnar voru vonir við að nýr seðlabankastjóri myndi bregðast betur við en raun bar vitni, enda löngu kominn tími til að rétta fram sáttarhönd. Þess í stað ákvað bankinn að rannsaka ásakanirnar sjálfur fremur en að vísa þeim áfram, og sagðist frekar ætla að fara dómstólaleiðina heldur en að ræða málið nánar. Þessa sömu leið fór bankinn fyrr á árinu þegar blaðamaður Fréttablaðsins óskaði upplýsinga um greiðslur til handa starfsmanni bankans og brást við með því að höfða mál á hendur blaðamanninum. Þess ber að geta að blaðamaðurinn vann málið.

Samherjamálið er ekki einsdæmi, síður en svo, og verður prófsteinn á nýjan seðlabankastjóra. Það liggur fyrir að þau gögn sem Seðlabanki Íslands studdist við í máli Samherja voru röng og bankinn þarf að viðurkenna misgjörðir sínar. Samhliða því þarf að styrkja réttarstöðu einstaklinga og fyrirtækja sem sitja að ósekju undir rannsóknum af hendi ákæruvaldsins eða eftirlitsaðila. Líta má til nágrannalanda þar sem sérstök úrræði eru í boði fyrir fólk sem sætir rannsóknum eða hlerunum, en það á rétt á að sækja sér bætur hvort sem er fyrir álitshnekki eða fjárhagslegt tjón. Enginn glæpur var framinn hjá Samherja og þess vegna ættu þeir sem harðast fóru fram í málinu að skammast sín og eftirmaðurinn að leita sátta.

Nýr maður í brúnni þarf að taka ábyrgð fyrir hönd bankans. Kallað er eftir yfirvegun, skynsemi og sanngirni úr höfuðstöðvum bankans við Kalkofnsveg.

Aðgerðir bankans gegn útgerðarfélaginu Samherja eru einhverjar þær umfangsmestu sem íslenskt stjórnvald hefur farið í gegn einu fyrirtæki.

Halldór

Frá degi til dags

Ævintýri Seðlocks Holmes

Það hafa verið sýndir mun verri þættir á RÚV en ævintýri innanhússspæjara Seðlabankans og rannsókn hans á meintum leka þar á bæ til RÚV árið 2012. Í vor hafði rannsókn Seðlock Holmes leitt í ljós að seðlabankastjórar hefðu ekki sent neina pósta á RÚV. Nú í september hafði Seðlock athugað pósthólf fyrrverandi framkvæmdastjóra og séð að síðasti pósturinn fyrir húsleit innihélt upplýsingar um það en ekkert sem benti til leka úr Seðlabankanum. Fylgjumst með í næsta þætti þegar Seðlock athugar hvort viðkomandi hafi tekið upp símann eftir að pósturinn barst.

Vissulega siðrof

Biskup Íslands lét taktlaus ummæli falla vegna nýs þjóðarpúls Gallup, þar em einungis þriðjungur þjóðarinnar bar traust til Þjóðkirkjunnar og 19 prósent voru ánægð með störf Agnesar. Vildi biskup helst kenna því um að börnin væru ekki lengur skyldug til að lesa biblíusögurnar í skólanum og notaði orðið siðrof. Það er vissulega rétt að siðrof hefur orðið sem leitt hefur til flótta úr kirkjunni. En siðrofið er innan kirkjunnar sjálfrar og sú blákalda staðreynd að klerkar hafa ítrekað orðið uppvísir að kynferðisbrotum gegn sóknarbörnum sínum.

arib@frettabladid.is
kristinnhaukur@frettabladid.is

Ísland í forystusveit

Ásmundur Einar Daðason
félags- og barnamálaráðherra

Markmiðinu um að gera Norðurlönd að kolefnishlutlausu svæði fyrir 2030 verður ekki náð nema húsnæðis- og byggingargeirinn horfi til umhverfisvænna lausna.

Talið er að meira en þriðjungur af losun koltvísýrings á Norðurlöndunum komi frá húsnæðis- og byggingariðnaði. Jafnframt er talið að 40 prósent af losun gróðurhúsalofttegunda á heimsvísu megi rekja til byggingariðnaðarins. Það var til umfjöllunar á fundi húsnæðis- og byggingamálaráðherra Norðurlandanna sem boðað var til hér á landi, í tilefni af formennsku Íslands í Norrænu ráðherranefndinni, fyrr í mánuðinum. Í kjölfarið var gefin út sameiginleg yfirlýsing þar sem við skuldbundum okkur til að vera í fararbroddi á heimsvísu þegar kemur að því að þróa lausnir sem draga úr losun í byggingariðnaði. Markmiðið er að Norðurlöndin taki sameiginlega alþjóðlega forystu í loftslagsmálum.

Í fyrrnefndri yfirlýsingu hvetjum við aðila innan byggingariðnaðarins til að taka höndum saman um norræna samstöðu um byggingarframkvæmdir með lága koltvísýringslosun. Eins köllum við eftir auknu samstarfi innan fræðasamfélagsins og milli rannsóknastofnana á þessu sviði. Við leggjum áherslu á mikilvægi hringrásarhagkerfis innan byggingariðnaðarins og er vert að benda á að byggingar og önnur mannvirki sem þegar hafa verið reist hafa að geyma mikið af nothæfu byggingarefni sem hægt er að endurnýta. Á sama tíma er víða skortur á íbúðarhúsnæði og hef ég beitt mér fyrir húsnæðisuppbyggingu bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni enda hverjum manni nauðsynlegt að hafa öruggt þak yfir höfuðið. Kannski hljómar þetta öfugsnúið í ljósi fyrrgreindra markmiða. En verkefnið snýst ekki um að hætta við eða minnka byggingaframkvæmdir heldur að leita umhverfisvænni lausna við hönnun og smíði húsnæðis.

Markmiðinu um að gera Norðurlönd að kolefnishlutlausu svæði fyrir 2030 verður ekki náð nema húsnæðis- og byggingargeirinn horfi til umhverfisvænna lausna. Við Íslendingar erum lánsöm þjóð að búa yfir orkuauðlindum sem eru, borið er saman við aðrar, hreinar og vistvænar. Við eigum því að vera í fararbroddi, fremst meðal jafningja, þegar kemur að vistvænum og umhverfisvænum lausnum í húsnæðis- og byggingariðnaði.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRAR:** Davíð Stefánsson *david@frettabladid.is*, Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Sunna Karen Sigurþórsdóttir *sunnak@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Starfsgetumat – lífsgæðamat

Guðjón S. Brjánsson
alþingismaður Samfylkingarinnar

Öryrkjar hafa misserum saman leitað eftir sanngjörnum leiðréttingum á kjörum sínum, að dregið sé úr hróplegum ójöfnuði þannig að hver og einn geti búið við sæmandi atlæti, félagslega og fjárhagslega. Þeir krefjast lífskjarasáttmála eins og annað fólk í samfélaginu. Þeir vilja vera þátttakendur, veitendur og neytendur á öllum stigum og á eigin forsendum.

Á vettvangi stjórnmálanna eru kjör og viðmót gagnvart öryrkjum vissulega talsvert til umfjöllunar um þessar mundir en í verki þokast lítið. Starfshópur félagsmálaráðherra, skipaður ágætu fólki, skilaði af sér skýrslu í vor með tillögum en engri niðurstöðu. Traust á milli aðila skorti, tortryggni talsmanna öryrkja réði því að ekki var hægt að ljúka stórum áfanga. Skýringar ráðherra á umbótatöfum gagnvart öryrkjum voru lengi framan af þær, að unnið væri að kerfisbreytingum með svokallað starfsgetumat að leiðarljósi. Samkvæmt skilgreiningu úr fyrrnefndri skýrslu ráðherra er starfsgetumat mat á getu einstaklings til starfa að gefnum tilteknum kröfum og við tilteknar aðstæður. Öryrkjum finnst skorta á trúverðugleika þessarar hugmyndafræði, hvort sem það snýr að stjórnvöldum eða vinnumarkaði. Þeir óttast að raunverulegir hagsmunir þeirra verði fyrir borð bornir og vísa til misjafnrar reynslu annarra þjóða og m.a. til þekktrar breskrar heimildamyndar sem sýnd var hér á landi. Hugtakið starfsgetumat eitt og sér hefur öðlast neikvætt inntak í hugum flestra.

Stjórnvöld þurfa að bregðast við á enn ferskari og sveigjanlegri hátt en hingað til í samskiptum við öryrkja og hafa hugfast að orðfæri og inntak þess skiptir máli. Hugtakið lífsgæði ætti að vera leiðarstef.

Fyrir hóp öryrkja getur mat á getu til starfa í atvinnulífinu verið hluti af bættum lífsgæðum en það gildir ekki um alla. Við eigum því miklu frekar að ræða um lífsgæðamat fremur en bara starfsgetumat þegar þessi málefni öryrkja eru annars vegar.

Við eigum því miklu frekar að ræða um lífsgæðamat fremur en bara starfsgetumat þegar þessi málefni öryrkja eru annars vegar.

Stjórnvöld þurfa að flýta för, skapa traust og ráðast í gerð raunverulegs lífsgæðasamnings við öryrkja.

Ég er orðin svo þreytt á því að heyra að ég skilji ekki hluti sem ég hef kynnt mér

Þorgerður M. Þorbjarnardóttir
gjaldkeri félagsins Ungir umhverfissinnar

Aðkoma ungs fólks í stjórnmálum er dásömuð en samt sem áður hafa stjórnmál verið ungu fólki mjög óaðgengileg. Oft á tíðum er um ákveðna skrautfjöðrun að ræða þar sem ungmennum er stillt upp á viðburðum en fá lítinn sem engan hljómgrunn.

Ætlast er til að ungt fólk skapi sér sína eigin rödd. Hvernig skapar maður sér rödd í kerfi sem er jafn flókið og stjórnsýslan á Íslandi? Að auki er manni sagt ítrekað að maður skilji ekki viðfangsefnið eða kerfið.

Þúsundir ungmenna hafa skrópað í skólanum á föstudögum og mætt á verkfall fyrir loftslagið. Við erum logandi hrædd um þá framtíðarsýn sem vísindamenn leggja fram ef ekki verður gripið í taumana strax. Ráðaleysi og kvíði grípa marga þegar óttinn fær ekki farveg. Það sem vantar eru leiðbeiningar og valdefling til þess að þora að koma fram og tala sínu máli.

Hvernig skapar maður sér rödd í kerfi sem er jafn flókið og stjórnsýslan á Íslandi?

Ungir umhverfissinnar hafa undanfarin ár aflað sér dýrmætrar reynslu í að verja hagsmuni náttúrunnar. Við viljum deila þessari reynslu og gera öðrum ungmennum kleift að hafa áhrif á samfélagið sem við búum í. Við sýnum öðrum hagsmunaaðilum kurteisi og skilning og ætlumst til þess að fá sama viðmót til baka.

Þeir hagsmunir sem við verjum eru að náttúruvernd sé kjarni þess að við getum átt farsæla framtíð. Náttúran og vistkerfi hennar eru nefnilega uppspretta alls þess sem lífið hefur upp á að bjóða, sama hvort það sé maturinn sem við borðum, fötin sem við klæðumst eða húsið sem við búum í.

Þann 17. október næstkomandi komum við til með að halda viðburð þar sem við kynnum námskeið sem við hyggjumst halda í vetur. Námskeiðið er um þá reynslu sem við höfum öðlast og einnig þá vigt og ábyrgð sem fylgir því að hafa félagasamtök á bak við sig. Kynningin verður haldin í Petersen svítunni klukkan 18.00.

Í framtíðinni verður litið til okkar kynslóðar og til þess hóps sem lét verkin tala. Ég ætla mér að vera partur af þeim hópi. En þú?

NÝR EVOQUE MEÐ RAFTÆKNI
RANGE ROVER EVOQUE MILD HYBRID
LAND ROVER
ABOVE & BEYOND
landrover.is

ENNEMM / SÍA / NM95874
LAND ROVER
HESTHÁLSI 6-8, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 525 6500
RANGE ROVER Evoque S 150D
Fjórhjóladrifinn, sjálfskiptur. Verð frá: **7.890.000 kr.**

Erum fjórum árum á undan áætlun

Milos Milojevic var í byrjun ársins 2018 ráðinn aðstoðarþjálfari karlaliðs Mjällby í knattspyrnu sem lék þá í sænsku C-deildinni. Nú rúmu einu og hálfu ári síðar er Milos orðinn aðalþjálfari liðsins og hefur stýrt liðinu upp í efstu deild þvert á væntingar og spár.

Milos Milojevic á hliðarlínunni í leik með Mjällby á leiktíðinni sem lýkur um næstu helgi en hann hefur komið liðinu upp um tvær deildir. MYND/MJÄLLBY

FÓTBOLTI Mjällby sem leikur undir stjórn Milos Milojevic tryggði sér á mánudagskvöldið sæti í sænsku efstu deildinni í knattspyrnu karla. Milos var gerður að aðalþjálfara Mjällby um miðjan júnímánuð árið 2018 og stýrði liðinu upp í B-deildina í fyrstu tilraun. Liðinu var spáð fallbaráttu í B-deildinni en blés á þær spár og hefur tryggt sér sæti í efstu deild þegar ein umferð er eftir af B-deildinni.

„Það er mjög ljúf tilfinning að vera búnir að tryggja okkur sætið fyrir lokaumferðina. Þegar ég kom hingað var ég einnig ráðinn sem yfirþjálfari akademíunnar og markmiðið var að búa til umhverfi þar sem að góðir yngri leikmenn af svæðinu myndu vilja koma í akademíuna. Við vildum búa til bestu akademíu á því svæði í Svíþjóð þar sem Mjällby er. Félagið skuldaði tæplega 40 milljónir íslenskra króna þannig að það var á hreinu að við yrðum að byggja upp frá grunni og við gætum ekki fjárfest í dýrum leikmönnum," segir Milos um upphaf veru sinnar í Mjällby.

„Hvað mig sjálfan varðar þá var ég með tilboð sem voru fjárhagslega betri en mig langaði að komast út úr þægindarammanum og takast á við nýja áskorun og ég sé ekki eftir því núna. Við erum komnir með U-17, U-19 og A-liðin okkar í efstu deild og það er frábært afrek að mínu mati. Mjällby er félag sem var í efstu deild fyrir sex árum og það var á stefnuskránni hjá stjórninni að komast þangað aftur 2023 þannig að við erum fjórum árum á undan áætlun," segir þjálfarinn hreykinn.

„Afrekið er ekki síst mikið þar sem við erum með ódýrasta lið deildarinnar hvað launakostnað varðar. Meðallaun hjá okkur eru rúmlega 200.000 íslenskar krónur fyrir skatt þannig að við erum ekki með dýrt lið. Þá erum við þar að auki með næstyngsta lið deildarinnar og það lið sem er það yngsta er í harðri fallbaráttu. Við erum með 13 leikmenn sem eru annaðhvort uppaldir hjá Mjällby eða hafa komið til okkar frá öðrum félögum í kringum okkur eins og Halmstad, Helsingborg og Malmö. Þessir leikmenn eru um tvítugt og hafa þroskast hratt og vel," segir hann um það hvernig liðið er upp byggt.

> **Afrekið er ekki síst mikið þar sem við erum með ódýrasta lið deildarinnar hvað launakostnað leikmanna varðar. Þá erum við þar að auki með næstyngsta lið deildarinnar.**

„Félagið er komið í réttan farveg hvað fjárhagslegu hliðina varðar og nú getum við vonandi farið að fjárfesta í leikmönnum og fjölga í þjálfarateyminu. Við erum að vinna mjög faglega, sérstaklega þegar tekið er mið af því hversu þjálfarateymið er lítið. Við höfum náð að búa þannig um hnútana að við erum að mæla æfingaálagið og taka leikmenn í próf reglulega. Þannig höfum við komið í veg fyrir að leikmenn séu að detta út í meiðslum sem rekja mætti til álags, það er tognanir aftan í læri og aðrar vöðvatognanir. Það hefur krafist mikillar vinnu af mér og þeim sem eru að starfa með mér," segir Milos um starfsumhverfið hjá félaginu.

„Eins og staðan er núna er ég með spænskan aðstoðarþjálfara, markmannsþjálfara á öllum æfingum og sjúkraþjálfara sem er í 60% starfi hjá okkur en ég hef náð að plata í að vera á öllum æfingum og leikjum. Við erum svo með tvo liðsstjóra og annar þeirra er þúsundþjalasmiður og sér meðal annars um að nudda leikmennina. Ég myndi vilja bæta við styrktarþjálfara, auka starfshlutfallið hjá sjúkraþjálfaranum og ráða inn nuddara í fullt starf fyrir næsta tímabil. Þá þurfum við að bæta minnst fjórum og helst sex gæðaleikmönnum við núverandi leikmannahóp. Það er einum leikmanni í hverja línu á vellinum, markmanni, miðverði, miðjumanni og sóknarmanni," segir þessi metnaðarfulli þjálfari.

„Það sem ég ætla hins vegar að gera fyrst er að framlengja samninga við þá leikmenn sem eru nú þegar í leikmannhópnum og ég vil halda. Það eru fjórir leikmenn sem ég myndi vilja hafa áfram í herbúðum okkar sem eru með lausa samninga. Fyrsta mál á dagskrá eftir næstu helgi er að semja við þá leikmenn. Svo fer ég í það að kanna hvernig landið liggur og hvaða leikmenn ég get fengið af leikmannamarkaðnum. Ég er kominn með gagnagrunn yfir leikmenn sem ég þekki vel og þeir eru hér og þar um heiminn. Ég mun fyrst kanna það hvaða leikmenn eru í boði á sænska markaðnum og svo mun ég líta til Íslands og annarra staða hvað leikmenn varðar," segir Milojevic um framhaldið. **hjorvaro@frettabladid.is**

Draumurinn að fá leik á HM kvenna til Íslands

Bandaríkin urðu heimsmeistarar í Frakklandi í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY

FÓTBOLTI Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri KSÍ, segir að draumurinn sé að fá leik eða jafnvel leiki á HM kvenna árið 2027 til landsins. Ísland mun að einhverju leyti verða þátttakandi í HM það árið en Klara situr í nefnd sem vinnur að því að koma HM 2027 til Norðurlandanna. Holland, Bandaríkin og Síle eru einnig sögð áhugasöm um að halda mótið sem verður það tíunda í röðinni.

„Í Svíþjóð eru margar borgir áhugasamar og eru að keppast um að bjóða betur en nágrannaborgirnar. Það er mikill áhugi víðsvegar um Norðurlöndin en það var mikill einhugur hjá knattspyrnusamböndum landanna um að fara í þetta verkefni og þau leggja á þetta mikla áherslu," segir Klara.

Í gær var haldinn fundur sænska knattspyrnusambandsins og nefndar Norðurlandaráðs vegna umsóknarinnar um að halda HM í knattspyrnu kvenna 2027.

Til að fá leik eða leiki hingað til lands þarf nýr Laugardalsvöllur að vera kominn í gagnið. Klara segir að það gæti verið að hann dygði ekki einu sinni. „Við vitum lítið og vitum ekki hvað við getum lagt til marga velli. Það er ekki víst að allir sem vilja fái leiki.

> **Við erum spennt fyrir þessu verkefni – hvort sem við fáum leik eða ekki. Við munum taka þátt á einn eða annan hátt enda margt sem hangir á spýtunni í kringum svona mót. Við og Færeyjar sjáum fyrir okkur að halda dómararáðstefnu, drátt í riðla eða eitthvað álíka.**

Það skýrist ekki strax. Við erum að sjá hvernig málin þróast með HM 2023. Þar eru sjö þjóðir að sækja um að halda það mót og samkeppnin mikil."

Klara segir að Norðurlandaráð hafi tekið umsókninni opnum örmum enda norrænum gildum gert hátt undir höfði sem og sögu kvennaboltans sem er mikil hjá Norðurlandaþjóðum. „Við erum spennt fyrir þessu verkefni – hvort sem við fáum leik eða ekki. Við munum taka þátt á einn eða annan hátt enda margt sem hangir á spýtunni í kringum svona mót. Við og Færeyjar sjáum fyrir okkur að halda dómararáðstefnu, drátt í riðla eða eitthvað álíka. Draumurinn er að fá leik eða leiki en á meðan við höfum ekki staðfestingu um hvað við getum boðið upp á í vallarmálum þá er erfitt að sækja það fast," bendir hún á. **– bb**

MARKAÐURINN

Miðvikudagur 30. október 2019

40. tölublað | 13. árgangur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL

ROLEX · TUDOR · TAGHeuer · LONGINES · NOMOS GLASHÜTTE · TISSOT

Verið velkomin í nýja og glæsilega verslun okkar á Hafnartorgi

MICHELSEN 1909

Hafnartorg - 511 1900 - michelsen.is

Stórtækur í Austur-Evrópu

Um tveir þriðju tekna Norvik koma að utan. Á stærstu sögunarmyllu í Eystrasaltslöndunum. „Margir óttast spillingu en við höfum ekki orðið vör við hana," segir **Jón Helgi Guðmundsson**, forstjóri og aðaleigandi samstæðunnar. 6

Timburviðskipti þykja ekki „sexy business". Þar er ekki auðfenginn gróði.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

»2

Kanna allar greiðslur af reikningum Upphafs

Stjórnendur GAMMA hafa fengið óháðan sérfræðing til að fara yfir allar greiðslur sem greiddar hafa verið af bankareikningum Upphafs síðustu ár. Sjóðsfélagar Novus leita eftir því að þáttur endurskoðanda sé kannaður.

»4

Virði bankanna gæti aukist um 70 milljarða

Afnám bankaskattsins getur aukið söluvirði ríkisbankanna um rúmlega 70 milljarða samkvæmt greiningu Bankasýslu ríkisins. Lækkun útlánsvaxta og útlánaaukning geti vegið upp á móti tekjutapinu.

»9

Í ströngu aðhaldi

„Mikilvægt er að Seðlabankinn sendi skýr skilaboð um að raunvaxtaaðhald bankans fari lækkandi en ekki hækkandi eins og aðstæður í hagkerfinu þróast nú um stundir," segir Agnar Tómas Möller, forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpíter, í aðsendri grein.

Helgi hefur selt í Marel fyrir um 800 milljónir

Helgi Magnússon.

Helgi Magnússon fjárfestir, sem sat í stjórn Marels á árunum 2005 til 2019, hefur á síðustu mánuðum selt tæplega helming bréfa sinna í fyrirtækinu fyrir jafnvirði samtals um 820 milljóna króna miðað við núverandi hlutabréfaverð Marels.

Þetta má lesa út úr lista yfir alla hluthafa Marels, sem Markaðurinn hefur séð, en samkvæmt honum eiga félögin Hofgarðar og Eignarhaldsfélagið Harpa í dag samanlagt 1.645 þúsund bréf í fyrirtækinu að nafnverði, sem jafngildir rúmlega 0,2 prósenta eignarhlut, og eru þau metin á um 970 milljónir króna. Hofgarðar eru að öllu leyti í eigu Helga en hlutur hans í Hörpu nemur 56 prósentum.

Helgi er aðaleigandi Torgs, útgáfufélags Fréttablaðsins.

Í byrjun mars á þessu ári, þegar Helgi hætti í stjórn Marels, áttu hins vegar þrjú félög Helga samtals rúmlega þrjár milljónir hluta að nafnverði í Marel og nam markaðsvirði bréfanna á þeim tíma, þegar hlutabréfaverðið stóð í 505 krónum á hlut, um 1.550 milljónum króna. Hlutabréfaverð Marels hefur hækkað talsvert síðan þá og hefur gengi bréfa félagsins að jafnaði verið á bilinu um 550 til 600 krónur á hlut. Við lokun markaða í gær stóð gengið í 587 og frá áramótum hefur það hækkað um 57 prósent.

Félagið Varðberg, sem er að öllu leyti í eigu Helga, hefur þannig selt öll bréf sín í Marel en það átti 316 þúsund hluti. Þá hafa Hofgarðar og Eignarhaldsfélagið Harpa, sem áttu samanlagt um 2,72 milljónir hluta í Marel í mars síðastliðnum, selt nærri helming bréfa sinna.

Helgi, sem er meðal annars stjórnarformaður Bláa lónsins og fyrrverandi stjórnarformaður Lífeyrissjóðs verslunarmanna og Samtaka iðnaðarins, hefur á undanförnum mánuðum fjárfest í félögum á borð við Iceland Seafood, Kviku banka og fjárfestingafélagið Stoðir. Þá keypti Helgi einnig í júní helmingshlut í Torgi, og fyrr í þessum mánuði eignaðist hann, ásamt fleiri aðilum, félagið að fullu. **– hae**

970

milljónir er markaðsvirði eignarhlutar tveggja félaga í eigu Helga í Marel í dag.

Seldi Nespresso fyrir hálfan milljarð króna

Nespresso kaffiverslunin í Kringlunni og á netinu velti um 516 milljónum króna á árinu 2018 og hagnaðist um sjö milljónir króna. Verslunin var opnuð í Kringlunni í lok nóvember árið 2017 og í Smáralind í maí í ár. Afkoman kemur fram í ársreikningi Perroy sem heldur utan um reksturinn.

Varða Capital, sem er að stærstum hluta í eigu Gríms Garðarssonar og Jónasar Hagan Guðmundssonar, á 75,5 prósenta hlut í Perroy, Hagan Holding, sem er í eigu fyrrnefnds Jónasar, á 14,5 prósenta hlut og RE22, sem er í eigu Jóns Björnssonar, fyrrverandi forstjóra Festar, á tíu prósenta hlut.

Perroy voru lagðar til samtals 80,5 milljónir króna í hlutafé á árunum 2017 og 2018. Eigið fé félagsins var 70 milljónir króna og eiginfjárhlutfallið 50 prósent árið 2018. Skammtímaskuldir við lánastofnanir voru tíu milljónir króna. **– hvj**

MARKAÐURINN

ÚTGÁFUFÉLAG Torg., Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000

Netfang ritstjorn@markadurinn.is | Sími **550 5051**

Ritstjóri **Hörður Ægisson** hordur@frettabladid.is

Netfang auglýsingadeildar auglysingar@frettabladid.is Veffang frettabladid.is

Haldinn var upplýsingafundur með sjóðsfélögum Novus í húsakynnum GAMMA síðasta föstudag.

Ráðast í úttekt á öllum greiðslum frá Upphafi

Stjórnendur GAMMA hafa fengið óháðan sérfræðing til að fara yfir allar greiðslur sem hafa verið greiddar af bankareikningum Upphafs síðustu ár. Sjóðsfélagar Novus hafa leitað eftir því að þáttur endurskoðanda sé kannaður.

Ráðgjafarfyrirtækið Grant Thornton, sem stjórn GAMMA réð til að gera úttekt á Upphafi og fagfjárfestasjóðnum Novus, mun gera ítarlega greiningu á öllum þeim greiðslum sem greiddar voru af bankareikningum Upphafs og dótturfélaga þess allt frá því að fasteignafélagið tók til starfa.

Þetta kom fram á upplýsingafundi með sjóðsfélögum Novus, eiganda Upphafs, á föstudaginn í síðustu viku, samkvæmt heimildum Markaðarins. Sú vinna Grant Thornton miðar að því að ganga úr skugga um réttmæti þeirra greiðslna sem runnu frá Upphafi og keyra þær saman við samninga fasteignafélagsins við hina ýmsu aðila, meðal annars verktaka og ráðgjafa, sem hafa komið að verkefnum fyrir Upphaf á síðustu árum. Niðurstaða úttektarinnar á að liggja fyrir á þessu ári.

Sjóðsfélagar Novus, sem er í stýringu GAMMA, dótturfélags Kviku banka, höfðu lagt á það mikla áherslu að ráðist yrði í slíka vinnu vegna gruns um að mögulega hafi ekki verið eðlilega staðið að greiðslum Upphafs í einhverjum tilfellum. Þá hafa þeir einnig meðal annars leitað eftir því að kannaður sé þáttur endurskoðanda, sem skrifaði upp á reikninga Novus, og eins og hvort sjóðurinn hafi starfað í samræmi við reglur.

Í bréfi til sjóðsfélaga Novus í lok september voru þeir upplýstir um að við endurmat á eignum og áætlunum sjóðsins þá væri eigið fé, sem þremur mánuðum áður var metið á um 3,9 milljarða, nú aðeins talið vera um 42 milljónir. Þá var gengi sjóðsins, sem fór hæst í 250 í árslok 2017, lækkað niður í 2. Samkvæmt nýjum stjórnendum GAMMA reyndist framvinda margra verkefna Upphafs ofmetin, kostnaður við framkvæmdir var langt yfir áætlunum og þá tóku fyrri matsaðferðir ekki að fullu tillit fjármagnskostnaðar félagsins.

Til að leysa lausafjárvanda fasteignafélagsins var ákveðið að ráðast í útgáfu forgangsskuldabréfs til tveggja ára upp á einn milljarð króna. Kvika banki hefur skuldbundið sig til að sölutryggja útgáfuna að fjárhæð samtals 500 milljónir og þá náðist samkomulag fyrr í þessum mánuði við helstu skuldabréfaeigendur Upphafs um að þeir myndu leggja félaginu til sömu fjárhæð. Samkvæmt heimildum Markaðarins var hins vegar um það samið að forgangsbréfin skiptist í tvo hluta – A- og B-flokk – og að fjárfestarnir, sem eigendur A-flokks, fái þannig greiddan höfuðstól sinn til baka á undan bankanum.

Á meðal stærstu skuldabréfaeigenda Upphafs, sem gaf út 2,7 milljarða skuldabréf til tveggja ára í júní, eru fjárfestingafélagið Stoðir, TM og félag í eigu Guðbjargar Matthíasdóttur, aðaleiganda Ísfélags Vestmannaeyja. Forgangsskuldabréfin verða framar í kröfuröð en skuldabréf í fyrri skuldabréfaútgáfunni og munu þau bera 12 prósent fasta vexti.

Upphaf, sem var stofnað árið 2014, er með um 280 íbúðir í byggingu á höfuðborgarsvæðinu og eru áætluð lok allra framkvæmda í árslok 2020 en hvert verkefni félagsins er unnið í aðgreindu dótturfélagi. Í kynningu til fjárfesta vegna skuldabréfaútboðs Upphafs í maí síðastliðnum kemur fram að vaxtaberandi skuldir hafi þá numið tæplega 10 milljörðum króna en þeir bankar sem hafa lánað til fasteignaverkefna félagsins, samkvæmt heimildum Markaðarins, eru Íslandsbanki, Landsbankinn og Kvika.

hordur@frettabladid.is

280

íbúðir er Upphaf með í byggingu víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu.

REYKJASTRÆTI
FASTEIGNAFÉLAG

NÝJAR EIGNIR TIL ÚTLEIGU

HAFNARTORG er blönduð byggð af nýjum skrifstofum, íbúðum og verslunum. Glæsilegar skrifstofur eru til leigu frá 200 til 1.500 fermetra. Í húsinu verður boðið uppá þjónustu við leigjendur s.s. móttökuritara og aðgang að sameiginlegum fundarherbergjum og skrifstofum. Einn stærsti bílakjallari landsins verður undir Hafnartorgi og að Hörpu. Hafnartorg verður iðandi af mannlífi og menningu og kærkomin viðbót við stækkandi miðbæ Reykjavíkur.

DALVEGUR 32 samanstendur af tveimur staðsteyptum fjölnotahúsum miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu tilbúnum á árinu 2019 til vorsins 2020. Leigurýmin eru frá 800 til 1.750 fermetrar sem henta undir fjölbreytta starfsemi þ.m.t. fyrir notendur sem kjósa miðlæga staðsetningu með tilliti til verslunar eða vörudreifingar. Nýtanleg lofthæð er um 8 metrar og tækifæri er að aðlaga húsin að þörfum notandans.

REYKJASTRAETI.IS

Sími 571 4990 | pall@reykjastraeti.is

Fjárfestingafélagið Brimgarðar töpuðu um 1,8 milljörðum króna

Fjárfestingafélagið Brimgarðar tapaði 1,8 milljörðum króna árið 2018 fyrir tekjuskatt. Árið áður nam tap félagsins um hálfum milljarði króna fyrir tekjuskatt.

Brimgarðar eru í eigu systkinanna Eggerts Árna, Guðnýjar Eddu, Gunnars Þórs og Halldórs Páls Gíslabarna. Þau eiga jafnframt matvælafyrirtækin Mötu, Matfugl og Síld og fisk.

Félagið tapaði 1,6 milljörðum króna á fjárfestingum á hlutabréfamarkaði á árinu 2018, samkvæmt ársreikningi Brimgarða. Bókfært virði skráðra hlutabréfa þess nam 5,4 milljörðum króna við árslok, þar af átti það í fasteignafélögunum þremur – Eik, Regin og Reitum – fyrir 4,5 milljarða króna.

Rekja má 838 milljóna króna tap til framvirkra samninga um kaup á hlutabréfum. Árið áður nam það tap 200 milljónum króna. Brimgarðar áttu hlutabréf fyrir 4,5 milljarða króna í framvirkum

Gunnar Þór Gíslason, framkvæmdastjóri Brimgarða.

samningum árið 2018 en skulduðu 5,3 milljarða króna vegna samninganna. Árið áður nam sú eign 2,7 milljörðum króna en skuldin 2,9 milljörðum króna.

Eignir Brimgarða námu 9,9 milljörðum króna og eiginfjárhlutfallið var 14 prósent við árslok 2018. Félagið á fjölda fasteigna sem metnar eru á 2,2 milljarða króna. Fasteignamat eignanna var hins vegar mun hærra eða tæpir fimm milljarðar króna og vátryggingaverð þeirra var átta milljarðar króna. Miðað við það er eiginfjárstaða Brimgarða í raun betri en fram kemur í ársreikningi.

Á meðal fasteigna Brimgarða er Grandagarður 8, sem hýsir meðal annars leikjafyrirtækið CCP, en fasteignamat þess er 1,6 milljarðar króna, og Völuteigur 2 sem hýsir Matfugl. Fasteignamat þess var 940 milljónir króna en bókfært mat 80 milljónir króna.

Brimgarðar eiga í fleiri fasteignafélögum: Heimavöllum, Almenna leigufélaginu, Gamma 201 fasteignasjóði og 105 Miðborg sem vinnur að uppbyggingu við Kirkjusand. **– hvj**

Kex Hostel tapaði 182 milljónum

Kex Hostel tapaði 182 milljónum króna fyrir skatta árið 2018. Árið áður nam tapið 58 milljónum króna. Eigið fé fyrirtækisins var neikvætt um 28 milljónir króna við árslok. Hlutafé þess var aukið um 33 milljónir í fyrra og 229 milljónir króna árið áður. Þetta kemur fram í ársreikningi.

Tap hostelsins fyrir fjármagnsliði, afskriftir og áhrif dótturfélaga var 60 milljónir króna samanborið við 66 milljóna króna hagnað árið áður.

Fiskisund á 53 prósent í Kex Hostel. Það er í eigu Einars Arnars Ólafssonar, fyrrverandi forstjóra Skeljungs, Höllu Sigrúnar Hjartardóttur, fyrrverandi stjórnarformanns Fjármálaeftirlitsins, og Kára Þórs Guðjónssonar, fyrrverandi starfsmanns Íslandsbanka. KP, sem er í eigu Birkis Kristinssonar, á 37 prósenta hlut.

Dótturfélög Kex Hostels, þar á meðal veitingastaðurinn Sæmundur í sparifötunum, töpuðu 89 milljónum á árinu samanborið við 71 milljónar króna tap árið áður.

Velta Kex Hostels dróst saman um fjórðung milli ára og var 353 milljónir króna árið 2018. Seld gisting dróst ekki jafn mikið saman, þar var samdrátturinn 14 prósent og þær tekjur námu 264 milljónum króna. **– hvj**

Arnar gjaldþrota

Arnar Bergmann Gunnlaugsson, fjárfestir og fyrrverandi knattspyrnumaður, var úrskurðaður gjaldþrota í sumar og lýkur skiptum á búinu á næstu dögum. Samkvæmt upplýsingum frá skiptastjóra búsins er útlit fyrir að kröfur á hendur félaginu muni nema um 70 milljónum króna. Þá eru taldar litlar líkur á því að einhverjar eignir finnist til að vega upp á móti lýstum kröfum.

Arnar Gunnlaugsson, fjárfestir.

Arnar og tvíburabróðir hans, Bjarki, voru um tíma umsvifamiklir á fasteignamarkaðinum. Þeir stóðu meðal annars að ýmsum byggingaframkvæmdum í aðdraganda fjármálahrunsins í gegnum félagið Hanza-hópinn ehf. Þá áttu þeir töluverðan þátt í stofnun leigufélagsins Heimavalla sem varð í raun til með sameiningu smærri fasteignafélaga. Árið 2014 keyptu Arnar og Bjarki ásamt öðrum fjárfestum tvö fjölbýlishús á Selfossi sem síðar urðu hluti af eignasafni Heimavalla.

Félag bræðranna og Þórðar Más Jóhannessonar, fyrrverandi forstjóra Straums fjárfestingarbanka, seldi 16,8 prósenta hlut sinn í Heimavöllum árið 2016 en þá nam eignasafn leigufélagsins tæpum tíu milljörðum króna. **– þfh**

Virðið aukist um 70 milljarða

Afnám bankaskattsins getur aukið söluvirði ríkisbankanna um rúmlega 70 milljarða samkvæmt greiningu Bankasýslu ríkisins. Lækkun útlánsvaxta og útlánaaukning geti vegið upp á móti tekjutapinu.

Þorsteinn Friðrik Halldórsson
tfh@frettabladid.is

Afnám sérstaks bankaskatts, sem lagður er á íslensku bankana, myndi hækka söluvirðið sem ríkissjóður getur búist við að fá fyrir Landsbankann og Íslandsbanka um rúmlega 70 milljarða króna. Lækkun skatthlutfallsins niður í 0,145 prósent, eins og frumvarp fjármála- og efnahagsráðherra kveður á um, mun hækka söluvirðið um 44 milljarða króna. Þetta kemur fram í greiningu Bankasýslu ríkisins sem kynnt var á fundi efnahags- og viðskiptanefndar í síðustu viku.

Fjármála- og efnahagsráðherra hefur lagt fram frumvarp sem festir í lög þær fyrirætlanir stjórnvalda að bankaskattur lækki í fjórum jöfnum áföngum, úr 0,376 prósentum í 0,145 prósent, á árunum 2021 til 2024. Upphaflega var lagt upp með að fyrsta skref lækkunarinnar yrði tekið á næsta ári en með breytingu á fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar í sumar var lækkunarferlinu frestað um eitt ár.

Greining Bankasýslunnar sýnir að í fyrsta áfanganum, þ.e. þegar skatturinn lækkar í 0,318 prósent, muni tekjur ríkissjóðs lækka um 1,1 milljarð en virði eignarhluta ríkissjóðs í Íslandsbanka og Landsbankanum aukast um 11 milljarða. Sömu áhrifa gætir í næstu þremur áföngum. Eftir fjórða áfanga, þ.e.a.s. þegar búið er að lækka bankaskattinn niður í 0,145 prósent nema tekjur ríkissjóðs 2,8 milljörðum króna og hafa því lækkað um 4,3 milljarða króna. Á sama tímabili hefur virði eignarhluta ríkissjóðs í bönkunum tveimur aukist um 43,9 milljarða króna. Virðisaukningin myndi sem áður sagði nema 71 milljarði króna ef skatturinn yrði afnuminn.

Greiningin nær aðeins yfir tilfærsluna sem verður milli skatttekna ríkissjóðs og þess verðs sem ríkissjóður getur búist við að fá fyrir bankana. Bankasýslan bendir á að lækkun bankaskattsins hafi víðtækari áhrif. Þannig geti lækkun skattsins stuðlað að lækkun útlánsvaxta og útlánaaukningu sem vega upp á móti tekjutapi ríkisins. Bankaskattur vegna ársins 2018 nam um 9 milljörðum króna á síðasta ári.

„Það þarf hvort tveggja að meta áhrif skattsins á ríkissjóð og raunhagkerfið," segir Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslunnar, í samtali við Markaðinn. Bankasýsla ríkisins studdi á sínum tíma frumvarp til laga fyrir árið 2014 sem hækkaði skatthlutfallið og felldi úr gildi undanþágu aðila í slitameðferð. Nú styður stofnunin áformaða lækkun á skatthlutfallinu.

„Við höfum bent á mikilvægi þess að fram fari heildstæð endurskoðun á opinberum gjöldum fjármálafyrirtækja, í samræmi við ábendingar starfshóps um Hvítbók um framtíðarsýn fyrir fjármálakerfið," segir Jón Gunnar en í ýtarlegri samanburðargreiningu Bankasýslunnar fyrir starfshópinn kom fram að íslenskir bankar greiða einhver hæstu opinberu gjöld banka á Vesturlöndum.

Á Íslandi greiða bankar sérstakan skatt, þar sem skatthlutfallið er 0,376 prósent á skuldir umfram 50 milljarða króna. Bankasýslan varpar ljósi á að skatthlutfallið sé töluvert hærra en í Bretlandi þar sem bankar greiða sérstakan 0,160 prósent af skammtímaskuldum í skatt og 0,080 prósent af langtímaskuldum og eigin fé umfram 20 milljarða punda. Þá greiða hollenskir bankar sérstakan skatt þar sem skatthlutfallið er 0,044 prósent fyrir skammtímaskuldir og 0,022 prósent fyrir langtímaskuldir umfram 20,9 milljarða evra.

Munurinn á skattheimtu í Bretland og Hollandi annars vegar og á Íslandi hins vegar er sá að í Bretlandi og Hollandi kemur hluti skattsins til frádráttar við útreikning á tekjuskatti en ekki á Íslandi. Sérstakur skattur á íslenska banka er 7,3 prósent af rekstrartekjum þeirra en hjá stórum bönkum í Bretlandi og Hollandi nemur hlutfallið rúmlega einu prósenti. Auk þess nema opinber gjöld samtals 10,8 prósentum af rekstrartekjum íslensku bankanna samanborið við 4,6 prósent hjá stórum hollenskum bönkum.

Þá vekur Bankasýslan athygli á því að til standi að innleiða Evróputilskipunina BRRD sem gerir ráð fyrir að stofnaður sé sérstakur skilasjóður, sambærilegur við Tryggingarsjóð innstæðueigenda og fjárfesta, sem er ætlað að standa straum af kostnaði vegna skilameðferðar fjármálafyrirtækja og starfsemi skilavaldsins. Gert er ráð fyrir að skilasjóður verði fjármagnaður af fjármálafyrirtækjum. Í því samhengi er nefnt að greiðslur hollenska bankans ABN AMRO til skilasjóðs hafi á árinu 2018 numið tæplega 35 prósentum af þeim opinberu gjöldum sem bankinn þurfti að greiða en sérstakur skattur tæplega 29 prósentum. Til samanburðar nam bankaskatturinn 68 prósentum af opinberum gjöldum Landsbankans.

Bankar munu þurfa að greiða í skilasjóð þegar búið er að innleiða tilskipunina BRRD. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Fjárhagsleg áhrif frumvarpsins



Við höfum bent á mikilvægi þess að fram fari heildstæð endurskoðun á opinberum gjöldum fjármálafyrirtækja.

Jón Gunnar Jónsson, forstjóri Bankasýslu ríkisins.

TIL SÖLU!
Í REYKJANESBÆ

Flugvellir 20

Nýtt þjónustu- / iðnaðarhúsnæði nálægt Leifsstöð. (3ja mínútna akstur)

413,7 m² eining
276,3 m² eining

Eða selt saman sem eitt húsnæði samtals 690m². Stór lóð! Tilbúið til afhendingar, fullbúið að utan og tilbúið til innréttingar að innan með rafmagns- og hitalögnum.

Fullbúið hús að utan, með rafmagnstöflu og lýsingu í sal með öllum lagnastigum. Hita- og vatnslagnir, (ofnar og blásarar). Veggur á milli millilofts og aðalsalar uppkominn með stálstiga á milli hæða og eldvarnardyrum. Innveggjaeiningar fyrir skrifstofu, kaffistofu og WC fylgja en óuppsettar sem gefur kaupanda sveigjanleika að breyta innra skipulagi. Hita- og rafmagnsinntök fyrir hverja sölueiningu, en auðvelt að sameina báðar sölueiningarnar í eitt húsnæði.

Upplýsingar:
Baldur s. 660 6470

Fasteignasalan
GARÐUR
562-1200

Halldór Freyr Sveinbjörnsson • löggiltur fasteignasali
Sími: 693-2916 • halldor@fastgardur.is

Baltnesku löndin hafa verið framsækin í tölvuvæðingu. Þau byrjuðu á núllpunkti og eru ef til vill komin örlítið lengra á mörgum sviðum en við varðandi nýtingu upplýsingatækni, segir Jón Helgi

Horfir til frekari sóknar erlendis

Jón Helgi Guðmundsson segir að þetta hangi allt á spýtunni, Norvik byggi á timbri með einum eða öðrum hætti. Starfsmenn séu um tvö þúsund. Hann hafi ekki áhyggjur af því að markaðsvirði Bergs Timber hefur lækkað um tæp 30 prósent á einu ári.

Helgi Vífill Júlíusson
helgivifill@frettabladid.is

Norvik, sem rekið er í höfuðbundinni skrifstofu í Kórahverfi í Kópavogi, leynir á sér. Um er að ræða eitt stærsta fjölskyldufyrirtæki landsins og á það í umfangsmiklum rekstri í Austur-Evrópu. Forstjóri samstæðunnar segir að starfsmenn séu um tvö þúsund, þar af séu um 1.500 hjá Bergs Timber. Um tveir þriðju hlutar veltunnar komi að utan.

Eignir samstæðunnar voru bókfærðar á 270 milljónir evra og eigið fé var 194 milljónir evra, jafnvirði um 27 milljarða króna, árið 2018.

„Þetta hangir allt á spýtunni," segir Jón Helgi Guðmundsson, forstjóri og aðaleigandi fyrirtækisins, um samsetningu dótturfélaganna.

Stofnað 1962

Uppruna samstæðunnar má rekja til reksturs byggingavöruverslunarinnar Byko en frá stofnun hennar 1962 hefur bæst við ýmis timburvinnsla í Austur-Evrópu og rekstur hafnar í Bretlandi en til útskýringar segir Jón Helgi að kostnaður við vöruflutninga sé drjúgur þáttur af verði timburs. Auk þess á Norvik hlut í sænsku fyrirtæki sem sinnir skógrækt í nokkrum löndum.

Jafnframt á Norvik fasteignafélagið Smáragarð sem á um 70 þúsund fermetra af atvinnuhúsnæði og hýsir flestar fasteignir Byko.

Fyrir um ári sameinuðust öll timburfyrirtæki Norvik nema eitt sænska félaginu Bergs Timber sem skráð er í sænsku kauphöllina. Við það eignaðist íslenska samstæðan 64 prósenta hlut í fyrirtækinu.

Velta Bergs Timber var að jafnvirði 39 milljarða íslenskra króna frá september 2017 til desember 2018, samkvæmt ársskýrslu. Markaðsvirði hlutarins er tæpir sjö milljarðar en vegna erfiðra markaðsaðstæðna hafa bréfin fallið um tæp 30 prósent á einu ári.

Engar áhyggjur

„Ég hef engar áhyggjur af því. Lækkunina má rekja til tímabundinna markaðsaðstæðna. Skordýraárásir hafa leitt til aukins framboðs af trjám á markaðnum og því lækkar verð," segir hann. Um það verður fjallað nánar síðar í viðtalinu.

Jón Helgi á einnig fasteignafélag í Lettlandi sem heyrir ekki undir Norvik. „Það er sæmilega stórt," segir hann. Það leigir meðal annars byggingavöruversluninni Depo, sem er sú stærsta sinnar tegundar í baltnesku löndunum, húsnæði undir tvær verslanir.

Umrætt félag Jóns Helga hefur sömuleiðis fjárfest í nýsköpunarfyrirtæki sem aðstoðar fyrirtæki við að finna bestu flutningaleiðina. Á meðal viðskiptavina er lettneskt ríkisfyrirtæki sem á um helming skóglendis í Lettlandi.

Breyttist við sölu Kaupáss

Er langt síðan meirihluti veltunnar kom að utan?

„Hlutfallið breyttist árið 2013 við sölu á Kaupási, sem átti Krónuna, Elko, Nóatún, Intersport, vöruhúsið Bakka, auglýsingastofuna Expo og fasteignir. Lengi vel hefur meirihluta afkomunnar mátt rekja til erlendu starfseminnar," segir hann.

Jón Helgi segir að Bergs Timber reki þrjár verksmiðjur í Lettlandi sem áður hafi verið undir hatti Norvik. Vika Wood sé stærsta sögunarmylla baltnesku landanna og framleiði 270 þúsund rúmmetra á ári sem sé drjúgur stafli.

„Það koma 50 trukkar á dag með trjáboli og aðrir 50 fara með sagað timbur. Stærsti einstaki markaðurinn er Japan en við erum að selja í auknum mæli til heimamarkaðarins sem við skilgreinum sem Eistland, Lettland og Litháen. Það á sér stað mikil uppbygging í þessum löndum.

> Ég er mikill rekstrarkarl, fer í smáatriðin, alveg „nitty-gritty".

Fyrsta strandhögg okkar í Austur-Evrópu var árið 1993 þegar Byko Lat var stofnað í Lettlandi. Þar framleiðum við 200 þúsund rúmmetra af timbri. Fyrirtækið kaupir sagað timbur af öðrum og flokkar það, þurrkar, gagnver og útbýr panilklæðningar. Það er stærsta fyrirtæki sinnar tegundar í Evrópu.

Bretland er stærsti markaður Byko Lat en sala til Frakklands hefur verið að aukast. Það er gaman að segja frá því að við seljum meðal annars til eyja í Karíbahafinu í gegnum franskan umboðsmann. Við leyfum okkur að segja að það sé stærsta endurvinnslufyrirtæki í Evrópu á timbri.

Byko Lat selur einnig mikið

Átti í Bókun sem TripAdvisor keypti

Norvik átti 24 prósenta hlut í hugbúnaðarfyrirtækinu Bókun sem selt var til TripAdvisor árið 2018 fyrir 23 milljónir dollara eða tæplega þrjá milljarða króna.

Hvernig kom sú fjárfesting til?

„Hjalti Baldursson, framkvæmdastjóri Bókunar, er gamall samstarfsmaður okkar," segir Jón Helgi. Hjalti stýrði Straumborg, fjárfestingarfélagi fjölskyldunnar, á árunum 2005-2012.

„Bókun þurfti að komast yfir ákveðinn hjalla til að komast alla leið með fyrirtækið og við lögðum honum lið enda höfðum við trú á persónum og leikendum. Það var glæsileg útkoma," segir Jón Helgi.

Fram hefur komið í Markaðnum að Norvik hafi fjárfest í Bókun fyrir um tvær milljónir evra árið 2017. Á núverandi gengi eru það 276 milljónir króna. Ári síðar var félagið selt fyrir 23 milljónir dollara eða tæplega þrjá milljarða. Miðað við það fékk Norvik tæplega sjö hundruð milljónir króna við söluna.

FÓLK
Heimili

MIÐVIKUDAGUR 30. OKTÓBER 2019

Brynjar segir að samstarfið við MK Illumination auðveldi Garðlist mjög mikið að tryggja að jólaskraut dragi að viðskiptavini. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Fallegar skreytingar laða að viðskiptavini

Jólaskreytingar ættu í raun að vera hluti af auglýsingakostnaði fyrirtækja, því þær laða fólk að og auka viðskipti. Garðlist vinnur með erlendum sérfræðingum til að kalla fram þessi áhrif fyrir bæði sveitarfélög og fyrirtæki. ↬2

Framhald af forsíðu

Garðlist þjónustar einstaklinga, húsfélög, fyrirtæki og bæjarfélög allt árið um kring. Yfir sumartímann sinnir fyrirtækið viðhaldi á görðum og annars konar garðyrkju en á veturna færist áherslan yfir á snjómokstur og jólaskreytingar.

„Jólaskreytingar þjóna fyrirtækjum mjög vel og ættu í raun að vera hluti af markaðskostnaði þeirra," segir Brynjar Kjærnested, skrúðgarðyrkjumeistari og framkvæmdastjóri Garðlistar. „Góðar skreytingar trekkja fólk að og auka umferð, sem skilar sér í aukinni verslun. Um leið verður húsnæði verslananna verðmætara.

Það er því mjög mikilvægt að leggja mikið upp úr skreytingum og líta á þær sem fjárfestingu," segir Brynjar. „Við höfum sagt að það sem þú eyðir í jólaskreytingar skili sér alltaf til baka."

Samstarf við erlenda sérfræðinga

Garðlist er í sterkri stöðu til að tryggja að jólaskraut hafi tilætluð áhrif fyrir fyrirtæki. „Við vinnum með MK Illumination, sem er stærsta jólaskreytingafyrirtæki í heimi," segir Brynjar. „Það sér um að skreyta mörg þekktustu kennileiti heims, t.d. jólatréð við Rockefeller Center í New York og miðborg Stokkhólms.

Samstarfið við MK Illumination gefur okkur sérstöðu. Þar eru sérfræðingar á sínu sviði sem gera nánast ekkert annað en jólaskreytingar," segir Brynjar. „Við fáum mikinn stuðning frá þeim, hvort sem við erum að vinna fyrir einstaklinga, fyrirtæki eða sveitarfélög og vinna þau náið með okkur að hönnuninni.

Einstaklingum er boðið að leigja skraut og það hefur verið mjög vinsælt.

> Við notum vörur frá MK Illumination, en helsta sérkenni þeirra er að þau endast mun lengur en flest önnur LED-ljós.

Eftir að við byrjuðum að vinna með þeim höfum við tekið að okkur nokkur stór verkefni, eins og jólaköttinn, sem vakti mikla athygli í miðbænum í fyrra, en það er fyrsta stóra skreytingin sem við höfum flutt til landsins og sett upp," segir Brynjar. „MK Illumination er alltaf með ákveðna nálgun á hverju svæði og fólkið þar heillaðist af jólasveinunum okkar og þá sérstaklega jólakettinum þegar það kafaði ofan í sögu landsins. Þaðan kom hugmyndin um að gera heimsins stærsta jólaköttt.

Eitt af mörgum dæmum um það hvernig jólaljós trekkja að er í Salerno á Ítalíu, þar sem umferð jókst úr 300 þúsund manns í fjórar milljónir milli jóla og að sama skapi jókst verslun á svæðinu um 140% eftir að MK Illumination var fengið til að skreyta svæðið.

Skraut ætti líka helst að vera gagnvirkt. Þess vegna er kötturinn tilbúinn að grípa vegfarendur í klærnar og þegar fólk stillir sér upp hjá honum lítur út eins og kötturinn sé að fara að bíta hausinn af því," segir Brynjar. „Fyrir vikið vill fólk láta taka mynd af sér við köttinn sem annað fólk sér svo á samfélagsmiðlum og þannig skapar skrautið upplifun og dregur athygli að svæðinu. Þessi athygli er lykilatriði í að láta skreytingarnar vinna fyrir fyrirtækin og jólatíminn er dýrmætasti tíminn til að fá þessa aukaumferð."

Jólakötturinn í miðbænum er dæmi um skraut sem bæði skapaði upplifun og dró athygli að svæðinu.



Garðlist getur séð um skreytingar fyrir alla, hvort sem það eru einstaklingar, fyrirtæki, húsfélög eða sveitarfélög.

Vandaðar vörur sem endast lengur

„Þegar við vinnum skreytingar fyrir einstaklinga höfum við boðið fólki að leigja skrautið og það hefur verið mjög vinsælt," segir Brynjar. „Við notum vörur frá MK Illumination, en helsta sérkenni þeirra er að þau endast mun lengur en flest önnur LED-ljós. Eftir 10 þúsund klukkustundir halda ljósin enn 98% af styrkleika sínum, sem er endingartími sem enginn önnur jólaljós geta státað sig af. Þannig að þó þessi ljós séu dýrari til að byrja með eru þau ódýrari til lengri tíma litið, því endingin er svo góð.

Við hvetjum alla til að hafa samband við okkur, við vinnum í bæði stórum og litlum verkum," segir Brynjar og glóir.

Verkfræði & arkitektúr

MIÐVIKUDAGUR 30. OKTÓBER 2019 Kynningar: Lota, Mannvit, BYKO, Ístak, Límtré



Einar Garðarsson og Ásta Logadóttir hafa unnið að hönnun og forritun lýsingarinnar. Lýsingin er forrituð þannig að ljósið er mismunandi á ólíkum tímum dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Dægursveiflulýsing sem stuðlar að bættri heilsu

Nýlega tók verkfræðistofan Lota að sér að hanna og forrita sérstaka dægursveiflulýsingu á hjartadeild Landspítalans. Lýsingin hefur þann tilgang að hjálpa sjúklingum deildarinnar að vakna á morgnana og sofna á kvöldin. Einnig hjálpar hún starfsfólkinu að ná betri svefni. →2



Ljósrófið er mælt til að tryggja að réttar bylgjulengdir ljóssins séu til staðar á réttum tímum dags. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Framhald af forsíðu

Doktor Ásta Logadóttir, verkfræðingur og sérfræðingur í lýsingarfræðum, segir lýsinguna sérhannaða til að hjálpa fólki að vakna á morgnana og sofna á kvöldin. „Erlendis hefur þetta verið notað mikið en þetta er fyrsta verkefni sinnar tegundar á Íslandi. Lýsingin er hönnuð til þess að sjúklingar fái betri svefn sem stuðlar að bata. Lýsingin getur einnig hjálpað vaktavinnandi starfsfólki á deildinni að sofna þegar það kemur heim af vaktinni," segir Ásta.

Hún segir að verkefnið sé í nánu samstarfi við sjúklinga og starfsfólk deildarinnar. „Við erum búin að setja lýsinguna upp á hjartadeild Landspítalans. Við notum erlenda þekkingu sem hefur reynst mjög vel. Við erum að þróa hana hér og heyrum því reglulega í notendunum, bæði sjúklingunum og starfsfólkinu. Þau láta okkur vita ef eitthvað má betur fara. Það er hagur okkar allra að vel takist til."

Lýsingin virkar þannig að allir lampar á deildinni eru tengdir við kerfi sem hefur verið sérstaklega forritað til að stýra ljósum eftir klukkunni. Þeir Einar Garðarsson og Sverrir Jónsson hjá Lotu hafa séð um forritunina. „Segjum sem svo að þú kveikir ljós klukkan 9 á morgnana, þá færðu mikið ljós og kaldan lit sem líkist dagsbirtunni úti. En ef þú kveikir á sama ljósi að kvöldi til, þá færðu allt aðra lýsingu. Þá kemur dempað hlýtt ljós sem hvetur þig til að fara að sofa. Það er sem sagt stýrikerfið sem stjórnar lýsingunni. En svo er alltaf hægt að slökkva á ljósinu ef enginn er að nota rýmið," segir Ásta.

„Við höfum farið í gegnum ýmsar breytingar á kerfinu eftir ábendingar frá starfsfólki og sjúklingum. Segjum sem svo að við höfum stillt ljósin þannig að á ákveðnum tímum komi meiri birta til að vinnuaðstaðan verði betri, en reynsla starfsfólksins sýnir að það er óþarfi, þá ýmist breytum við grunnstillingunum eða bjóðum upp á valmöguleika, allt eftir því hver notkun rýmisins er."

Dagsbirtan er best

Ásta segir að tvisvar á ári séu kjöraðstæður á Íslandi hvað varðar birtu fyrir dægursveiflur. Á haustin og vorin er dagsbirta á daginn og myrkur á nóttunni. „Á veturna fáum við aftur á móti ekki nógu mikið ljós. Það sem við gerum með þessari dægursveiflulýsingu er að bæta upp fyrir vöntun á dagsljósi. Á sumarkvöldum viljum við forðast kalda litinn sem kemur frá dagsbirtunni. Kalda ljósið takmarkar framleiðslu hormónsins melatóníns og heftir það að við verðum þreytt á kvöldin. Þá er best að draga fyrir glugga og hafa hlýja dempaða, kósí birtu sem hefur minni áhrif á framleiðslu melatóníns."

Dægursveiflulýsing eins og þessi hentar best í rýmum þar sem fólk dvelur í lengri tíma. Slík lýsing hentar því aðallega fyrir vinnustaði, skóla, leikskóla og dvalarheimili. „Það sem skiptir aðalmáli er aðgengi að dagsbirtu. Dagsbirtan er það besta sem þú getur fengið. Ef allir kæmust út í hálftíma göngutúr í dagsbirtu daglega þá værum við að fá þennan ljósskammt sem við þurfum. En þar sem við búum

> **Ef þú kveikir ljós klukkan 9 á morgnana þá færðu ljós sem líkist dagsbirtunni úti. En ef þú kveikir sama ljós að kvöldi til, þá færðu allt annan lit.**
>
> Ásta Logadóttir

ekki við þær aðstæður og veðrið á Íslandi er ekki alltaf að vinna með okkur þá er þetta leið til að bæta upp fyrir vöntun á dagsbirtu," segir Ásta. „Það er líka farið að byggja mjög þétt í Reykjavík og þá eru margir staðir, sérstaklega á neðri hæðum, sem fá takmarkað dagsljós inn um gluggana. Margir eru einnig með filmur í gluggum sem takmarka ljósið. Í slíkum tilfellum skiptir raflýsingin mjög miklu máli."

Verkfræðistofan Lota hefur verið að skoða möguleikann á að nota dægursveiflulýsingu á sjúkrahúsum í tvö ár. „Við höfum verið að vinna við nýja Landspítalann í rafkerfishönnum og brunahönnun svo þetta er hugmynd sem við höfum verið að skoða. Á spítölum er starfsemi allan sólarhringinn og því áhugavert að vinna með ljósið í þeim. Það hefur þess vegna verið gaman og lærdómsríkt að fá tækifæri til að prófa þetta á hjartadeildinni," segir Ásta.

Við hönnun á dægursveiflulýsingu skiptir miklu máli hvaðan ljósið kemur og hvaða eiginleikum það býr yfir. Í hönnunarferlinu er stuðst við lýsingarforrit til að áætla áhrif ljóss á notendur og mælingar notaðar til að sannreyna niðurstöður útreikninga. Lýsingarhönnun var í höndum Ástu og Láru Örlygsdóttur lýsingarhönnuðar.

Fjölbreytt verkefni

Lota hefur verið að vinna í ýmsum verkefnum öðrum en lýsingu. Mörg verkefni Lotu hafa verið í áætlanagerð, fýsileikagreiningum og verkefnaþróun. Einnig hefur Lota í vaxandi mæli látið að sér kveða í sjálfbærni- og umhverfisráðgjöf.

Starfsmenn Lotu hafa annast hönnun bæði smærri og stærri verkefna um allt land. Fyrir utan vinnu við nýja Landspítalann má nefna orkumannvirki, sjúkrahús, gagnaver, hjúkrunarheimili, íþróttahús, hótel, ýmsar opinberar byggingar sem og íbúða- og atvinnuhúsnæði. Þá hafa þeir einnig komið að ýmsum verkefnum erlendis og tekið þátt í nýsköpunarverkefnum.

Til nýlegra og yfirstandandi verkefna má telja: hönnun nýs raforkudreifikerfis fyrir Keflavíkurflugvöll, alhliða hönnun gagnaversgarðs Advania á Reykjanesi, þar með talin raforkudreifing með smartnetslausnum. Hönnun gagnaversbygginga og aðstoð við hönnun gagnaversgarðs Etix Everywhere Borealis á Blöndurósi, byggingarhönnun hátæknifrystihúss í Vestmannaeyjum og alhliðahönnun fyrir ÍAV vegna stórhýsa á Kirkjusandsreit. Bruna- og rafmagnshönnun fyrir sendiráð og afhending og hönnun Klettaskóla. Öryggishönnun fjölmargra fyrirtækja og stofnana, þar með taldar viðbragðs- og rýmingaráætlanir fyrir fjölmarga aðila, til dæmis flugstöðina í Keflavík, Smáraturn og heilbrigðisstofnanir ásamt fjölbreyttri ráðgjöf og fræðslu á sviði brunavarna, öryggis og vinnuverndar.

Núverandi verkefni sýna breitt verksvið Lotu og það traust sem viðskiptavinir sýna Lotu til að klára krefjandi og fjölbreytt verkefni sem krefjast útsjónarsemi og áreiðanleika.



Ásýnd á stýriforrit fyrir dægursveiflulýsingu. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Að degi til er mikið ljós á ganginum og kaldur litur til að líkja eftir dagsbirtu. Kalda ljósið heftir að við verðum þreytt. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI



Að kvöldi til eru ljósin dempuð og hlý birta kemur. Hlýja ljósið takmarkar ekki framleiðslu melatóníns og hjálpa fólki að sofna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Útgefandi: Torg ehf | Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir | Sölumaður auglýsinga: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, | Veffang: frettabladid.is

ÞEKKING
Í VERKI



Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafarfyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði og í umhverfis- og skipulagsmálum. Reynsla og þekking skilar sér til viðskiptavina í traustri og faglegri ráðgjöf og fjölbreyttum lausnum.

VERKÍS
VERKFRÆÐISTOFA

Verkís verkfræðistofa | Ofanleiti 2 | 422 8000 | www.verkis.is | verkis@verkis.is

Vottaður mygluleitarhundur

Mygluleitarhundurinn Hanz hefur tekið til starfa og nýtist sérstaklega vel við að finna leynda myglu í húsnæði.

Jóhönna Þorbjörg Magnúsdóttir og Einar Ragnarsson með mygluleitarhundinn Hanz. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Mannvit hf. og Allir hundar ehf. luku fyrr á árinu því samstarfsverkefni að þjálfa mygluleitarhundinn Hanz. „Hann opnar nýja vídd við mygluleit; á meðan mannfólkið leitar að sýnilegum merkjum rakaskemmda getur Hanz fundið þær á lyktinni. Í Mið-Evrópu er notkun mygluhunda útbreidd aðferð við að finna leyndar rakaskemmdir og aðferðin er m.a. viðurkennd af umhverfisstofnun Þýskalands," segir Kristján Guðlaugsson, byggingarverkfræðingur hjá Mannviti.

Hundurinn Hanz stóðst prófið með 100% árangri

Hanz er fyrsti og eini vottaði mygluleitarhundurinn á Íslandi. Alma Dagbjört Ívarsdóttir, og Kristján starfa hjá Mannviti og hafa unnið að þessu verkefni frá upphafi. „Hanz er einstaklega góð viðbót í innivistarteymið okkar sem veitir alla ráðgjöf á sviði mygluvandamála og bættrar innivistar hjá fyrirtækjum og stofnunum," segir Alma Dagbjört, sérfræðingur á sviði innivistar og loftgæða hjá Mannviti. „Hann stóðst viðurkennt próf í september hjá þýskum samtökum aðila sem vinna að greiningu rakaskemmda og er þar með orðinn fyrsti vottaði íslenski hundurinn í mygluleit. Vottunin er mikilvægur gæðastimpill og sýnir að mikil vinna og ströng þjálfun við mjög sérhæfða leit hefur skilað frábærum árangri," bætir Kristján við.

Prófið hefur verið notað í fjölda ára fyrir hundateymi í mörgum löndum. Jóhanna Þorbjörg Magnúsdóttir hefur annast og þjálfað Hanz frá upphafi. Jóhanna og Hanz þurftu að þreyta prófið innan stífra tímamarka og finna skemmd byggingarefni sem höfðu verið falin í prófunarhúsnæðinu. Teymið náði prófinu með 100% árangri.

Gerir mygluleit skilvirkari

„Gæði innivistar í húsnæði eru gríðarlega mikilvæg og hafa áhrif á bæði heilsu okkar og velferð. Því er mikilvægt að við séum meðvituð um innra umhverfið okkar og grípum strax til aðgerða ef grunur er um slæma innivist. Fyrst og fremst viljum við leggja áherslu á að tryggja fólki heilnæmt húsnæði," segir Alma. Markmið Mannvits með þátttöku í verkefninu er að gera leit að rakaskemmdum skilvirkari og markvissari svo hægt sé að grípa strax til aðgerða ef þess er þörf. „Rannsóknir hafa staðfest að orsakasamhengi er á milli rakaskemmda í húsnæði og heilsubrests, rakaskemmdir menga inniloft í húsnæðinu og mengun getur haft áhrif á heilsufar fólks. Það er því mjög mikilvægt að laga rakaskemmdir, en stundum getur verið þrautin þyngri að finna þær og sérstaklega ef þær eru huldar inni í byggingarhlutum, undir gólfefnum og slíku," segir Kristján.

Erlendis er notkun mygluleitarhunda mikilvægur þáttur í greiningu skemmdra bygginga og sérstaklega við að finna huldar skemmdir. Mannvit hf. og Allir hundar ehf. vonast til þess að mygluleitarhundurinn muni gera leit að rakaskemmdum í húsnæði bæði fljótlegri og nákvæmari.

Kristján og Alma segja að Hanz opni nýja vídd með mygluleit. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

> Gæði innivistar í húsnæði eru gríðarlega mikilvæg og hafa áhrif á bæði heilsu okkar og velferð. Því er mikilvægt að við séum meðvituð um innra umhverfið okkar og grípum strax til aðgerða.
>
> Alma Dagbjört Ívarsdóttir

Stórbrotið hótel í Singapore

Marina Bay Sands hótelið í Singapore er eitt óvenjulegasta hótel í heimi. Þrír turnar halda uppi efstu hæðinni sem lítur út eins og skip. Þar er bæði þakbar og glæsilegur sundlaugargarður.

Elín Albertsdóttir
elin@frettabladid.is

Það þurfti mikið hönnunar- og verksvit til að leysa þrautina við bygginguna sem kostaði líka sitt. Las Vegas Sand fyrirtækið er eigandi hótelsins sem hýsir 2.561 herbergi, 120 þúsund fermetra ráðstefnumiðstöð, 74 þúsund fermetra verslunarmiðstöð, safn, leikhús, sjö veitingastaði, skautahöll og spilavíti. Fyrir utan eru fljótandi vísindasýningarsalir. Moses Safdie er skráður arkitekt.

Upphaflega átti að opna hótelið 2009 en vegna kostnaðar og skorts á vinnuafli tafðist byggingin sem stendur á afar fallegum stað í miðborg Singapore. Auk þess dundi yfir fjármálakreppa í Asíu. Hluti hótelsins var opnaður í júní 2010 en aðalopnunin var 17. febrúar 2011. Rætt hefur verið um að byggja fjórða turninn á hótelið fljótlega. Marina Bay hótelið er mikið aðdráttarafl og ferðamenn vilja ólmir komast á þakið til að virða fyrir sér borgina. Það kostar rúmlega 2.000 krónur inn en ef fólk kaupir sér drykk, til dæmis Singapore Sling, á þakbarnum er drykkurinn innifalinn í verðinu.

Byggingin skapaði mikla tæknilega áskorun og var stöðugt verið að meta og greina bygginguna á byggingartímanum og var þess vegna mikið eftirlit með henni.

Þakbarinn á Marina Bay hótelinu er glæsilegur. Þar er hægt að setjast niður og fá sér einn Singapore Sling.



Hótelgestir hafa aðgang að sundlaugargarðinum á þakinu. Ekki slæmt að virða fyrir sér borgina þaðan.

Marina Bay hótelið í Singapore er engin smá smíði og einstaklega glæsilegt að auki. Á efstu hæðinni sem lítur út eins og skip er bæði þakbar og sundlaugargarður. NORDICPHOTOS/GETTY

> Hótelið er orðið að kennileiti í borginni og sést á flest öllum myndum frá Singapore. Sólsetrið er á fáum stöðum glæsilegra.

Sérkennið er auðvitað sundlaugin á þakinu þar sem jafnframt eru skokkleiðir.

Hótelherbergin eru afar glæsileg en það kostar á bilinu 35-175 þúsund að gista þar í eina nótt eftir því hvers konar herbergi er valið. Hótelið er 57 hæðir og útsýnið er víðáttumikið yfir borgina og flóann í kring. Hótelið er orðið að kennileiti í borginni og sést á flest öllum myndum frá Singapore. Sólsetrið er á fáum stöðum glæsilegra en á þaki Marina Bay auk ljósasýningarinnar í borginni sjálfri. Á hótelinu er Michelin-stjörnu veitingastaður.

Þeir sem eiga leið um Singapore ættu endilega að kíkja á þakið og virða fyrir sér dásamlegt útsýni, ekki væri verra að heimsækja það bæði að degi og kvöldi. Sundlaugin og garðurinn í kringum hana er ætluð hótelgestum.

Við hjálpum þér með

Stóru verkin!

Fyrirtækjasvið BYKO vinnur af fagmennsku fyrir alla þá aðila sem koma að verklegum framkvæmdum. Framsækið og metnaðarfullt starfsfólk okkar er í fararbroddi hvað varðar tæknilegar heildarlausnir og nýjungar í byggingariðnaði.

Starfsmenn okkar aðstoða viðskiptavini við efnisútreikninga ásamt því að útbúa tilboð í alla efnisþætti sem snúa að framkvæmdum.

Nánari upplýsingar að finna á vefsíðu okkar *www.byko.is*

Við seljum alla grófa byggingavöru eins og timbur, stál, steinull, gips og múrefni ásamt því að veita ráðgefandi þjónustu við val á hentugu efni.

Sölumenn okkar leitast við að svara öllum spurningum sem brenna á viðskiptavinum okkar.

Sérfræðingar í rakaskemmdum

Fyrir tveimur árum stofnaði ÍSTAK sérstaka deild til að sjá um viðhald á fasteignum. Deildin hefur sérhæft sig í viðgerðum á skemmdum vegna raka og myglu og er nú komin með góða reynslu.

ÍSTAK er að verða 50 ára á næsta ári og er fyrst og fremst þekkt fyrir stórframkvæmdir eins og virkjanir, jarðgöng og stórar byggingar, en samhliða því hefur fyrirtækið líka sinnt stórum viðhalds- og endurbótaverkefnum, m.a. á sendiráðum, Hallgrímskirkju, Alþingishúsinu, Bessastöðum og fleiri slíkum byggingum," segir Hermann Guðmundsson, verkefnastjóri viðhaldsþjónustu ÍSTAKS.

„Fyrir tveimur árum stofnuðum við svo sérstaka deild utan um slík verkefni og höfum sótt á þann markað samhliða stórframkvæmdunum," segir Hermann. „Það var bæði vegna þess að það var talið henta fyrirtækinu vel að víkka út starfsemina og vegna þess að það var þörf fyrir traustan verktaka á fasteignaviðhaldsmarkaði, en fagaðilar í fasteignarekstri eru helstu viðskiptavinir okkar.

Þetta er sjálfstæð deild innan fyrirtækisins, sem tryggir lipurð og sveigjanleika," segir Hermann. „ÍSTAK er þekktast fyrir stórframkvæmdir en við þjónustum viðskiptavini líka með margt smátt."

Í samstarfi við verkfræðistofur

„Til að auka enn sérstöðu okkar og bæta þjónustu okkar til viðskiptavina höfum við svo sérhæft okkur í rakaskemmdum og myglu," segir Hermann. „Verkfræðistofur hafa hvatt okkur til að koma inn á þann markað og við sjáum að mörg viðhaldsverkefni, sérstaklega þau sem eru tilkomin vegna skorts á viðhaldi, tengjast rakaskemmdum. Þá þarf sérhæfð

Hermann Guðmundsson, verkefnastjóri viðhaldsþjónustu, og Steindór Gunnar Magnússon, verkefnastjóri raka- og mygluteymis ÍSTAKS. ÍSTAK býr yfir mikilli sérfræðikunnáttu varðandi viðgerðir á rakaskemmdum og myglu.

vinnubrögð til að leysa úr málunum og lagfæra skemmdirnar.

Við höfum átt í mjög góðu samstarfi við stóru verkfræðistofurnar varðandi svona vinnu og höfum unnið verkefni tengd rakaskemmdum þar sem grunur var um myglu fyrir sveitarfélög og stofnanir, meðal annars í húsnæði Varmárskóla í Mosfellsbæ," segir Hermann.

Við höfum fylgt verkferlum þessara verkfræðistofa, þar sem það er enginn samræmdur staðall í gildi hér á landi um hvernig eigi að vinna við þessar aðstæður," segir Hermann. „Við höfum skoðað erlenda staðla og rætt við verkfræðistofurnar um hvaða stöðlum sé best að fylgja og hvaða verkferlar eigi að vera í gildi í svona verkefnum. Við vinnum líka gæðaúttektir og gæðaeftirlit út frá þessum verkferlum."

Það þarf að búa til sérstakar aðstæður þegar gert er við raka- eða mygluskemmdir og setja upp góðar varnir fyrir bæði umhverfi og mannskap. MYND/RAGNAR TH. SIGURÐSSON

> **Til að auka enn sérstöðu okkar og bæta þjónustu okkar til viðskiptavina höfum við svo sérhæft okkur í rakaskemmdum og myglu.**

Stöðug fræðsla og góð reynsla

„Til að verða sérfræðingar í viðgerðum á rakaskemmdum höfum við þjálfað mannskapinn okkar og erum stöðugt með hann í þjálfun," segir Hermann. „Við rekum fræðslueiningu innan ÍSTAKS þar sem boðið er upp á ýmis námskeið fyrir starfsfólk um vinnubrögð við viðgerðir á myglu- og rakaskemmdum auk ýmissa námskeiða sem tengjast byggingastarfsemi almennt.

Við höfum líka komið okkur upp sérhæfðum tækjum, því það þarf að búa til ákveðnar aðstæður þegar það er verið að gera við raka- eða mygluskemmdir og setja upp góðar varnir fyrir bæði umhverfi og mannskap," segir Hermann. „Við tókum þá afstöðu að ganga alla leið í þessum verkefnum, taka þetta alvarlega og tryggja öryggi okkar og okkar viðskiptavina.

Eftir að hafa unnið nokkur svona verkefni hefur orðið til þekking innan fyrirtækisins um hvernig eigi að meðhöndla svona verkefni og hún nýtist okkur í öllum verkefnum, hvort sem það er í viðhaldi eða nýbyggingum," segir Hermann.

Stórkostlegt hús sem stendur á fossi

Fallingwater er hús í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum hannað af arkitektinum Frank Lloyd Wright árið 1935. Húsið þykir sérstakt því að það stendur að hluta til ofan á fossi sem fellur undir því.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Húsið sem stendur á klöppum á náttúruverndarsvæðinu Bear Run var upprunalega hugsað sem helgarheimili fyrir viðskiptajöfurinn og verslunareigandann Edgar Kaufmann og fjölskyldu hans. Fjölskyldan var vön að fara reglulega í frí að fossinum og óskaði eftir því við Wright að hanna hús sem stæði á móti fossinum svo þau hefðu útsýni yfir hann. Wright aftur á móti ákvað að hanna húsið ofan á fossinum sjálfum og gera hann þannig að hluta af húsinu.

Wright hafði lengi verið aðdáandi japanskrar byggingarlistar sem veitti honum innblástur við hönnun Fallingwater-hússins. Wright vildi skapa samspil milli mannsins og náttúrunnar og hafði það að leiðarljósi við hönnunina.

Hljóðið í fossinum þegar vatnið fellur á klappirnar ómar stöðugt um allt húsið. Húsið að innan er hannað út frá arninum sem Wright sá fyrir sér að yrði aðalsamkomustaður fjölskyldunnar. Klettur úr berginu brýst inn í arininn og gerir þannig náttúruna fyrir utan hluta af húsinu að innan. Öll hönnun



Húsið var valið fallegasta bygging 20. aldarinnar. NORDICPHOTOS/GETTY

innanhúss minnir á náttúruna í kring. Frá stofunni eru tröppur sem liggja beint út í fossinn fyrir neðan sem fjölskyldan nýtti sér oft til að dýfa sér í ána á heitum sumardögum. Það er lágt til lofts í herbergjum hússins til þess að augu fólk beinist út í átt að náttúrunni frekar en að leita upp á við.

Utanhúss eru stórar svalir á nokkrum hæðum sem raðast upp líkt og klappirnar sem fossinn fellur niður um. Þessi hönnun á svölunum gerir það að verkum að húsið fellur einstaklega vel að

> Hljóðið í fossinum þegar vatnið fellur á klappirnar ómar stöðugt um allt húsið. Húsið að innan er hannað út frá arninum sem Wright sá fyrir sér að yrði aðalsamkomustaður fjölskyldunnar

náttúrunni. Húsið er að mestu byggt úr steinsteypu en einnig úr sandsteini frá náttúrunni í kring. Húsið er tæpir 1.700 fermetrar en árið 1939 var bætt við rúmlega 500 fermetra gestahúsi.

Árið 2000 var Fallingwater valin fallegasta bygging 20. aldarinnar af samtökum bandarískra arkitekta. Í dag er húsið friðað. Það er í eigu minjastofnunar í Pennsylvaníu en sonur Kaufmann-hjónanna gaf stofnuninni húsið árið 1964. Í dag heimsækja hátt í 200 þúsund ferðamenn húsið árlega. Gestir geta fengið leiðsögn um húsið og gestafjöldi er takmarkaður.

Sérhæfð ráðgjöf við viðhald og endurbætur

Viðhald fasteigna er okkar sérgrein. Við störfum fyrir einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög og tryggjum að verkin séu unnin af fullkominni fagmennsku.

verksyn.is | 517 6300

VERKSÝN

Stálheiðarleg framleiðsla með áherslu á sjálfbærni

Límtré Vírnet sér um allt það helsta sem þarf til þess að hanna og búa til byggingar. Andri Daði Aðalsteinsson, forstöðumaður sölu- og markaðssviðs, segir mikla eftirvæntingu um þessar mundir eftir umhverfisvænni stálklæðningu sem sé væntanleg á markaðinn.

Andri segir Límtré Vírnet vinna samkvæmt metnaðarfullri framtíðarsýn. „Áherslur fyrirtækisins eru á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð í byggingariðnaðinum," segir Andri. Þá er fyrirtækið nú að taka inn umhverfisvænt litað stál sem framleitt er í Svíþjóð (GreenCoat). Hann segir mikla eftirvæntingu og vonir bundnar við þessa nýju vöru, sem sé umhverfisvæn og afurð umfangsmikillar vinnu og rannsókna undanfarinn áratug.

Repjuolía notuð í stað jarðefnaeldsneytis

„Varan byggir á svokallaðri „bio-based" tækni sem framleiðandinn SSAB hefur tryggt sér einkaleyfi á. Þetta er umhverfisvænt klæðningarefni sem er nýtt á markaðinum. Framleiðandinn hefur síðastliðin tíu ár lagt í umtalsverða rannsóknar- og þróunarvinnu á þessari lausn," útskýrir Andri. „Þetta er litað stál, og hingað til hefur málningin verið framleidd úr jarðefnaeldsneyti en núna hefur framleiðandinn þróað aðferð til þess að nota repjuolíu í staðinn. Þeir eru, að stærstum hluta, búnir að skipta jarðefnaeldsneyti út fyrir repjuolíu," segir Andri. „Þetta er byltingarkennd aðferð sem gerir vöruna að umhverfisvænni kosti. Mikil ábyrgð liggur hjá þeim sem sjá um innkaupin á vörum í byggingariðnaðinum, því hvert einasta skref – í átt að sjálfbærni og samfélagsábyrgð – skiptir máli," segir Andri.

Stálið er bæði notað í klæðningar á þök og veggi og einnig til framleiðslu á steinullareiningum sem fyrirtækið framleiðir í nýrri verksmiðju á Flúðum. Steinullareiningarnar er hægt að nota meðal annars í vöruhús, flugskýli, reiðhallir, iðnaðar- og verslunarhúsnæði sem og landbúnaðarbyggingar fyrir bændur.

Andri segir kostina við steinullareiningar af þessu tagi ótalmarga. „Þær hafa afbragðs burðarþol sem gerir það að verkum að hægt er að nota þær á léttar burðargrindur – það getur dregið úr byggingarkostnaði. Þá eru þær einnig raka- og vindþéttar ásamt því að hafa mikla brunamótstöðu og gott hljóðeinangrunargildi," segir hann. „Þær bjóða upp á góða einangrun og eru bæði auðveldar í uppsetningu og þrifum."

> **Mikil ábyrgð liggur hjá þeim sem sjá um innkaupin á vörum í byggingariðnaðnum, því hvert einasta skref – í átt að sjálfbærni og samfélagsábyrgð – skiptir máli.**
>
> **Andri Daði Aðalsteinsson**

Fjölþætt þjónusta

Starfsemi fyrirtækisins er margþætt og fjölbreytt. „Við erum með byggingadeild á Lynghálsi 2. Við bjóðum upp á alhliða þjónustu, til dæmis fyrir verktaka. Þar sjáum við hönnunina og framleiðum vörurnar. Við erum í grunninn framleiðslufyrirtæki en við erum einnig með hönnunardeild. Hún sér um að hanna og teikna, veita ráðgjöf og þjónustu," segir Andri.

„Við erum með teymi af verkfræðingum og tæknifræðingum sem sjá um allar teikningar, skila þeim inn til byggingarfulltrúa og þess háttar. Við erum því ekki einungis að framleiða hrávörur, heldur erum við einnig með alhliða þjónustu þegar kemur að byggingum," segir Andri.

„Helstu viðskiptavinir okkar eru bændur, verktakar, sveitarfélög og fyrirtæki. Eiginlega öll flóran en mest „business to business", minnst einstaklingar, þótt það séu auðvitað alltaf einstaklingar á bak við öll verkefni."

Andri Daði Aðalsteinsson, forstöðumaður sölu- og markaðssviðs, hjá Límtré Vírneti. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Eitt af verkefnum Límtrés Vírnets.

Fjallakofi í Svíþjóð með GreenCoat klæðningu.

Áratuga reynsla og þekking

Límtré Vírnet var stofnað sem slíkt árið 2005 en sagan nær þó lengra og kemur úr ýmsum áttum. „Fyrirtækið er afurð samruna margra fyrirtækja, og á rætur að rekja allt til ársins 1956," segir Andri. „Upphaflega gekk reksturinn út á framleiðslu á nöglum í Borgarnesi."

Andri segir verðmæti fyrirtækisins ekki síst liggja í hugviti og yfirgripsmikilli reynslu. „Öll þekkingin og reynslan sem hefur byggst upp í fyrirtækinu er orðin gríðarlega mikil. Svo erum við íslenskt framleiðslufyrirtæki þannig að stærstur hluti af því sem við bjóðum er innlend framleiðsla."

Fyrirtækið leggi ríka áherslu á að velja hráefni á ábyrgan hátt með sjálfbærni að leiðarljósi. „Við sýnum mjög mikla ábyrgð í innkaupum á hráefnum, eins og til dæmis allt timbur sem við notum í límtré er einungis keypt af framleiðendum í Svíþjóð sem stunda sjálfbærni í skógrækt.

Sama með steinullina sem við notum í einingarnar, hún kemur öll að norðan, sem gerir þetta eflaust að einni umhverfisvænstu steinullinni í heiminum í dag. Stálið sem við kaupum frá Svíþjóð er með umhverfisvænni stálklæðningum sem fást á markaði. Við tökum þetta mjög alvarlega," segir Andri.

Þá er ýmislegt á dagskrá og nefnir Andri sérstaklega kynningu frá sænska stálfyrirtækinu SSAB. „Við erum að fá aðila frá þessu fyrirtæki, SSAB, til landsins næsta miðvikudag, og við ætlum að vera með kynningu á umhverfisvæna stálinu hérna hjá okkur á föstudaginn í næstu viku. Kynningin er hugsuð fyrir hönnuði, verkfræðinga, arkitekta og aðra sem starfa í þessum geira og kjósa að velja umhverfisvænni kosti. Hágæðastál með minna kolefnisspori. Hljómar það ekki vel?"

limtrevirnet.is

Íslenskar einingar fyrir íslenskt veðurfar

Hjá Límtré Vírnet færðu hinar einu og sönnu Yleiningar - stálsamlokueiningar með steinullareinangrun á milli.

Hagkvæm, umhverfisvæn og myglufrí byggingarlausn.
Stuttur afgreiðslufrestur.

Kynntu þér Yleiningar á limtrevirnet.is.

LímtréVírnet Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350

Söluskrifstofur - Lynghálsi 2 - 110 Reykjavík
Borgarbraut 74 - 310 Borgarnes
Netfang - sala@limtrevirnet.is

50%-70%

3JA DAGA LAGER SPRENGJA

Fimmtudag til laugardags í Síðumúla 9

50%-70%

Borvélar • Bón- og massavélar • Fjölnotaverkfæri • Fræsarar • Heflar • Hersluvélar
Hita- og límbyssur • Slípivélar • Kittisgrindur • Koppafeitissprautur • Laserar • Mælitæki
Hefti- og naglabyssur • Pressuvélar og klippur • Ryksugur • Sagir • Skrúfvélar • Slípirokkar
Útvörp • Vinkilskrúfvélar • Garðverkfæri • Verkfæraskápar • Topplyklasett • Lyklar
Heftibyssur og hnoðtangir • Kittisgrindur • Sagir • Skotlínur • Bílverkfæri • Hamrar & Kúbein
Skrúfjárn og Sexkantar • Málningarverkfæri • Mælitæki • Rörskerar • Skóflur • Hrífur • Járnkarlar
Tangir • Toppar og bitar • Þvingur • Trésmíðaverkfæri • Múrverkfæri • Skrúfstykki • Þjalir
Borhamrar • Borvélar • Bón- og massavélar • Fjölnotaverkfæri • Fræsarar • Heflar • Hersluvélar
Hita- og límbyssur • Slípivélar • Kittisgrindur • Koppafeitissprautur • Laserar • Mælitæki
Hefti- og naglabyssur • Pressuvélar og klippur • Ryksugur • Sagir • Skrúfvélar • Slípirokkar
Útvörp • Vinkilskrúfvélar • Garðverkfæri • Verkfæraskápar • Topplyklasett • Lyklar
Heftibyssur og hnoðtangir • Kittisgrindur • Sagir • Skotlínur • Bílverkfæri • Hamrar & Kúbein
Skrúfjárn og Sexkantar • Málningarverkfæri • Mælitæki • Rörskerar • Skóflur • Hrífur • Járnkarlar
Tangir • Toppar og bitar • Þvingur • Trésmíðaverkfæri • Múrverkfæri • Skrúfstykki • Þjalir

...og margt fleira!

VERKFÆRA SALAN

SÍÐUMÚLA 9 • REYKJAVÍK • S: 560 8888 • **vfs.is**

Lagersprengjan er opin á eftirfarandi tímum:
Fimmtudag kl. 9-17
Föstudag kl. 9-17
Laugardag kl. 10-14

Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

BÍLA GALLERÍ

NÝR MMC OUTLANDER PHEV PLUG-IN HYBRID RAFMAGN OG BENSÍN, BETRA VERÐ OG FLEIRI AUKAHLUTIR !
500.000 undir listaverði og þú færð að auki : Sóllúgu, Rockford hljóðkerfi og hitakerfi á rafhlöðu. Bakkmyndavél og fjarlægðaskynjarar, ofl. 5 ára ábyrgð. Verð 4.990þ. Sjá www.mmc.is

Bílagallerí bílasala
Sími: 5546700
www.bilagalleri.is

Þjónusta

Pípulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Hreingerningar

VY-ÞRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsaviðhald

VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000
Netfang proventus@proventus.is

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

Önnur þjónusta

TEXA

TEXA er ein öflugasta og fjölhæfasta bílanagreiningartölvan á markaðnum í dag.

Fyrir fólksbíla, vörubíla, vinnuvélar, mótorhjól, vélsleða og bátavélar.

Sjá nánar www.texa.com

AFLVÉLAR
Vesturhrauni 3, 210 Garðabæ.
Sími: 480 0000. www.aflvelar.is

Heimilið

Barnavörur

VAGNSTYKKI + KERRUSTYKKI + SKIPTITASKA
Verð frá 99.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is

Keypt & Selt

Óskast keypt

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is
Opið mán - fös 11-16, Skipholt 27, 105

Upplýsingar í síma 782 8800

Til bygginga

HARÐVIÐUR TIL HÚSABYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: VIDUR.IS
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

Vélar og verkfæri

VERKFÆRI TIL SÖLU
Dekkjavél. Balanseringarvél. Esab argon rafsuðuvél 180. Járnsög 3ja fasa. Gírkassatjakkur. Hjólatjakkur. Súlubor vél 3ja fasa. Uppl. í s: 893-3475

Húsnæði

Húsnæði í boði

TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

Atvinnuhúsnæði

TIL LEIGU.
Auðbrekka - leiga
Skrifstofu-, verslunar- og atvinnubil
100 - 450 fm
GSM 690 3031
Nánar uppl. s. 840 3992

IÐNAÐAR- EÐA LAGERHÚSNÆÐI TIL LEIGU
Til leigu 180-270 fm. atvinnuhúsnæði með innkeyrsluhurð í Bolholti 4 (bakhús) 105 Rvk.
Laust strax.
Uppl. í s: 893-8166 eða grensas@gmail.com.
Grensás ehf. / Ragnar

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Þarftu þitt pláss? Við erum með nóg af því. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

Tilkynningar

Einkamál

Karlmaður óskar eftir að kynnast öðrum karlmanni. Uppl. í s. 626 9743

Til sölu

LED leiðiskrossar



- Gengur fyrir rafhlöðum eða tengist rafmagni.
- Rafhlaða endist um það bil í einn mánuð.

Upplýsingar í s. 699 6869 og rafeindir.is

Útboð

SUÐURNESJABÆR

ÚTBOÐ

Göngu- og hjólastígur

Suðurnesjabær óskar eftir tilboðum í gerð göngu- og hjólastígs á milli Sandgerðis og Garðs.
Stígurinn er 4.070 m langur, malbikaður í 2,5 m breidd og upplýstur.

Helstu magntölur eru:

Gröftur	6.250 m3
Fylling	7.000 m3
Malbikun	10.160 m2
Götuskápar	2
Ljósstólpar	95
Ljósastrengur	4700m

Framkvæmdum skal vera lokið fyrir 1. apríl 2020.

Útboðgögn verða aðgengileg frá og með 31. október.
Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Daða Aðalsteinsson hjá Tækniþjónustu SÁ ehf. með því að senda tölvupósti á netfangið dadi@t-sa.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila inn á bæjarskrifstofu Suðurnesjabæjar, Sunnubraut 4, 250 Garður, í lokuðu umslagi merktu viðkomandi verki fyrir kl: **11:00 þriðjudaginn 12. nóvember 2019,** þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra er þess óska.

Ábendingahnappinn má finna á **www.barnaheill.is**

SAFT

Fasteignir

Guðmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Býr í Riga í Lettlandi

„Ég hef verið með heimilisfesti í Lettlandi í mörg ár og leigi íbúð í Riga. Ég er mun meira þar en á Íslandi. Borgin er vel í sveit sett hvað varðar flugsamgöngur. Þær hafa þróast með jákvæðum hætti í seinni tíð. Það eru mörg flug á dag til Stokkhólms, Kaupmannahafnar, Óslóar, Bretlands og í allar áttir.

Það er ósköp þægilegt hvað það er stutt upp á flugvöll. Svo er ódýrt að búa þarna. Þar er nokkuð annað verðlag en á Íslandi. Maður hrekkur oft upp við komuna hingað.“

á heimamarkaði. Meðal annars til Depo, stærstu byggingavöruverslanakeðju Lettlands. Ég kom að stofnun verslanakeðjunnar árið 2005 ásamt baltneskum fjárfestingarsjóði og stjórnendum Depo. Fyrir nokkrum árum vildi fjárfestingarsjóðurinn selja hlut sinn og ég ákvað að selja á sama tíma. Reksturinn gekk vel, þetta var mjög arðbær fjárfesting.

Stór gluggaverksmiðja heyrir einnig undir Byko Lat. Hún selur fyrst og fremst til Bretlands en líka töluvert til Íslands og nokkurt magn til Svíþjóðar. Sú verksmiðja hefur gengið vel. Auk þess framleiðum við einingahús. Töluvert af einingahúsum hefur verið selt til Íslands.

Þriðja verksmiðjan er CED. Þar er framleitt margvíslegt úr timbri fyrir garða, eins og húsgögn, tröppur og jafnvel sundlaugar. Stór hluti af sölunni fer til Frakklands, þetta er álitleg starfsemi,“ segir hann.

Höfn í Bretlandi

Jón Helgi bendir á að Norvik hafi einnig lagt hafnarstarfsemi, sem gekk áður undir nafninu Continental Wood, inn í Bergs Timber. Eftir samrunann ber félagið nafnið Bergs UK. „Þetta er öflug grófvöruhöfn sem annast aðallega stál og timbur. Við keyptum hana fyrir nokkrum árum en vorum áður með hana á leigu.

Höfnin sinnir fyrst og fremst öðrum viðskiptavinum en minna þeim fyrirtækjum sem heyra undir okkar samstæðu. Um 75 prósent af veltunni má rekja til þriðja aðila. Fyrirtækið annast líka dreifingu fyrir viðskiptavini hafnarinnar.

Það fara um 80 skip á ári í gegnum hana, það eru heilmikil umsvif. Félagið á eitt skip og siglir reglubundið á milli Riga og Bretlands. Leiguskipum er bætt við eftir þörfum en við þjónustum fjölda annarra skipa en þau sem eru á okkar vegum,“ segir hann.

Jón Helgi segir að ákveðið hafi verið að hefja rekstur hafnar vegna þess að flutningskostnaður sé einn stærsti þáttur í timburverði til neytenda. „Þess vegna er lykilatriði að vera með hagkvæma flutninga og svo hleðst utan á starfsemina þjónusta við önnur fyrirtæki.“

Íslenskar hafnir dýrar

Ég hugsa stundum um það sem Íslendingur, búsettur á eyju langt frá öðrum löndum, hvað flutningskostnaður geti verið hár. Hvað finnst þér?

„Við höfum siglt leiguskipum til Íslands frá baltnesku löndunum í mörg ár og það er ekki mikill verðmunur á því og að stefna skipinu til Bretlands. Þegar skip leggst að bryggjunni hleðst hins vegar upp kostnaður því hafnirnar hér eru dýrar.“

Rússland fylgdi ekki með

Hvers vegna lögðuð þið erlend félög ykkar inn í Bergs Timber?

„Hugmyndin var að geta byggt upp reksturinn sem skráð félag á markaði. Við höfum enn þá sýn að rétt sé að stækka og efla starfsemina enn frekar. Varðandi framtíð okkar sem hluthafa, er gott að eiga skráð hlutabréf. Það eykur seljanleika.

Við sameininguna fengum við aðgang að öflugu stjórnendateymi sem hefur tekið yfir allan daglegan rekstur. Þetta var gott skref fyrir okkur.

Norvik rekur enn sögunarmyllur og skógarhögg í Rússland. Sú starfsemi rann ekki í Bergs Timber því við töldum að það hefði ekki góð áhrif á ímynd sænska fyrirtækisins að vera með rekstur þar í landi. Svíum þætti það ekki álitlegt þótt reynsla okkar sé allt önnur.

Reksturinn í Rússlandi hefur verið erfiður en gengur nú ágætlega. Upphaflega hugmyndin var að það væri gott fyrir samstæðuna að hafa aðgang að hráefni,“ segir Jón Helgi.

Eins og fyrr segir á Norvik 64 prósenta hlut í Bergs Timber en stefnir á að selja hluta af eign sinni. Sú sala hefur ekki verið tímasett.

Hefur sænskur hlutabréfamarkaður góða þekkingu á þessari starfsemi?

„Ég myndi ætla að sænski markaðurinn væri sá sem þekkti timburiðnað hvað best. Sænskir fjárfestar vita að um sveiflukenndan iðnað er að ræða. Það er mikið fjallað um skógariðnað í sænskum fjölmiðlum.

Við erum eina hreinræktaða sögunarmyllufélagið sem er skráð á hlutabréfamarkaðinn en það eru nokkur sænsk pappírsfyrirtæki sem reka sögunarmyllur sem aukabúgrein,“ segir hann.

Sveiflur í timbri

Hvernig hefur afkoman verið í timbrinu?

> Ég hef verið hræddur við að kaupa stærri fyrirtæki.

„Hún hefur verið afar sveiflukennd. Við erum í lægð núna en það sér vonandi fyrir endann á henni. Stormar og skordýraárásir geta haft mikil áhrif á reksturinn. Um þessar mundir geisar grenibjöllufaraldur sem ræðst á grenitré og drepur þau. Mest hefur þetta verið í Austurríki, Þýskalandi og Tékklandi og í minni mæli í Suður-Svíþjóð. Skordýrafaraldurinn hefur í þetta skiptið hvorki náð til baltnesku landanna né Finnlands.

Við aðstæður sem þessar grípa eigendur skóga til þess ráðs að fella trén sem fyrst því ella verða þau ónýt fljótt og þá er ekki hægt að nýta þau í framleiðslu. Það þarf því að fella gríðarlegt magn af skógi og selja. Það skapar aukið framboð sem lækkar verð á heimsmarkaði.“

Kína stór kaupandi

Hvað drífur eftirspurnina áfram?

„Eftirspurnin hefur verið ágæt. Almennt er talið að heimsmarkaðurinn vaxi um tvö til þrjú prósent á ári. Það hefur enda verið hagvöxtur á heimsvísu, þótt honum sé ekki jafnt skipt.

Kína hefur keypt mikið af timbri og Suðaustur-Asía fer vaxandi. Eftirspurnin í Japan, sem er einn af okkar stærstu mörkuðum, hefur verið nokkuð stöðug. Um 30 prósent af sölu sögunarmyllunnar fer til Japans.“

Fjárfesti við fall Sovétríkjanna

Hvernig kom það til að þú ákvaðst að timburframleiðsla og sala myndi henta ykkar starfsemi?

„Við erum ættaðir úr þessari átt. Byko var í fyrstu einkum að selja timbur og gróft byggingarefni. Timbur var einkum flutt til Íslands frá Sovétríkjunum á þeim tíma. Við fall þeirra árið 1993 snarbreyttust þessi viðskipti enda voru ekki lengur ríkisfyrirtæki að flytja út timbur.

Við hófumst því handa við að leita leiða til að hefja útflutning á timbri. Að okkar mati var þarna vænlegur en vanþróaður markaður. Það hafði ekki verið nein þróun í timburiðnaði í valdatíð kommúnista.

Lettland er skógríkast af baltnesku löndunum, um 60 prósent af landinu eru þakin skógi og því var ákveðið að drepa þar niður fæti. Þar voru líka sterkar leifar af vestrænni menningu. Sovétríkin náðu ekki að bæla hana alveg niður. Við töldum að þarna gæti orðið jákvæð þróun og því álitlegt að stunda viðskipti og vinna að uppbyggingu.

Við fórum rólega af stað. Vildum ekki fara of geyst. Það var meðal annars pólitísk áhætta fólgin í því að hefja starfsemi í Lettlandi. Það gat enginn vitað með vissu hver þróunin yrði. Það hefur ræst vel úr, ríkin gengu í Nató og Evrópusambandið og tóku upp evru.

Ég er svo glaður með að fyrir fimm árum afhenti landbúnaðarráðherra landsins, en skógariðnaður heyrir undir hann, mér viðurkenningu fyrir að stuðla að jákvæðri uppbyggingu lettnesks timburiðnaðar.

Það hefur verið skemmtileg vinna og ánægjulegt að fylgjast með þessari þróun. Baltnesku löndin hafa verið framsækin í tölvuvæðingu. Þau byrjuðu á núllpunkti og eru ef til vill komin örlítið lengra á mörgum sviðum en við varðandi nýtingu upplýsingatækni. Þau eru til að mynda framarlega í hagnýtingu upplýsingatækni í hjá hinu opinbera.“

Ekki var við spillingu

Upplifir þú mikinn mun á að stunda viðskipti í Austur-Evrópu og á Íslandi?

„Við erum fyrst og fremst í útflutningi og viðskiptavinir okkar starfa í vestrænum ríkjum en aðdrættirnir koma úr nærumhverfi fyrirtækjanna sem og starfsfólk og umgjörðin.

Ég verð að segja eins og er: Okkar reynsla er býsna góð af því að eiga viðskipti þarna. Margir óttast spillingu en við höfum ekki orðið vör við hana. Gera má ráð fyrir því að spillingin hverfist mest um það sem tengist brennivíni og tóbaki. Timburviðskipti þykja ekki „sexy business“. Þar er ekki auðfenginn gróði.

> Það er auðvelt að verða af aurum api.

Öll samskipti við hið opinbera hafa verið jákvæð og góð. Betri en við höfum upplifað hér á landi.“

1,4 milljarðar í skógi

Hvers vegna eigið þið ekki skóga til að tryggja sögunarmyllunni hráefni?

„Það er allt önnur starfsemi að fást við það að halda utan um skóg. Af þeim sökum höfum við kosið að kaupa tré af öðrum.

Að því sögðu er Norvik nokkuð stór hluthafi í tiltölulega nýstofnuðu fyrirtæki sem heitir Green Gold. Það á skóg í Svíþjóð, baltnesku löndunum og Rúmeníu. Þau tré nýtast ekki beint í rekstri okkar fyrirtækja. Þarna erum við að teygja okkur inn í frumþáttinn á því sem við erum að gera annars staðar.

Þetta er langtímafjárfesting. Það er ekki mikil arðsemi af skógrækt en ef það harðnar á dalnum eru trén ekki höggvin og þau vaxa aðeins lengur,“ segir hann.

Fjórtán prósenta hlutur í Green Gold var bókfærður á tíu milljónir evra eða um 1,4 milljarða króna í ársreikningi Norvik fyrir árið 2018.

„Nitty-gritty“

Á hvað leggur þú mesta áherslu í rekstri fyrirtækjanna til að þau nái árangri?

„Það er mikilvægast að hafa gott lið með sér í för. Ég er mikill rekstrarkarl, fer í smáatriðin, alveg „nitty-gritty“. Ég held að það hafi hjálpað.

Við höfum farið varlega. Það hjálpaði okkur að komast í gegnum hrunið. Byko var eitt af fáum stærri fyrirtækjum á Íslandi sem lifðu hrunið af. Þá kom sér vel að hafa verið í útrás því erlendu félögin gátu stutt við bakið á starfseminni hérlendis.“

Ekki miðstýrt af Norvik

Hvernig er hægt að byggja upp svona fjölþætta starfsemi og fara varlega? Þarf að fjárfesta víða til að koma þessu öllu á koppinn?

„Dótturfélögin hafa ávallt verið sjálfstæð. Starfsfólki er treyst til að sinna sinni vinnu. Því hefur ekki verið miðstýrt frá Norvik. Fjárfestingar dótturfélaganna hafa því alla tíð verið teknar á grundvelli rekstrar hvers og eins félags og þeim viðskiptatækifærum sem bjóðast.

Við höfum fjárfest heilmikið í félögunum. Vika Wood var að ljúka við ellefu milljón evra fjárfestingu [það jafngildir um 1,5 milljörðum króna, innsk. blm.] í nýrri flokkunarlínu fyrir verksmiðjuna og Byko Lat fjárfesti nýverið fyrir svipaða fjárhæð í umfangsmiklu verkefni sem fólst meðal annars í að reisa nýja byggingu fyrir húsaeiningaverksmiðjuna, nýju kynditæki, þurrkklefum og bættri gluggaframleiðslu.“

Þú hefur sagt í viðtali að þú hafir almennt ekki keypt þér veltu nema í tilviki Kaupáss. Viltu yfirleitt byggja rekstur frá grunni? Hvers vegna valdirðu þá stefnu?

„Við höfum yfirleitt byggt fyrirtæki frá grunni. Elko er þekkt dæmi um það. Erlendis höfum við keypt okkur inn í minni rekstur og byggt hann upp.

Ég hef verið hræddur við að kaupa stærri fyrirtæki. Ég held að það hafi verið farsælt að fara þessa leið. Maður veit aldrei hvað liggur undir steini jafnvel þótt farið sé í miklar gaumgæfiathuganir.“

Meiri stöðugleiki nú

Hvernig horfir efnahagslífið við þér á Íslandi?

„Ég er orðinn gamall í hettunni og hef farið í gegnum margar niðursveiflur. Sú fyrsta sem ég man eftir var 1968. Ég man það langt! Og að sjálfsögðu man ég eftir kreppunni 1974 sem kom í kjölfar olíukreppu. Þetta voru miklar kollsteypur, gengisfellingar og öll sú óáran.

Það ríkir miklu meiri stöðugleiki núna, jafnvel þótt við færum í gegnum hrunið árið 2008 sem var toppurinn á þeim öllum.

Auðvitað hefur verið brattur uppgangur síðustu ár. En ég held að honum muni ekki fylgja jafn brött niðursveifla og við höfum kynnst áður. Ég vona það að minnsta kosti.

Það eru forsendur fyrir mjúkri lendingu. Viðskiptajöfnuður er jákvæður, verðbólgan er í sögulegu samhengi lág og hefur verið það í nokkuð langan tíma. Skuldsetning í þjóðfélaginu er minni en oft hefur verið. Ég held að það sé vegna þess að yngra fólk er upplýstara en áður var og gerir sínar ráðstafanir með skynsamari hætti. Allt telur þetta.“

En byggingavörumarkaðurinn?

„Hann verður áfram sveiflukenndur og það má búast við samdrætti á næsta ári í kjölfar mikils uppgangs á byggingamarkaði. Við finnum fyrir því í rekstri Byko að það hægir á. Það er greinilega samdráttur í sölu grófvara sem notaðar eru á fyrri byggingarstigum en það er enn mikið af húsnæði sem verið er að vinna og klára. Salan mun því jafnast aðeins út.

Stóra spurningin er hvernig byggingamarkaðurinn mun fara af stað næsta vor.“

Ferðalögum fækkað

Þú ert 72 ára. Hefurðu hugsað um að hægja á þér?

„Já, það hefur gefist tækifæri til þess eftir að erlendu félögin runnu inn í Bergs Timber. Þá þarf ég ekki að vera jafn mikið í daglegum rekstri heldur sit þess í stað í stjórnum. Það hefur fækkað ferðalögum mikið.

Hægt og rólega hverfur maður smám saman frá ýmsum verkefnum. Ég hugsa að nálgunin verði með þeim hætti. Ég mun ekki snögghætta. Ef maður heldur heilsu er freistandi að halda áfram að vera með.“

Norvik er fjölskyldufyrirtæki. Hefurðu hugsað um hver tekur við af þér?

„Fjölskyldan situr í stjórn Norvik og Byko. Guðmundur sonur minn hefur sinnt rekstrinum með mér ásamt góðu fólki á borð við Brynju Halldórsdóttur, fjármálastjóra samstæðunnar, Sigurð Ragnarsson sem rekur Smáragarð og Sigurð Pálsson sem stýrir Byko, að ógleymdu stjórnendateymi Bergs Timber.

Þótt ég hrykki upp af myndi það ekki miklu breyta fyrir rekstur fyrirtækisins.“

Barnabörnin berist ekki á

Hefurðu reynt að innprenta barnabörnunum einhver gildi varðandi peninga? Ég ímynda mér að þau geti átt von á ágætis arfi.

„Sjálfsagt verður það raunin. Ég veit ekki hvernig mér hefur tekist upp með að innprenta þeim slík gildi. Það þarf að sýna samfélagslega ábyrgð og berast ekki á. Það er auðvelt að verða af aurum api.“

Jón Helgi er klæddur í lopapeysu þegar viðtalið fer fram enda einstaklega napur dagur.

Mín upplifun er að þú berist ekki á. Lifir þú spart?

„Ég neita mér svo sem ekki um neitt sem mig langar í. En þá er spurningin að láta sig ekki langa í of mikið. Ég hef getað ferðast og haft það nokkurn veginn eins og ég hef viljað.“

Grípa tækifæri sem koma

Hvernig sérðu næstu tíu árin fyrir þér í rekstri fyrirtækjanna?

„Ég get ekki sagt til um næstu tíu árin af skiljanlegum ástæðum en næstu þrjú til fimm árin verðum við áfram í sókn. Við finnum tækifæri. Það á eftir að verða skemmtilegt.

Norvik er með ágætis efnahagsstöðu og getur nýtt þau tækifæri sem upp koma. Við munum horfa vel í kringum okkar á næstu misserum. Við horfum frekar til þess sem tengist erlendu starfseminni.“

Í ströngu aðhaldi

Agnar Tómas Möller
forstöðumaður skuldabréfa hjá Júpiter

Þróun vaxta (v. ás) borið saman við mánaðarleg útlán fyrirtækja (ma.kr)



Versnandi hagvaxtarhorfur hér heima og erlendis, lækkandi verðbólguvæntingar og batnandi verðbólguhorfur voru meginrök fyrir vaxtalækkun Seðlabanka Íslands í lok september síðastliðins.

Síðan þá hafa línur skýrst enn frekar. Sá litli hagvöxtur sem hefur mælst er sannkallaður „kreppuhagvöxtur“ og skýrist að mestu með yfir 10% samdrætti í innflutningi, hinum mesta síðan 2009. Eyðsla Íslendinga erlendis hefur dregist saman um fimmtung og nánast enginn vöxtur mælist í eyðslu Íslendinga hér innanlands. Forstjóri Vinnumálastofnunar sagði í kjölfar mikilla hópuppsagna í lok september að „langt væri síðan slíkar tölur hefðu sést“ og að „atvinnuleysi myndi fara vaxandi“. Þrátt fyrir að dregið hafi örlítið úr svartsýni framkvæmdastjóra 400 stærstu fyrirtækja í september, fer ný fjárfesting fyrirtækja fallandi. Á sama tíma dregur mjög hratt úr vexti nýrra útlána til fyrirtækja. Við blasir hagkerfi sem er að stöðvast nokkuð hratt á sama tíma og lánskjör til fyrirtækja haldast há á meðan grunnvextir fara lækkandi. Skýrist það að miklu leyti af stífari eiginfjárkröfum og háum sérsköttum á bankana sem er langt umfram það sem þekkist í nágrannaríkjum.

Óskýr skilaboð Seðlabankans

Fyrirtæki og heimili halda að sér höndum og haldi atvinnuleysi áfram að aukast, líkt og útlit er fyrir, gæti spírall neikvæðra væntinga og vaxandi svartsýni myndast, langt umfram það sem traustar undirstöður hagkerfisins gefa tilefni til. Svartsýni á hlutabréfamarkaði undanfarið bendir í þá átt einnig.

Spjótin beinast því að peningastefnunni. Ólíkt fyrri tíð, eru langtímaverðbólguvæntingar ríkisskuldabréfa við eða undir verðbólgumarkmiði, sem og verðbólguvæntingar fyrirtækja og markaðsaðila. Nýjasta spá Seðlabankans gerir ráð fyrir verðbólgu undir markmiði að ári liðnu, í 2,1%, og verðbólguálag á skuldabréfamarkaði til tveggja ára er 2,2%. Með trausta kjölfestu verðbólguvæntinga ætti Seðlabankinn því að geta gengið óhikað til verks og blásið lífi í hagkerfið.

Aðhaldsstig Seðlabankans hverju sinni er mælt með svokölluðum „virkum vöxtum“ Seðlabankans að frádreginni verðbólgu, þ.e. svokallað „raunvaxtastig“ peningastefnunnar. Aðstæður í hagkerfinu hér heima og erlendis og verðbólguvæntingar stýra að mestu hvert hæfilegt aðhaldsstig er hverju sinni. Í nágrannalöndum okkar hafa Seðlabankar verið að glíma við svipaða stöðu og virðist nú í uppsiglingu hér; lága verðbólgu, hægan hagvöxt og minnkandi eftirspurn eftir lánsfé og mætt því með mjög lágum raunvöxtum. Síðastliðin 5 ár hafa meðal raunvextir Evrópu, Bretlands og Bandaríkjanna verið -0,7% og eru um -0,5% í dag.

Til samanburðar hafa raunvextir á Íslandi verið 2,75% að meðaltali yfir sama tímabil og hafa verið að meðaltali 1,3% sl. ár (miðað við meðaltal meginvaxta sl. 12 mánuði, 4,1%, og ársverðbólgu, 2,8%).

Við seinustu vaxtaákvörðun var aðhaldsstigið að mati Seðlabankans talið vera um 0,5% og vísað samhliða til þess að það væri „gólf“ við núverandi aðstæður. Það er misvísandi þar sem borin er saman liðin verðbólga og núverandi vaxtastig – þegar vextir fara lækkandi vanmetur sá mælikvarði raunverulegt raunvaxtastig. En það sem meiru skiptir er að það eru væntingar um raunvexti framtíðar sem skipta máli þegar kemur að verðlagningu á fjármagnsmarkaði og hefur áhrif á ákvarðanatöku heimila og fyrirtækja.

Miðað við núverandi meginvexti Seðlabankans (3,25%) og 2,1% verðbólguspá Seðlabankans til loka árs 2020, má vænta rúmlega 1,2% raunvaxtastigs haldist vextir Seðlabankans óbreyttir, og reyndar talsvert hærra, því út frá samsetningu innlána fjármálastofnana í Seðlabankanum eru virkir vextir Seðlabankans líklega um 3,6% í dag.

Raunávöxtunarkrafa stuttra verðtryggðra skuldabréfa hefur verið þó nokkuð yfir einu prósenti frá seinasta vaxtaákvörðunarfundi að meðaltali. Markaðurinn telur því að raunvaxtastig næstu misseri verði hátt. Ástæðan er meðal annars væntingastjórnun Seðlabankans. Gefið var sterklega í skyn að vextir myndu ekki endilega lækka mikið meira á næstunni þrátt fyrir jákvæðar verðbólguhorfur. Það veit ekki á gott. Mikilvægt er að Seðlabankinn sendi skýr skilaboð um að raunvaxtaaðhald bankans fari lækkandi en ekki hækkandi eins og aðstæður í hagkerfinu þróast nú um stundir.

» Mikilvægt er að Seðlabankinn sendi skýr skilaboð um að raunvaxtaaðhald bankans fari lækkandi.

GEFÐU STARFSFÓLKI UPPLIFUN Í ÖSKJU

SÉRHÖNNUM OG SÉRMERKJUM STARFSMANNAGJAFIR MEÐ UPPLIFUN AÐ ÞÍNU VALI

Hafðu samband og við útbúum persónulega starfsmannagjöf með kveðju frá fyrirtækinu, í þeim verðflokki sem þú óskar.

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín

Skotsilfur

Aftur til Arion

Verulegar breytingar voru gerðar á markaðsviðskiptum Arion banka um síðustu mánaðamót þegar bankinn réðst í miklar skipulagsbreytingar og sagði upp samtals hundrað manns. Var starfsmönnum sviðsins fækkað um helming, eða í átta talsins, en nú virðast stjórnendur hafa metið það sem svo að of langt hafi verið gengið í þeim efnum. **Helgi Frímannsson**, sem var á meðal þeirra starfsmanna markaðsviðskipta sem var sagt upp störfum, hefur nú aðeins nokkrum vikum síðar verið ráðinn til baka sem hlutabréfamiðlari og tók að nýju til starfa í þessari viku.

Val milli tveggja

Listinn yfir tíu umsækjendur um stöðu varaseðlabankastjóra fjármálastöðugleika, sem verður eitt valdamesta embættið innan stjórnsýslunnar, hefur verið opinberaður og má þar finna frambærilegt fólk. Val Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra, sem mun tilnefna í embættið, þykir standa á milli tveggja. Hann horfi þannig til einkum til **Ásdísar Kristjánsdóttur** hagfræðings, sem einnig er á meðal umsækjenda um stöðu framkvæmdastjóra fjármálastöðugleikasviðs, og Tómasar Brynjólfssonar, skrifstofustjóra fjármálaráðuneytisins. Tómas er sagður njóta trausts og stuðnings ráðuneytisstjórans Guðmundar Árnasonar.

Björn til Landsbankans

Björn Hákonarson, sem starfaði síðast í verðbréfamiðlun hjá Arion banka, hefur verið ráðinn til Landsbankans þar sem hann mun starfa í fyrirtækjaráðgjöf. Björn, sem er hagfræðingur að mennt, stoppaði stutt hjá Arion en þar áður var hann um nokkurra ára skeið hjá Íslandsbanka, meðal annars sem forstöðumaður verðbréfa- og gjaldeyrismiðlunar.

Lágt verðlag gerir kaffibændum lífið leitt

Lágt verð á gæðakaffibaunum ógnar úrvali neytenda. Í fjögur til fimm ár hefur verðið verið undir framleiðslu- og dreifingarkostnaði bænda. Margir smábændur hafa minnkað notkun á áburði sem dregur úr gæðum kaffibauna eða snúið sér að öðrum verkefnum. Greinendur reikna með sex prósenta samdrætti milli ára í Mið-Ameríku á tímabilinu 2019-20 en þar eru ræktaðar gæðakaffibaunir. NORDICPHOTOS/GETTY

Borið í bakkafullan lækinn

Yngvi Örn Kristinsson
hagfræðingur Samtaka fjármálafyrirtækja

Í kjölfar fjármálakreppunnar 2008 hefur verið gripið til margvíslegra aðgerða á alþjóðavettvangi til þess að auka viðnámsþrótt fjármálafyrirtækja og auka varfærni í rekstri þeirra. Tilgangur þessa er að draga úr líkum á því að áfall af þeirri stærðargráðu sem þá varð endurtaki sig.

Hluti þeirra aðgerða sem falla undir aukinn viðbúnað eru svokallaðir eiginfjáraukar sem eru viðbót við grunneiginfjárkröfuna sem gerð er til lánastofnana. Eiginfjáraukarnir eru fjórir og tengjast mismunandi áhættuþáttum. Einn þeirra, sveiflujöfnunaraukinn, tengist hagsveiflunni. Almennt er talið að gæði eigna fjármálafyrirtækja geti farið versnandi í uppsveiflum í hagkerfum sem birtist svo í rýrnun eigna í niðursveiflum eða þegar verulega dregur úr hagvexti. Hugsunin er sú að mæta þessum sveiflum með því að krefjast aukins eigin fjár í uppsveiflum, sveiflujöfnunarauka, en lækka hann þegar harðnar á dalnum. Hækkun sveiflujöfnunaraukans í uppsveiflu gerir dýrara að auka eignir þar sem eiginfjárbinding verður meiri og heftir þannig aukningu eigna svo sem útlánavöxt. Þá myndi aukið eigið fé búa til forða til að mæta rýrnun eigna í niðursveiflu eða þegar dregur úr hagvexti. Lækkun sveiflujöfnunaraukans í niðursveiflunni myndi svo auðvelda lánastofnunum að uppfylla eiginfjárkröfur þrátt fyrir rýrnun eigna í niðursveiflunni. Í tilskipun ESB um eiginfjárkröfur (CRD IV) er þessu til dæmis lýst með eftirgreindum hætti í grein 80 í aðfararorðum eða skýringum með tilskipuninni:

„Sveiflujöfnunaraukann ætti að byggja upp þegar heildarvöxtur útlána og annarra eignaflokka sem hefur veruleg áhrif á áhættusnið þeirra lánastofnana og verðbréfafyrirtækja er talin valda vaxandi kerfisáhættu og losa hann þegar álagið kemur (e. during stressed periods).“

Reglur um eiginfjáraukana hafa verið lögfestar hér á landi sem hluti af regluverki EES um eiginfjárkröfur, svokallað CRD IV eða fjórða tilskipunin um eiginfjárkröfur. Reglurnar eru jafnframt hluti af alþjóðlegum viðmiðunum (Basel IV) Baselnefndarinnar sem starfar undir regnhlíf Alþjóðagreiðslubankans í Basel í Sviss.

Hámark sveiflujöfnunaraukans samkvæmt lögum er 2,5% og honum því ætlað að sveiflast frá núlli að þeim mörkum yfir hagsveifluna. Beiting eiginfjáraukanna er formlega á verksviði FME en Fjármálastöðugleikaráð er tilöguaðili um beitingu þeirra. Fjármálastöðugleikaráð er samstarfsvettvangur fjármálaráðuneytis, Seðlabanka og FME og starfar á grundvelli sérstakra laga frá árinu 2014. Fjármálaráðherra er formaður ráðsins.

> **Jafnvel gætu verið að skapast skilyrði sem réttlættu lækkun sveiflujöfnunaraukans.**

Mikilvægur liður þess að þetta skynsamlega fyrirkomulag virki er að sveiflujöfnunaraukinn sé nýttur með sveigjanlegum hætti. Ef lítill sveigjanleiki er við beitingu sveiflujöfnunaraukans nær hann ekki tilgangi sínum. Þá verður sveiflujöfnunaraukinn aðeins enn einn varanlegur kostnaðarliður í rekstri fjármálafyrirtækja en virkar ekki til þess að hemja eignavöxt eða búa til forða svo að mæta megi áföllum í niðursveiflu í efnahagslífinu.

Aðeins tólf af 31 ríki á EES nýta heimildir til þess að leggja á sveiflujöfnunarauka og er hann að meðaltali 1,2% hjá þeim EES-ríkjum sem nýta heimildina. Hæstur er sveiflujöfnunaraukinn í Noregi (2%) og Svíþjóð (2,5%) en bæði löndin sluppu að miklu leyti við fjármálakreppuna 2008. Áhyggjur hafa verið í báðum löndum af ósprungnum útlána- og eignabólum. Sveiflujöfnunaraukinn hér á landi var hækkaður í 1,75% í maí 2018. Síðan hefur verið boðuð frekari hækkun um 0,25% í febrúar næstkomandi.

Ljóst er að frá því ákvörðun var mótuð á fundi Fjármálastöðugleikaráðs í vetur sem leið hafa skipast veður í lofti í efnahagsmálum hér á landi. Almennt er nú reiknað með lakari efnahagshorfum en gert var á vetrarmánuðum. Í spá Hagstofunnar í febrúar var reiknað með 1,7% hagvexti á þessu ári en 2,8% hagvexti 2020. Nú er gert ráð fyrir 0,2% samdrætti á þessu ári en 2,6% hagvexti á næsta ári. Ýmislegt bendir til, ekki síst þróun á vinnumarkaði, að hætta sé á að samdrátturinn verði dýpri og standi lengur og hagvöxtur næsta árs verði minni en Hagstofan spáir. Þá hefur verulega hægt á vexti útlána frá vormánuðum. Tólfmánaða aukning heildarútlána innlánsstofnana var tæplega 13% til loka janúar á þessu ári en er nú tæp 4% miðað við lok september. Full ástæða virðist því til þess að endurskoða fyrri ákvörðun. Jafnvel gætu verið að skapast skilyrði sem réttlættu lækkun sveiflujöfnunaraukans.

Getum við öll verið sammála um ...

Magnús Harðarson
forstjóri Nasdaq á Íslandi

Öll lítum við efnahagsleg og félagsleg mál okkar augum. Oftast getum við engu að síður átt uppbyggilegar umræður um málin en í undantekningartilfellum er samtalið andvana fætt. Okkur sem vinnum á fjármálamarkaði hefur almennt ekki tekist vel upp í samtali við fólk utan fjármálageirans. Fyrir þessu eru sjálfsagt ýmsar ástæður. Við í fjármálageiranum erum svo vön því að tala hvert við annað að við kunnum ekki að taka eftir því þegar við hefjum samtalið við almenning í miðjum klíðum og hljómum því fjarlæg og óskiljanleg. Þá er tiltölulega stutt síðan við urðum fyrir alvarlegum áföllum og tortryggni í okkar garð veldur því að við tölum oft fyrir daufum eyrum.

Þetta sambandsleysi hefur lengi valdið mér miklum áhyggjum. Ég er sannfærður um að sambandsleysið kostar íslenskt þjóðfélag mikið á hverju ári í formi glataðra tækifæra og lakari lífsgæða. Ég vil því byrja samtalið upp á nýtt og byrja á byrjuninni. Getum við t.d. ekki verið öll sammála um þau markmið að:

- Auðvelda aðgengi heimila að lánum á sanngjörnum kjörum?
- Greiða aðgengi fyrirtækja að fjármagni til uppbyggingar og reksturs?
- Auðvelda fjármögnun nýsköpunarfyrirtækja?
- Stuðla að vexti efnilegra félaga þannig að þau öflugustu geti fetað í fótspor Marels og Össurar?
- Hækka kaupmátt og greiða fyrir fjármögnun verkefna sem eru umhverfisvæn?

Ég nefni þessi atriði vegna þess að ég starfa á verðbréfamarkaði og virkur og þróaður verðbréfamarkaður styður með öflugum hætti við öll ofangreind markmið. Undanfarið hefur orðið vart við nokkuð neikvæða umræðu um íslenskan verðbréfamarkað, því haldið fram að hann gegni ekki hlutverki sínu sem skyldi. Jafnvel hefur verið efast um tilverurétt hans. Þarna er ýmislegt litað heldur dökkum litum og ekki alfarið farið rétt með staðreyndir. Ýmislegt má þó betur fara og er ein mikilvægasta ástæða þess að okkur hefur ekki orðið meira ágengt er þetta ófullkomna samtal okkar við almenning. Betri markaður kallar nefnilega oft á breytingar á lögum og reglum og ef almenningur tortryggir tillögur til breytinga, þrátt fyrir að við teljum þær til hagsbóta fyrir samfélagið, þá er hætt við (og eðlilegt) að málin nái ekki lengra. Ég legg til að við hefjum samtalið upp á nýtt og skoðum tillögur til breytinga út frá þeim markmiðum sem að ofan eru nefnd og öðrum svipuðum til almannaheilla. Verðbréfamarkaðurinn er ekki til í tómarúmi, tilgangur hans er að efla þjóðarhag.

Glæsileg íslensk hönnun og smíði á skrifstofuna

Flex skrifstofuhúsgögn
Hönnuðir:
Guðrún Margrét Ólafsdóttir
og Oddgeir Þórðarson

Fyrir Á. Guðmundsson starfa íslenskir, vel menntaðir arkitektar sem hafa þróað húsgögn og hönnunargripi sem skapa notalegt andrúmsloft. Hver hlutur ber einkenni klassískrar hönnunar en er einnig fallegur smíðisgripur sem er þægilegt að nota og sómir sér vel á skrifstofunni.

Dímon
Hönnuður:
Erla Sólveig Óskarsdóttir

Á. GUÐMUNDSSON EHF.
STOFNAÐ 1956

Bæjarlind 8-10
201 Kópavogur
sími 510 7300

www.ag.is
ag@ag.is

MARKAÐURINN

FRÉTTABLAÐIÐ.IS frettabladid.is | Instagram fréttablaðsins @frettabladid

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS UM VIÐSKIPTI OG FJÁRMÁL | Miðvikudagur 30. október 2019

SKOÐUN

Þorsteinn Friðrik Halldórsson

Ríkiskapítalið sýnir klærnar

Stjórnendur Íslandsbanka hafa metnað til þess að breyta samfélaginu og til þess vilja þeir beita hinum gríðarmiklu fjármunum sem bankinn býr yfir. Þeir vilja ná pólitískum markmiðum í krafti kapítalsins. Þetta útspil stjórnendanna er svo sem ekki nýtt af nálinni. Það er í takt við þær miklu og öru breytingar sem kapítalisminn á Vesturlöndum er að taka.

Breytingarnar felast í því að stórfyrirtækin reyna að telja fólki trú um að þau séu ekki bara sálarlaus tannhjól í hagvaxtarvélinni. Fyrirtæki hafa að vísu tileinkað sér hefðbundin og góð gildi á borð við heiðarleika um langt skeið en nýlundan er sú að gildin eru orðin pólitísk. Stórfyrirtæki á Vesturlöndum vilja vera framarlega í réttlætisbaráttu af ýmsu tagi til að mýkja ásýnd sína en það hefur tekist misvel.

Nýlega vakti tæknifyrirtækið Advania mikla athygli fyrir að draga regnbogafána að húni í tilefni heimsóknar Mikes Pence til landsins. Það er furðulegt í sjálfu sér að fyrirtæki þykist hafa rammpólitísk gildi. Ef einhvern íhaldssaman starfsmann mátti finna innan raða Advania var hann eflaust ekki spurður álits. Og ef hann hefði haft skoðun á málinu hefði hann eflaust verið beðinn um að halda henni út af fyrir sig.

En Advania má þó eiga það að fyrirtækið lagði eitthvað að veði fyrir málstaðinn. Margir stjórnendur og atvinnurekendur sáu eflaust tækifæri í því að fá aðgang að fylgdarliði Pence sem skipað var ýmsum fulltrúum úr bandarísku atvinnulífi en ólíklegt er að uppátæki Advania hafi verið til vinsælda fallið í þeirri kreðsu. Þetta var að minnsta kosti sannfærandi gjörningur.

Það sama gildir ekki um Íslandsbanka. Eins og fjármálaráðherra hefur réttilega bent á gætir tvískinnungs í því að ætla eingöngu að setja skilyrði á útgjaldahlið bankans en ekki á tekjuhliðinni. Stjórnendur bankans ætla sem sagt ekki að leggja tekjur að veði fyrir málstaðinn.

Síðan er hitt að Advania er einkafyrirtæki en Íslandsbanki ríkisfyrirtæki og því óbeint í eigu íslensku þjóðarinnar. Það er margbrotinn hópur fólks og innan hans er ekki að finna samhljóm um að kynjahlutföll þurfi að vera jöfn í öllum atvinnugreinum. Sumir trúa jafnvel því að jöfn tækifæri og frjálst val muni óhjákvæmilega leiða til þess að við sjáum ólík mynstur á ólíkum sviðum þjóðfélagsins. Bankanum væri nær að einbeita sér að fjármálastarfsemi.

UMHVERFIÐ
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Meniga metið á fimm milljarða

Fjártæknifyrirtækið Meniga var metið á fimm milljarða króna í bókum fjárfestingafélagsins Kjölfestu árið 2018. Virðið jókst um 56 prósent á milli ára eða um 1,8 milljarða króna.

Fram kemur í ársreikningi Kjölfestu að bókfært virði 12,4 prósenta hlutar í Meniga hafi verið 625 milljónir króna árið 2018. Árið áður var 16,3 prósenta hlutur metinn á 525 milljónir króna.

Georg Lúðvíksson, forstjóri Meniga

Þrír bankar fjárfestu í Meniga fyrir þrjár milljónir evra hver í sínu lagi árið 2018. Samtals nam fjárfestingin níu milljónum evra eða um 1,3 milljörðum króna á núverandi gengi. Um var að ræða Íslandsbanka, Swedbank og Unicredit. Kjölfesta er í eigu 14 fagfjárfesta, þar af 12 lífeyrissjóða. Fjárfestingafélagið er rekið af Kviku banka og ALM Verðbréfum og fjárfestir í smærri og meðalstórum fyrirtækjum.

Aðrar fjárfestingar Kjölfestu eru 30 prósenta hlutur í sjávarútvegsfyrirtækinu Odda og um sex prósenta hlutur í Íslandshótelum. Fjárfestingafélagið á 26 prósenta hlut í S38 sem á 24 prósenta hlut í hótelkeðjunni. **– hvj**

29.10.2019

Ef þetta er raunin má segja að lánamarkaðurinn sé kjörbúð þar sem vöruverðið er að lækka en allar hillurnar eru tómar.

Sigurður Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins

Er bókhaldið ekki þín sterkasta hlið?

BÓKHALD | LAUN | SKATTUR | RÁÐGJÖF

pwc

PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðiþjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavini sína við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar

HREKKJAVÖKUPARTÝIÐ

byrjar hjá okkur í Partýbúðinni Skeifunni

- Hrrrryyyyllilegar vörur á báðum hæðum. Þorir þú að kíkja ?

KVÖLDOPNUN
fim, föst og laug
báðar hrekkjavökuhelgarnar

Opnunartímar:
Opið til kl 21 fim, fös og lau
báðar hrekkjavökuhelgarnar!

Fim 24. - lau 26. okt:	10-21
Sun 27. okt:	10-17
Mán 28. okt - mið 30. okt:	10-18
Fim 31. okt - lau 2. nóv:	10-21
Sun 3. nóv:	10-17

Þurrís til sölu báðar hrekkjavökuhelgarnar
meðan birgðir endast!

PARTÝBÚÐIN

Vöruúrvalið er á facebook

Faxafeni 11 • Sími 534 0534

Sendum á landsbyggðina

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

30. OKTÓBER 2019 MIÐVIKUDAGUR

Lækningar voru nátengdar göldrum

Félag áhugamanna um sögu læknisfræðinnar stendur fyrir málþingi um galdra og lækningar.

Ólína Kjerúlf er meðal fyrirlesara á málþinginu um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Lækningar voru í upphafi mjög nátengdar trúarbrögðum og galdraiðju," segir Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir, þjóðfræðingur og einn fyrirlesara á málþingi Félags áhugamanna um sögu læknisfræðinnar. Málþingið fjallar um galdra og lækningar og fer fram í Þjóðminjasafninu næstkomandi laugardag. Hefst málþingið kl. 10.30.

Íslandssagan greinir frá fjölmörgum galdramönnum sem reyndu að lækna sjúka með galdri og aðra sem komu sjúkdómum í fólk með fjölkynngi. Fyrstu læknarnir voru særingamenn sem börðust við sjúkdóma með alls kyns tákn og látbragð að vopni.

„Það vill svo vel til að ég er að gefa út bók, Lífgrös og leyndir dómar, sem fjallar um lækningar, töfra og trú í sögulegu ljósi. Þar greini ég frá þróun lækninganna, gömlum húslækningum og aðferðum sem sumar þykja undarlegar í dag en aðrar hafa staðist tímans tönn. Í raun varð ekki aðskilnaður milli galdra og lækninga fyrr en komið var fram á 18. öld," segir Ólína. „Það er svo auðvelt fyrir okkur í dag að horfa til baka með fordómafullu augnaráði og hnussa yfir þekkingu fólks á 17. öld. Öll sú læknisþekking sem við eigum er samt runnin frá þessum gömlu fræðum."

Fleiri fyrirlesarar verða á málþinginu, þar á meðal Stephen A. Mitchell, prófessor í norrænum fræðum við Harvardháskóla og Óttar Guðmundsson geðlæknir. Þá munu þrjár klassískar seiðkonur kyrja galdraþulur. **arib@frettabladid.is**

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Steinunn Gísladóttir

til heimilis á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, áður Gullsmára 7,

lést í faðmi fjölskyldunnar 23. október. Jarðsungið verður frá Kópavogskirkju mánudaginn 4. nóvember kl. 13. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Sunnuhlíð og Alzheimersamtökin.

Hulda Leifsdóttir
Hafdís Leifsdóttir
Ingibergur Sigurðsson
Bjarni Pálsson
Sigurbjörn Sigurðsson
Ingibjörg Magnúsdóttir
barnabörn og langömmubörn.

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og besti vinur,

Lárus Grímsson

skipstjóri,
Dalprýði 6, Garðabæ,

lést þann 23. október á Krabbameinsdeild 11E í faðmi stelpnanna sinna. Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju föstudaginn 1. nóvember kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á samtökin Einstök börn.

Jóhanna Daðey Kristmundsdóttir
Þórdís Harpa Lárusdóttir
Gerða Kristín Lárusdóttir
Karen Ýr Lárusdóttir
Hanna Heiða Lárusdóttir
Hákon Bergmann Óttarsson
Andri Már Kristinsson
Guðmundur Hafþórsson
Steindór Sigurgeirsson
og barnabörn.

---

†

Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Birna Valgerður Jóhannesdóttir

frá Kirkjulundi í Vestmannaeyjum,

lést á dvalarheimilinu Hraunbúðum þann 22. október síðastliðinn. Útförin fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum föstudaginn 1. nóvember klukkan 11.00.

Jóhann Ingi Einarsson
Alda Jóhanna Jóhannsdóttir
Erna Sigríður Jóhannsdóttir
Óskar Ólafsson
Eggert Gottskálksson
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Reynir Guðbjartsson

Kjarlaksvöllum,

lést þann 17. október á dvalarheimilinu Barmahlíð á Reykhólum. Jarðsungið verður í Staðarhólskirkju laugardaginn 2. nóvember kl. 13.00.

Helga Björg Sigurðardóttir
Úlfar Reynisson
Sigurður Reynisson
Þröstur Reynisson
Hugrún Reynisdóttir
Bjarki Reynisson
Svanborg Einarsdóttir
Guðmundur Gunnarsson
Þórunn Þórðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Jónas Ásmundsson

fv. aðalbókari Háskóla Íslands,

lést í faðmi fjölskyldunnar á dvalarheimilinu Grund aðfaranótt 19. október. Jarðsungið verður frá Digraneskirkju fimmtudaginn 31. október klukkan 13.

Guðrún Jóna Jónasdóttir
Ásmundur Jónasson
Gylfi Jónasson
Helgi Þór Jónasson
Ingi Halldór Árnason
Guðrún Vignisdóttir
Ásdís Kristmundsdóttir
Kristín Pétursdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir afi og langafi,

Ólafur Ágústsson

frá Hraunteigi,

lést á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð 25. október 2019. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju þann 31. október 2019 kl. 13.00.

Sigurþór Ólafsson
Ágústa Hildur Ólafsdóttir
Íris Ólafsdóttir
Hallfríður Traustadóttir
Hjálmar Hallgrímsson
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Innilegar þakkir til allra þeirra er sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömma og langömmu,

Elínar Pálfríðar Alexandersdóttur

Skipastíg 3, Grindavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks HSS fyrir einstaka umönnun og hlýtt viðmót.

Edvard Júlíusson
Alexander Georg Edvardsson
Kristín Þórey Edvardsdóttir
Sigmar Júlíus Edvardsson
Þuríður Dóra Ingvarsdóttir
Ottó Hafliðason
Linda Oddsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

---

†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

Karls Guðmundssonar

fyrrum bónda í Bæ í Súgandafirði, Vallarbraut 12, Akranesi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Vesturlands fyrir góða umönnun.

Ingibjörg Jónsdóttir
Guðrún M. Karlsdóttir
Þorgerður Karlsdóttir
Þröstur Karlsson
Guðbjarni Karlsson
Alda B. Karlsdóttir
Hafþór Karlsson
Þröstur Óskarsson
Arnar Sigþórsson
Ingibjörg Anna Elíasdóttir
Magnús Erlingsson
Ingunn V. Baldursdóttir

---

†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Eva Kristjánsdóttir

Skíðabraut 9,

lést á dvalarheimilinu Dalbæ á Dalvík 2. október. Útförin hefur farið fram í kyrrþey. Þakkir til starfsfólks Dalbæjar fyrir umönnun og alúð undanfarin ár.

Rúnar K. Rósmundsson
Kristjana Rósmundsdóttir
Snjólaug St. Rósmundsdóttir
Karl Sigtryggsson
barnabörn, makar þeirra og langömmubörn.

---

†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Stefán Ólafur Gíslason

fv. flugstjóri,
Sléttuvegi 11, Reykjavík,

lést í faðmi fjölskyldunnar þann 23. október á Hjúkrunarheimilinu Eir. Útförin fer fram miðvikudaginn 6. nóvember í Grafarvogskirkju klukkan 13. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins (hringurinn.is) þar sem Stefán langafabarn hans hefur notið aðhlynningar.

Elísabet Þórarinsdóttir
Þórarinn Örn Stefánsson
Gísli Stefánsson
Rósa Stefánsdóttir
Erna Stefánsdóttir
Piya Damalee
Hulda Arndís Jóhannesdóttir
Óskar S. Jóhannesson
Axel Skúlason
barnabörn og langafabörn.

---

†

Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðmunda Sigurðardóttir

hjúkrunarfræðingur,
Kópavogsbraut 1b, Kópavogi,

lést á Landspítalanum föstudaginn 25. október. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 1. nóvember kl. 11. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á hjúkrunarheimilið Sunnuhlíð í Kópavogi.

Tryggvi Jónsson
Sigurður Helgi Jónsson
Jón Viðar Jónsson
Hreinn Jónsson
Ingveldur Bragadóttir
Liv Kari Tyvand
Þorbjörg Hróarsdóttir
Aðalheiður Þorsteinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

YUASA Rafgeymar

Meðal viðskiptavina Yuasa eru:

mazda
BMW
TATA
SUBARU
TOYOTA
MITSUBISHI MOTORS
KIA
SUZUKI
ISUZU
HONDA
GM
NISSAN
SANGYONG
DAIHATSU
HYUNDAI
Hino
PSA PEUGEOT CITROËN

YBX rafgeymarnir frá Yuasa hafa hærra kaldræsi og endast lengur

YUASA
stærsti rafgeymaframleiðandi í heiminum

Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

Miðvikudagur

Suðvestan 8-15 m/s norðvestan til, en annars hægari. Rigning eða súld á köflum, en þurrt að kalla á austanverðu landinu. Hiti víða 2 til 7 stig.

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
7 °C | 4 ↑	3 °C | 6 ↗	5 °C | 2 ↗
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
4 °C | 5 ↑	3 °C | 1 ↙	0 °C | 6 ↑

Fimmtudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
6 °C | 2 ↑	0 °C | 6 ↘	4 °C | 2 ↖
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
4 °C | 2 ↑	3 °C | 1 ↗	-1 °C | 4 ↑

Föstudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
3 °C | 4 ←	1 °C | 3 ←	-4 °C | 0 ○
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
0 °C | 1 ↙	3 °C | 2 ↙	-2 °C | 1 ↗

LÉTT

				2	6	1	3	7
2	9		3		7		4	
			5			6		
	1			8		3	2	
5	8		6			4		
		7	1	9		8	5	
		1						
					3		1	
4	5	2						

MIÐLUNGS

		8	1			2		
3			2		4	9	8	
			3			4	6	5
		1		9	8			
			5		1			9
4			6		7	3		
				5	2			
	2					5	7	
		7					2	3

ÞUNG

		7	1		3		6	
	2		6			7		
1	5		4		7		8	2
6		5						
	3	8			6			
	7			1	4	6		
5		1					4	
					9			3
8				4		9	2	

Krossgáta

LÁRÉTT
1 steind
5 reisla
6 átt
8 hugboð
10 samtök
11 sprækur
12 birta
13 vanefndir
15 múrsteinn
17 kvk. nafn

LÓÐRÉTT
1 vitnast
2 óska
3 beita
4 bandspotti
7 smíð
9 poki
12 arra
14 kauptún
16 tveir eins



LÁRÉTT: 1 kvars, 5 vog, 6 nv, 8 innsæi, 10 sa, 11 ern, 12 skin, 13 svik, 15 tígull, 17 karla.
LÓÐRÉTT: 1 kvisast, 2 vona, 3 agn, 4 snærl, 7 vinnsla, 9 sekkur, 12 siga, 14 vik, 16 ll.

Skák

Gunnar Björnsson

Símon Þórhallsson (2.092) átti leik gegn Collin Colbow (2.131) á alþjóðlegu unglingamóti í Uppsölum í Svíþjóð.

Hvítur á leik

71. ... Dh4+! 72. Kxh4 ½-½.
Bikarsyrpa Taflfélags Reykjavíkur hefur fest sig í sessi undanfarin misseri og fer nú af stað sjötta árið í röð. Líkt og síðastliðinn vetur verða mót syrpunnar fimm talsins og verða tefldar sjö umferðir í hverju móti.
www.skak.is: EM landsliða.

1	9	7	8	3	5	2	4	6
2	4	5	9	6	7	1	3	8
8	6	3	1	4	2	9	5	7
3	7	1	6	5	4	8	9	2
4	5	8	2	7	9	3	6	1
9	2	6	3	8	1	4	7	5
5	1	9	4	2	6	7	8	3
6	3	2	7	9	8	5	1	4
7	8	4	5	1	3	6	2	9

2	1	5	8	4	6	9	3	7
6	8	9	3	5	7	2	1	4
3	7	4	1	2	9	5	6	8
7	2	1	6	8	3	4	5	9
5	6	8	9	7	4	1	2	3
9	4	3	5	1	2	7	8	6
4	3	2	7	6	5	8	9	1
8	9	7	2	3	1	6	4	5
1	5	6	4	9	8	3	7	2

3	7	9	4	5	1	6	8	2
5	8	4	6	7	2	9	3	1
6	1	2	3	8	9	4	5	7
4	5	1	2	3	8	7	6	9
9	2	7	5	6	4	8	1	3
8	6	3	1	9	7	2	4	5
7	3	6	8	2	5	1	9	4
1	9	5	7	4	6	3	2	8
2	4	8	9	1	3	5	7	6

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Pondus

Eftir Frode Øverli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

Lítil stúlka í stað Krists

Verk eftir hið fræga bandaríska tónskáld David Lang verða flutt á tónleikum. Annað verkið fékk Pulitzer-verðlaunin.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is

Bandaríska tónskáldið David Lang er komið hingað til lands í tilefni þess að tvö verk eftir Lang verða flutt af söngvurum og hljóðfæraleikurum á tónleikum í Fríkirkjunni á föstudag, 1. nóvember, klukkan 20.00. Verkin eru Little Match Girl Passion og Death Speaks. Að tónleikum loknum mun Helgi Rafn Ingvarsson ræða við tónskáldið.

Lang er margverðlaunað tónskáld og hlaut Pulitzer-verðlaunin í tónlist árið 2008 fyrir Little Match Girl Passion og geisladiskur með upptöku á verkinu hlaut Grammy-verðlaun. Efniviðinn sótti Lang í söguna um Litlu stúlkuna með eldspýturnar eftir H.C. Andersen og Matteusarpassíu Johanns Sebastians Bach.

Þjáningar barns

„Bandaríkjamenn þekkja vel þessa sögu H.C. Andersen, sjálfur kynntist ég henni á barnsaldri," segir Lang. Forsaga verksins er sú að Carnegie Hall pantaði verk eftir Lang fyrir hinn fræga söngvara Paul Hillier. „Hillier hefur hljóðritað trúarlega klassíska tónlist um þjáningar Krists. Ég er ekki kristinn en mikill unnandi klassískrar tónlistar og Bach er uppáhalds tónskáldið mitt. Ég ákvað því að vinna með Matteusarpassíu hans. Þar er kjarninn sá að við eigum að skynja þjáningar Krists og breyta lífi okkar og verða betri manneskjur. Þetta er falleg hugmynd og ég hugsaði með mér að kannski væri hægt að ná fram sömu tilfinningu ef maður tæki Krist út og fjallaði um þjáningar einhverrar annarrar manneskju. Ég leitaði uppi sögur af þjáningum og dauðastríði fólks en ekkert gekk upp. Á síðustu stundu sagði konan mín: Hvað með litlu stúlkuna með eldspýturnar? Hún deyr hræðilegum dauðdaga. Ég prófaði það og það gekk upp.

Þetta er mín tónlist en textinn er endurskrift mín á Bach-textanum og þýðing á sögu H. C. Andersen."

Pulitzer breytti ýmsu

Seinna verkið sem flutt verður eftir Lang á tónleikunum er Death Speaks en þar talar dauðinn. „Mér hefur alltaf þótt áhugavert hversu oft dauðinn er persóna í söngvum Franz Schubert og talar til manns. Í Dauðinn og stúlkan eftir Schubert syngur stúlkan um það hversu hrædd hún er við að deyja og Dauðinn segir: Vertu róleg, komdu með mér. Ég fór í gegnum öll lög Schuberts þar sem dauðinn kemur við sögu, safnaði þeim saman, þýddi og stytti eins og í Little Match Girl Passion."

> **Á SÍÐUSTU STUNDU SAGÐI KONAN MÍN: HVAÐ MEÐ LITLU STÚLKUNA MEÐ ELDSPÝTURNAR?**

Aðspurður segir Lang að Pulitzer-verðlaunin hafi breytt mörgu í lífi hans. „Eins og allt tónlistarfólk vil ég vera tekinn alvarlega og njóta virðingar fyrir listsköpun. Þegar ég vann Pulitzer-verðlaunin varð ég allt í einu miðpunktur menningarlífsins og það hjálpaði mér mikið. Þetta var stórkostlegt."

Hann var tilnefndur til Óskarsverðlauna árið 2015 fyrir tónlist sína við kvikmyndina Youth þar sem Michael Caine, Harvey Keitel og Jane Fonda voru í aðalhlutverkum. Hann var viðstaddur verðlaunaafhendinguna. „Þetta var brjálæði, algjör sirkus en frábært," segir hann. „Þegar maður er tilnefndur fara kvikmyndaverin í auglýsingaherferð til að hjálpa manni að vinna. Heil hótelhæð var pöntuð, í einu herbergi var Jane Fonda, í öðru Mchael Caine, leikstjórinn í enn öðru og svo ég í einu. Maður sat þarna og á hálftíma fresti kom fjölmiðlamaður inn og maður svaraði spurningum. Þetta stóð yfir í heila viku og var kostulegt."



Verk David Lang njóta vinsælda víða um heim. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Björk Bjarnadóttir umhverfis-þjóðfræðingur segir frá hrekkjavökunni.

Hvað? Hvenær? Hvar? Miðvikudagur

hvar@frettabladid.is

30. OKTÓBER 2019

Hvað? Fræðslufundur
Hvenær? 12.00
Hvar? Þjóðminjasafnið
Fjallað um nýja Nóbelsverðlaunahafann í bókmenntum, Olgu Tokarczuk.

Hvað? Hrekkjavakan að fornu og nýju
Hvenær? 12.15
Hvar? Bókasafn Kópavogs
Björk Bjarnadóttir umhverfis-þjóðfræðingur fjallar um sögu hrekkjavökunnar.

Hvað? Óperudagar
Hvenær? 12.30
Hvar? Háskóli Íslands
Á opnunartónleikum Ljóðadaga Óperudaga frumflytja Eva Þyri Hilmarsdóttir pianisti, Catherine Maria Stankiewicz sellóleikari og Guja Sandholt söngkona íslensk og erlend verk. Dagskrá verður síðan víða þennan dag og næstu daga. Hátíðin stendur til 3. nóvember. Upplýsingar á operudagar.is.

Hvað? Jazz
Hvenær? 21.00
Hvar? Björtuloft, 5. hæð Hörpu
Tríó pínóleikarans Agnars Más Magnússonar skemmtir.

Hvað? Argentínsk bókakynning
Hvenær? 17.30
Hvar? Veröld – hús Vigdísar
Dr. Denise León ljóðskáld og Fabián Soberón, rithöfundur og kvikmyndagerðarmaður, kynna bækur sínar og lesa upp úr þeim. Viðburðurinn fer fram á spænsku.

Hvað? Málþing og opnun nýs Íðorðabanka Árnastofnunar
Hvenær? 15.30
Hvar? Norræna húsið

SAMTÖK SYKURSJÚKRA

30.OKT 2019
KL 19,30-21
GRAND HÓTEL V SIGTÚN

TÖLUM UM MAT!

Hvað er hollur matur og hvað er ekki hollt? Hvað er Ketó? Hvað er lágkolvetnamataræði? Hvað af þessu hentar fyrir fólk með sykursýki? Hvað virkar? Hvað hjálpar til að halda góðri blóðsykurstjórnun?

Ræðum málin, heyrum frá sérfræðingunum, spyrjum spurninga.

Málþing um mat og mataræði

Steinunn Arnardóttir, læknir á Göngudeild sykursjúkra

Óla Kallý Magnúsdóttir, næringar-fræðingur á Landspítala

Kjartan Hrafn Loftsson, læknir og áhugamaður um lífsstílslækningar

Umræður og fyrirspurnir

ALLIR VELKOMNIR!
AÐGANGUR ÓKEYPIS

SÓFAR
TAXFREE
Allir sófar á taxfree tilboði*

CLEVELAND
Tungusófi. Hægri eða vinstri tunga. Ljóst eða dökkgrátt slitsterkt áklæði. Stærð: 231 x 140 x 81 cm

92.734 kr. ~~114.990 kr.~~

FRIDAY
Fjölskyldusófinn, u-sófi með hægri eða vinstri tungu. Dökkgrátt áklæði.
Stærð: 330 × 230/170 × 90 cm

225.798 kr. ~~279.990 kr.~~

* Taxfree tilboðið gildir á sófum, sófaborðum og púðum og jafngildir 19,35% afslætti.
Að sjálfsögðu fær ríkissjóður virðisaukaskatt af söluverði. Afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

HÚSGAGNA HÖLLIN
Sími: 558 1100

Reykjavík Bíldshöfði 20: 10 – 18 virka daga, 11 – 17 laugardaga, 13 – 17 sunnudaga
Akureyri Dalsbraut 1: 10 – 18 virka daga, 11 – 16 laugardaga
Ísafjörður Skeiði 1

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.

DAGSKRÁ

Miðvikudagur

RÚV SJÓNVARP

12.35 Kastljós
12.50 Menningin
13.00 Útsvar 2018-2019 Reykjanesbær - Rangárþing ytra
14.25 Mósaík
15.00 Á tali hjá Hemma Gunn 1989-1990 Skemmtiþáttur þar sem Hemmi Gunn tekur á móti góðum gestum í sjónvarpssal. Slegið er á létta strengi, stiginn dans og sungið. Hljómsveit Magnúsar Kjartanssonar leikur af fingrum fram. Stjórn útsendingar: Björn Emilsson. e.
16.00 Augnablik - úr 50 ára sögu sjónvarps Þættir frá 2016 þar sem litið er um öxl yfir 50 ára sögu sjónvarps og fróðleg og skemmtileg augnablik rifjuð upp með myndefni úr Gullkistunni. Kynnir er Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir. Dagskrárgerð: Egill Eðvarðsson. e.
16.15 Sporið
16.45 Krónikan
17.45 Táknmálsfréttir
17.55 Disneystundin
17.56 Tímon & Púmba
18.18 Sígildar teiknimyndir
18.26 Sögur úr Andabæ - Trúnaðarskýrsla útsendara
18.50 Krakkafréttir
18.54 Vikinglotto
19.00 Fréttir
19.25 Íþróttir Helstu fréttir dagsins af innlendum og erlendum vettvangi. Alla daga, árið um kring.
19.30 Veður
19.35 Kastljós
19.50 Menningin Fjallað er á snarpan og líflegan hátt um það sem efst er á baugi hverju sinni í menningar- og listalífinu, jafnt með innslögum, fréttaskýringum, gagnrýni, pistlum og umræðu. Umsjón: Bergsteinn Sigurðsson og Guðrún Sóley Gestsdóttir.
20.05 Kiljan
21.00 Systur 1968 Sænsk þáttaröð í þremur hlutum um Karin, unga blaðakonu sem fær ekki draumastarfið sitt í Stokkhólmi og verður að láta sér nægja að þiggja starf hjá dagblaði í smábænum Ystad. Hún flyst þangað ásamt vinkonu sinni, listakonunni Lottie, og fljótlega valda þær hræringum í samfélaginu. Aðalhlutverk: Mikaela Knapp, Maja Rung og Anna Åström. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
22.00 Tíufréttir
22.15 Veður
22.20 Verðlaunahátíð Norðurlandaráðs 2019 Upptaka frá Verðlaunahátíð Norðurlandaráðs þar sem hin árlegu menningarverðlaun eru afhent. Verðlaunin eru afhent á sviði bókmennta, tónlistar, kvikmynda og náttúru- og umhverfismála. Hátíðin fór fram þriðjudaginn 29. október í Stokkhólmi.
23.35 Kveikur
00.10 Dagskrárlok

GOLFSTÖÐIN

08.00 The Zozo Championship Útsending frá The Zozo Championship á PGA-mótaröðinni.
12.00 Golfing World Skemmtilegur þáttur sem fjallar um allt sem við kemur golfheiminum.
12.50 BMW Ladies Championship Útsending frá BMW Ladies Championship á LPGA-mótaröðinni.
16.50 Golfing World
17.40 BMW Ladies Championship
20.40 BMW Ladies Championship
01.10 Golfing World
02.00 HSBC Champions Bein útsending frá HSBC Champions á Heimsmótaröðinni.

SJÓNVARP SÍMANS

06.00 Síminn + Spotify
08.00 Dr. Phil
08.45 The Late Late Show
09.30 Síminn + Spotify
11.55 Everybody Loves Raymond
12.20 The King of Queens
12.40 How I Met Your Mother
13.05 Dr. Phil
13.50 Single Parents
14.15 Ást
14.50 Top Chef
16.00 Malcolm in the Middle
16.20 Everybody Loves Raymond
16.45 The King of Queens
17.05 How I Met Your Mother
17.30 Dr. Phil
18.15 The Late Late Show
19.00 America's Funniest Home Videos
19.20 The Good Place
19.45 Life in Pieces
20.10 Survivor
21.00 New Amsterdam
21.50 Stumptown
22.35 Beyond
23.20 The Late Late Show
00.05 NCIS
00.50 The Loudest Voice
01.45 The Passage
02.30 In the Dark (2019)
03.15 The Code (2019)
04.00 Síminn + Spotify

RÚV RÁS EITT

06.45 Morgunbæn og orð dagsins
06.50 Morgunvaktin
07.00 Fréttir
07.30 Fréttayfirlit
08.00 Morgunfréttir
08.30 Fréttayfirlit
09.00 Fréttir
09.05 Segðu mér
09.45 Morgunleikfimi
10.00 Fréttir
10.03 Veðurfregnir
10.13 Á reki með KK
11.00 Fréttir
11.03 Mannlegi þátturinn
12.00 Fréttir
12.02 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.40 Veðurfregnir
12.50 Dánarfregnir
12.55 Samfélagið
14.00 Fréttir
14.03 Tónlist frá A til Ö
15.00 Fréttir
15.03 Samtal
16.00 Síðdegisfréttir
16.05 Víðsjá
17.00 Fréttir
17.03 Lestin
18.00 Spegillinn
18.30 Stormsker
18.50 Veðurfregnir
18.53 Dánarfregnir
19.00 Endurómur úr Evrópu
20.35 Mannlegi þátturinn
21.30 Kvöldsagan: Að breyta fjalli
22.00 Fréttir
22.05 Veðurfregnir
22.10 Samfélagið
23.05 Lestin
00.00 Fréttir
00.05 Næturútvarp Rásar 1

STÖÐ 2 BÍÓ

10.20 The Mercy
12.00 Mary Shelley
14.00 A League of Their Own
16.05 The Mercy
17.50 Mary Shelley
19.50 A League of Their Own
22.00 All the Money in the World
00.15 Brokeback Mountain
02.25 The Tale
04.15 All the Money in the World

STÖÐ 2

07.00 Two and a Half Men
07.25 Friends
07.45 Grey's Anatomy
08.30 Ellen
09.15 Bold and the Beautiful
09.35 Mom
09.55 The Last Man on Earth
10.20 The Good Doctor
11.05 PJ Karsjó
11.40 Bomban
12.35 Nágrannar
13.00 Lóa Pind: Bara geðveik
13.50 Grand Designs: Australia
14.40 Í eldhúsi Evu
15.20 Jamie's Quick and Easy Food
15.55 Six Robots and Us
17.00 Bold and the Beautiful
17.20 Nágrannar
17.45 Ellen
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.55 Ísland í dag
19.10 Sportpakkinn
19.20 Veður
19.25 Víkingalottó
19.30 First Dates
20.20 Ísskápastríð
20.55 Grey's Anatomy
21.40 The Good Doctor
22.25 Orange is the New Black
23.25 Room 104
23.55 Góðir landsmenn
00.25 Mr. Mercedes
01.30 Springfloden
02.15 Springfloden
03.00 Springfloden
03.45 Atomic Homefront

STÖÐ 3

19.15 The Middle
19.40 The Big Bang Theory
20.00 Friends
20.25 Seinfeld
20.50 Splitting Up Together
21.15 Roswell, New Mexico
22.00 Shetland
23.00 Underground
23.40 Supergirl
00.25 Batwoman
01.10 The Big Bang Theory
01.35 Tónlist

STÖÐ 2 SPORT

07.00 Sheffield Wednesd. - Leeds
08.40 Formúla 1. Mexíkó - Keppni
11.00 Brescia - Inter
12.40 Deportivo - Atletico Mad.
14.20 Barcelona - Real Valladolid
16.00 Everton - Watford
17.40 Manch. City - Southampton
19.20 Liverpool - Arsenal Bein útsending frá leik í enska deildabikarnum.
21.30 Atlanta Falcons - Seattle Seahawks
23.50 Snæfell - Haukar

STÖÐ 2 SPORT 2

20.00 Chelsea - Manchester United Bein útsending frá leik í enska deildabikarnum.

STÖÐ 2 SPORT 3

18.20 Haukar - ÍBV Bein útsending frá leik í Olís-deild karla.

STÖÐ 2 SPORT 4

17.55 Valencia - Sevilla Beint.
20.10 Real Madrid - Leganes Beint.

STÖÐ 2 SPORT 5

17.55 Napoli - Atalanta Beint.
19.55 Juventus - Genoa Beint.

STÖÐ 2 SPORT 6

19:05 Snæfell - Haukar Bein útsending frá leik í Domino's-deild kvenna.

ÚTVARP

FM 88,5 XA-Radíó
FM 89,5 Retro
FM 90,1 Rás 2
FM 90,9 Gullbylgjan
FM 93,5 Rás 1
FM 95,7 FM957
FM 96,3 FM Suðurland
FM 96,7 Létt Bylgjan
FM 97,7 X-ið
FM 98,9 Bylgjan
FM 99,4 Útvarp Saga
FM 100,5 K100
FM 102,9 Lindin

4 TITLAR, GEGGJAÐ VERÐ!

TILBOÐSVERÐ: 5.299.-
Verð áður: 6.999.-

Sterkasta kona í heimi

TILBOÐSVERÐ: 5.299.-
Verð áður: 6.999.-

Helköld sól

TILBOÐSVERÐ: 5.299.-
Verð áður: 6.999.-

Stelpur sem ljúga



TILBOÐSVERÐ: 5.299.-
Verð áður: 6.999.-

Aðferðir til að lifa af

Café
AUSTURSTRÆTI • SKÓLAVÖRÐUSTÍG
LAUGAVEGI • AKUREYRI • VESTMANNAEYJUM

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4
Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind
Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Krossmóa 4
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1
Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverða er til og með 31. október eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.

Bókaormarnir Páll Valsson, útgefandi með miklu meiru, og Einar Már Guðmundsson, stórskáld og rithöfundur, voru að sjálfsögðu mættir.

Árekstur menningarheima í boði Ólafs Jóhanns

Ólafur Jóhann Ólafsson fagnaði með spenntum væntanlegum lesendum í Ásmundarsal í gær þegar útgefandi hans blés til hófs í tilefni af útkomu skáldsögunnar Innflytjandinn.

Rithöfundurinn Ólafur Jóhann Ólafsson hefur alið manninn í Bandaríkjunum nánast allan sinn höfundarferil þar sem hann hefur dansað hárfínan línudans milli skáldskaparins og kaldhamraðs raunveruleika viðskiptalífsins.

Íslandsheimsóknir hans teljast því jafnan til tíðinda, ekki síst þegar hann er með nýja skáldsögu í farteskinu, þannig að eðlilega var fjölmenni í útgáfuhófi hans í Ásmundarsal í gær þegar hann fylgdi sinni nýjustu bók, Innflytjandanum, úr hlaði.

Ólafur Jóhann er vanur lofi og verðlaunum og hlaut einróma lof fyrir síðustu bók sína, Sakramentið, sem kom út 2017 og ef marka má forleggjara hans er fyrirsjáanlegt að hann endurtaki leikinn með Innflytjandanum þar sem hann „sýnir allar sínar bestu hliðar og í stórbrotinni sögu sem kemur á óvart“.

Atburðarás Innflytjandans hefst þegar innflytjandi finnst látinn úti í Örfirisey á dimmum og köldum febrúardegi. Um sömu helgi verða landsmenn helteknir af hvarfi ungrar, íslenskrar stúlku sem gufar sporlaust upp í myrkrinu, snjónum og ófærðinni. **toti@frettabladid.is**

Pétur Már Ólafsson, forleggjari Ólafs Jóhanns hjá Bjarti og Veröld, og rithöfundurinn höfðu ærna ástæðu til að fagna í gær.

Fréttakonan Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir var svona líka ljómandi kát í hauströkkrinu.

Ásdís Árnadóttir og Ólöf Sigurðardóttir kíktu á Ólaf Jóhann og Innflytjandann í Ásmundarsal. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Jón Kaldal blaðamaður til áratuga tók stöðuna á Ólafi Jóhanni.

Guðný Magnúsdóttir, Haraldur Sigurðsson, Valdimar Harðarson og Guðleif Helgadóttir gættu þess að missa ekki af Ólafi Jóhanni og Innflytjandanum.

Gestir Ólafs Jóhanns gripu tækifærið til þess að ræða við höfundinn.

NCL DRAUMASIGLINGAR

6 sæti laus

PANAMASKURÐURINN
11. febrúar - 5. mars 2020

Great Stirrup Cay, Cartagena Puntarenas, Puerto Quetzal, Puerto Vallarta, Puerto San Lucas, Los Angeles

Verð frá kr. 575.000 á mann

PÁSKAR Í KARÍBAHAFINU
11. - 21. apríl 2020

Great Stirrup Cay, Ocho Rios á Jamaíku, Georg Town og Cozumel í Mexíkó

Verð frá kr. 410.000 á mann

SINGAPORE TIL TOKYO
11. apríl - 5. maí 2020

Ho Chi Minh í Víetnam, Hong Kong og Shanghai í Kína, Hiroshima, Kochi Shimizu, Yokohama og Tokyo í Japan

Verð frá kr. 840.000 á mann

ATLANTSHAFIÐ
20. apríl - 10. maí 2020

Azoreyjar, Lissabon, Cadiz (Sevilla) Malaga, Mallorka, Barcelona, Cannes Livorno, Civitavecchia, Róm

Verð frá kr. 470.000 á mann

FREE AT SEA
ALLT INNIFALIÐ Í ÖLLUM SIGLINGUM

EKKI BORGA MEIRA EN ÞÚ ÞARFT

MIÐJARÐARHAFIÐ
28. maí - 8. júní 2020

Napolí, Civitavecchi, Livorno Flórens, Písa, Cannes, Palma á Mallorka, Barcelona

Verð frá kr. 395.000 á mann

10 sæti laus

EYSTRASALTIÐ
16. - 25. júní 2020

Warnemunde í Þýskalandi, Tallin St. Pétursborg í Rússlandi, Helsinki Nynashamn og Kaupmannahöfn

Verð frá kr. 380.000 á mann

FLJÓTASIGLINGAR
15. - 22. júlí 2020

Siglt eftir ánni Rohne með glæsiskipinu Rhone Princess og Lyon. Gönguferð í hverri höfn

Verð frá kr. 305.000 á mann

MIÐJARÐARHAFIÐ
4. - 15. sept. 2020

Napolí, Cvitavecchi, Livorno Flórens, Písa, Cannes, Palma á Mallorka, Barcelona

Verð frá kr. 385.000 á mann

12 sæti laus

ÍTALÍA OG EYJAHAFIÐ
7. - 21. sept. 2020

Kotor, Svartfj.landi, Dubrovnik Króatíu, Corfu, Santorini, Mykonos, Grikklandi, Napolí, Livorno, Ítalíu

Verð frá kr. 470.000 á mann

KARÍBAHAFIÐ
19. nóv. - 1. des. 2020

Puerto Plata í Dóminíska lýðveldinu, St. Thomas, Tortola og Great Stirrup Cay

Verð frá kr. 345.000 á mann

JÓL Í KARÍBAHAFINU
18. - 30. des. 2020

Cozumel og Costa Maya í Mexíkó Roatán í Hondúras Harvest Caye

Verð frá kr. 425.000 á mann

NCL NORWEGIAN CRUISE LINE®

WORLD TRAVEL AWARDS

Besta skipafélagið í Evrópu 11 ár í röð og 6 ár í Karíbahafi

NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN

Sími 570 8600
www.norræna.is
Stangarhyl 1, 110 Rvk.

Hafið samband á nordanfiskur@nordanfiskur.is eða í síma 430 1700

Norðanfiskur ehf. sérhæfir sig í framleiðslu á úrvals sjávarfangi til veitinga- og stóreldhúsa.

Einnig má finna vörur Norðanfisks í neytendapakkningum í verslunum Bónus um land allt.

norðanfiskur

ÁLFABORG
- síðan 1986 -
Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is

Blekhylki.is

Blekhylki.is, S. 517 0150 – 2. hæð Smáralind

SUNSTAR
G·U·M
HEALTHY GUMS. HEALTHY LIFE.
Tannlæknar mæla með GUM tannvörum
Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?
Fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

ARTASAN
www.artasan.is

Klemens stíliseraði sjálfur myndbandið með fatahönnuðinum Hörpu Einarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Varpa fram spurningum um eitraða karlmennsku

Opnaðu myndavélina í símanum, skannaðu merkið og sjáðu nýjasta tónlistarmyndband Hatara.

Á mánudaginn kom út myndband við nýjasta lag Hatara, Klámstrákur. **Klemens**, annar söngvara sveitarinnar, segir lagið fjalla um stöðu nútímakarlmannsins í tuttugustu og fyrstu aldar samfélagi.

Síðastliðinn mánudag kom út myndband við lagið Klámstrákur með Hatara. Klemens Hannigan, annar söngvari sveitarinnar, var listrænn stjórnandi við gerð myndbandsins en hann segir það ádeilu á stöðu karlmannsins í nútíma samfélagi. Honum finnst mikilvægt að hefja umræðuna, hvort sem það er um klámfíkn, sjálfsmynd, narsissisma og eða þörfina til að sættast við sjálfan sig.

Skömm, sjálfsvorkunn og egó

„Í myndbandinu vörpum við fram spurningum um eitraða karlmennsku og sjálfsmynd tuttugustu og fyrstu aldar karlmannsins. Ég er að líta inn á við og skoða hvar ég stend í minni kynverund og -vitund. Hvernig mér finnst ég passa inn í samfélagið. Í myndbandinu snertum við á þemum á borð við skömm, sjálfsvorkunn og egóið," segir Klemens.

Karen Briem og Andri Hrafn Unnarsson hafa verið sérlegir stílistar bandsins til þessa en hafa verið mikið erlendis undanfarið. Klemens fékk því fatahönnuðinn og listakonuna Hörpu Einarsdóttur til liðs við sig og stíliseruðu þau útlit og klæðnað í sameiningu. Hljómsveitin notaði einmitt mikið af flíkum frá merki Hörpu, Myrka, þegar þeir komu fram í Tel Avív um árið.

> **ÞAÐ GEKK MJÖG VEL FYRIR SIG. VIÐ VORUM AÐ DILLA OKKUR OG HNYKLA ALLS KONAR VÖÐVA Í LÍKAMANUM SEM MAÐUR NOTAR EKKI DAGSDAGLEGA.**

„Harpa steig inn mjög sterk. Svo leikstýrðum við Baldvin Vernharðsson og klipptum myndbandið. Áhorfendur geta svo túlkað myndbandið á mismunandi vegu. Hvort sem þá að Matthías sé í hlutverki geðlæknis og ég sjúklingur og hann sé í raun að reyna að lækna mig af klámstrákseinkennum eða við séum tvær hliðar á sama einstaklingnum að berjast í togstreitu."

Langur súlufimistími

Klemens fór í einkatíma í súlufimi hjá Eríal Pole þar sem hann lærði réttu handtökin hjá Guðrúnu Helgu Reynisdóttur, en hann sýnir glæsilega takta í myndbandinu.

„Það gekk mjög vel. Við vorum að dilla okkur og hnykla alls konar vöðva í líkamanum sem maður notar ekki dagsdaglega."

Hve lengi þurftir þú að æfa fyrir myndbandið?

„Ég fór bara í einn tíma."

Bara einn tíma?

„Já, en hann var mjög langur. Við vorum í fjórar vikur í einangrun á Hatarakommúnan

En hvar var myndbandið gert?

„Bara í stofunni heima og í skurðstofunni okkar. Þetta var skurðstofa 3 í höfuðstöðvum Svikamyllu ehf. þar sem allir sem starfa með Hatara eða eru á launaskrá hjá fyrirtækinu verða að búa saman í kommúnu. Þau fá ekkert um það að segja," segir Klemens.

Klámstrákur var frumsýnt á heimasíðu breska götublaðsins Metro, sem er alls ótengt veitingastaðnum hérlendis.

„Sunday Times var ekki að sýna þessu nógu mikinn áhuga þannig að við ákváðum að frumsýna á síðu Metro."

Næst spilar hljómsveitin á Iceland Airwaves en svo munu stórir útgáfutónleikar fara fram í febrúar til að fagna sveitarinnar fyrstu breiðskífu, Neyslutrans. Áður hafði hún þó gefið út stuttskífuna Neysluvara.

„Við spyrjum okkur spurninga um neysluhyggju og samfélagið sem við búum í á nýju plötunni."

Vegan ostakökur frá aðdáendum

Í kjölfarið fer sveitin í Evróputúr sem fengið hefur yfirskriftina Europe will crumble, það verða tveir tveggja vikna túrar. Klemens segir hljómsveitina þakkláta þeim dyggu aðdáendum sem hún á hvarvetna um heiminn.

„Við eigum góða aðdáendur sem fylgja okkur af móð. Okkur er boðið út um allan heim. Svo kemur fólk með bakaðar vegan ostakökur og býður okkur í kökuboð eftir tónleika. Í kringum Eurovision var þetta kannski flóknara og við vorum að upplifa meira áreiti og ógnandi tilburði frá þeim sem voru ósammála okkur. Núna er minna um það." **steingerdur@frettabladid**

SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson, *hlynur@frettabladid.is* , Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is*. **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

Eucerin®

HÝALÚRONSÝRA

10%
VÍTAMÍN

NÝTT

MEIRI ÚTGEISLUN OG FRÍSKARA ÚTLIT
SÖNNUÐ VIRKNI Á 7 DÖGUM

FRÉTTABLAÐIÐ

Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

Ritstjórn 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Torg. ehf

ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.

Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.

FRÉTTABLAÐIÐ
mest lesna dagblað landsins.

Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

BAKÞANKAR

Bjarna Karlssonar

Tilfinningar

Þetta hef ég lært: Tilfinningar eru hvorki réttar né rangar. Sumt er svoleiðis. Þú horfir ekki á ský á himni og segir: Þetta er rangt ský! Dreymi þig draum og segir hann vini ansar hann ekki: Já, þetta er líklega réttur draumur. Draumar, ský og tilfinningar eru dæmi um atriði sem ekki flokkast sem röng eða rétt. Við höfum margvíslegar tilfinningar, mis velkomnar. Ef við viljum vera tilfinningalega heilbrigð og sjálfstæð þurfum við að passa tvennt: Ekki bæla tilfinningarnar okkar og ekki henda þeim í andlit á fólki.

Næst þegar þú þarft að takast á við óvelkomna tilfinningu sem varðar vin eða maka prófaðu þá að segja eitthvað á þessa leið: Kæri NN, ég þarf að fá að sýna þér tilfinningu sem ég er að burðast með og varðar þig. Ég vil ekki fela hana fyrir þér og alls ekki fleygja henni í andlitið á þér. En mig langar að vita hvort ég megi leggja hana hér á borðið og sýna þér. Þessi tilfinning er ekki rétt. Hún er heldur ekki röng. En hún hefur lamandi áhrif á mig og ég trúi því að samband okkar yrði heilla og sannara ef ég mætti ræða þetta við þig.

Og vittu til. Ef ykkur tekst að tala saman og vera ekki hrædd við að vera hrædd eða miður ykkur yfir því að vera miður ykkar, þá mun vonda tilfinningin hætta að vera lamandi. Hún mun e.t.v. hryggja þig áfram og jafnvel vin þinn líka, en með því að bæla hana hvorki né kasta í andlit heldur setja á hana nafn, missir hún lömunarmáttinn. Í stað lamandi skammar kemur skapandi hryggð vegna þess að þú ákvaðst að skamma ekki sjálfa(n) þig með bælingu eða álasa öðrum, heldur tókstu ábyrgð á eigin tilfinningu og treystir því að vinur þinn bæri líka ábyrgð á sér.